

# DV



„Þess vegna segi ég þessa sögu“

## „Ætlar þú að drepa mig fyrir framan börnin?“

■ Hildur sakar Magnús um skelfilegt ofbeldi ■ Magnús hafnar ásökunum 42-46

# KARLAR SEM DREPA KONUR

■ Ofbeldi gegn konum á Íslandi ■ 10 konur drepnar af mökum eða elskhugum á 30 árum 24-26

■ Vanda-  
mál á Íslandi

## Þau ættu ekki að þúa á Íslandi

■ Mega Vika og Pungsi Pungsi þar á meðal 28



## AUÐMAÐUR LEIGDI ÞYRLU GÆSLUNNAR

■ Tveggja tíma flug yfir Jökulsárlón 4



Aðdáendur Rich Piana ósáttir

## SÖRU HÓTAÐ LÍFLÁTI

■ Óhugnanlegar upptökur 12

## Ótrúlegur árangur Guðnýjar



# 63 KÍLÓUM LÉTTARI

■ Fannst hún of feit fyrir ræktina 56-57

## Ekkert rafmagn, klósett, sími eða rennandi vatn



# Blómey og Óskar í kofa á Hellisheiði

■ Ásdís Halla: „Amma var í fangelsi“ 8-10

BÍLAMÁLUN OG RÉTTINGAR

## VÖNDUÐ VINNU BRÖGÐ



**Bílastjarnan**

Bæjarflöt 10 | S: 567 8686 | bilastjarnan.is

## Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík  
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is



## Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



**Webasto**  
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



## LOF & LAST

– Illugi

Ég hef sterkan grun um að þau Andrés Ingi og Rósa Björk hafi mátt sæta gríðarlegum þrýstingi félaga sinna í þing-flokki VG um að greiða atkvæði með Sigríði Andersen. En þau stóðust þrýstinginn og stóðu með sannfæringu sinni. Jafnvel burtséð frá málinu sjálfu, þá er slíkt alltaf lofsvert.

Guðlaugur Þór utanríkisráðherra gæti stigið ágætt skref til að bæta stjórnsýslu í landinu með því að auglýsa stöður sendiherra, eins og Ríkisendurskoðun og fleiri vilja. En hann neitar og vill áfram hafa sendiherrastöður sem mögulega bitlinga fyrir flokksdindla og áfdankaða pólitíkusa. Þá afstöðu ber að harma.



### Síðustu orðin

... segir sagan

„Látið mig fá skothelt vesti.“

Mordinginn James W. Rodgers fyrir framan aftökusveit í Utah í Bandaríkjunum, aðspurður hvort hann ætti einhverja síðustu ósk. – 30. mars 1960.

### Á þessum degi ...

**1796** – Napóleón Bonaperte kvæntist fyrstu eigin konu sinni, Joséphine de Beauharnais. Um var að ræða annað hjónaband Joséphine en eiginmaður hennar, Alexander, var gerður höfðinu styttri í frönsku byltingunni. Joséphine tókst ekki að verða barnshafandi og það hugnaðist Napóleón ekki og hann skildi við hana árið 1810.



**1841** – Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðar í máli varðandi spánsku skonnortuna Amistad. Skonnortan hafði verið við strendur Kúbu, drekkhlaðin þrælum frá Sierra Leóne, þegar þrælarnir tóku ráðin í eigin hendur og yfirbuguðu áhöfnina. Úrskurður Hæstaréttar var að þrælarnir hefðu verið í fullum rétti, sem frjálsir menn, til að grípa til aðgerða.

**1908** – Knattspyrnufélagið Inter Milan er stofnað í kjölfar klofnings innan Kríkket- og knattspyrnu-klúbbs Milanó.

**1959** – Barbie-dúkkan kemur fyrst fyrir almenn-ingssjónir á alþjóðlegri leikfangasýningu í New York-borg.



**2011** – Geimskutlan Discovery kemur inn til lendingar í síðasta skipti, eftir 39 ferðir út í geim.



## Alvarlegt slys Íslendinga á Spáni:

# „Ég veit ekki hvar þessi martröð endar“

■ Kristín og sonur hennar í alvarlegu slysi ■ Í desember dó annar sonur hennar

Hjálmar Fríðriksson  
hjalmar@dv.is



**F**imm Íslendingar lentu í alvarlegu bílslysi á Spáni á dögunum. Þrjú slösuðust einna mest en það voru Kristín Guðmundsdóttir, sonur hennar, Guðmundur Freyr Magnússon, og vinkona Kristínar. Í desember lést sonur Kristínar en líkt og DV hefur áður greint frá þá telur hún hann hafa verið drepinn. Guðmundur Freyr er stórslasaður og um tíma leit út fyrir að hann væri lamaður.

„Það er greinilega ekki nóg á mann lagt að Valdi minn kvaddi þennan heim 12. desember og svo þetta núna. Ég veit ekki hvar þessi martröð endar. Maður er ekki búinn að jafna sig á einu áfallinu þegar það kemur annað. Það er engin hættu á því að ég sé að fara að yfirgefa hann fyrr en hann getur bjargað sér sjálfur,“ segir Kristín.

DV greindi frá því í janúar að Kristín væri sannfærð um að annar sonur hennar, Þorvaldur, hafi verið myrtur í Fossvogsdal í desember. Hún hefur máli sínu til stuðnings bent á að á líkinu hafi verið áverkur og Þorvaldur sætt hótunum dagana fyrir andlát. Hún segir að krufningarskýrsla sé tilbúin en henni hafi ekki gefist tækifæri til að skoða hana nánar þar sem annað áfall hafi riðið yfir.

### Óvíst með batahorfur

Fyrst um sinn virtist sem Guðmundur Freyr væri lamaður fyrir lífstíð en svo reyndist ekki vera sem betur fer. Hann hlaut þó alvarlega áverka á taugum og mænu. Þrátt fyrir að hann sé ekki talinn vera lamaður fyrir lífstíð þá er hann nær alveg rúmfastur nú og ljóst að langt bataferli er framundan.

„Hann getur hreyft tærnar og lyft hnjónum. Svo tók lækningarnar hann fram úr rúminu í dag [síðastliðinn mánudag, innsk. blm.]



og hann reyndi að stíga hænu-skref úr rúminu og aftur upp í. Síðan kom baksérfræðingur til að meta taugaskaðann, sem er mikill. Hann virðist ekki vera lamaður en það er ekkert sem þeir geta sagt með vissu. En hversu mikið þetta gengur til baka vitum við ekki. Þetta er heilmikill skaði,“ segir hún en í vikunni hóf Guðmundur endurhæfingu vegna slyssins.

### Svakalegt högg

Kristín er sjálf illa tognuð í baki og vinkona hennar slasaðist á höfði, baki og mjaðmagrind. „Ég er bara

ofboðslega fegin að ég hætti við að biðja hann um að skipta um sæti. Þá væri ég meira en lömuð upp á spítala, ég hugsa að ég hefði dáðið. Þetta var mjög slæmur árekstur því bílinn kom bara fljúgandi inn í okkur. Við vorum að taka u-beygju, við litum öll bæði til hægri og vinstri, það var engin umferð úr hvorugri áttinni. Við vorum að klára að taka u-beygjuna þegar bílinn kom inn í afturdekkið. Höggðið var svo svakalegt að það sneri bílnum,“ segir Kristín.

Hún segir farir sínar ekki alveg sléttar af heilbrigðiskerfinu á

Spáni: „Það kom einn sjúkrabíll, við báðum um tvo þar sem við vorum fimm í bílnum. Það er farið með son minn og vinkonu mína í sama sjúkrabílnum en ég varð að taka leigubíl upp á sjúkrahús. Lögga neitaði að skutla mér, þótt ég stæði varla undir sjálfri mér enda illa tognuð í baki. Vinkona mín lenti í bílslysi árið 2013 og það mölbrotnaði á henni mjaðmagrindin. Það gekk eitthvað til baka hjá henni,“ segir Kristín sem bætir við að hún dvelji nú hjá yndislegum manni sem sé henni innan handar á þessum erfiðu tímum. ■

## 5 ný hverfi Eypórs Arnalds

Það vakti athygli þegar Eypór birtist í sjónvarpssetti Omega. Oddviti Sjálfstæðisanna var sakaður um að vera þar eingöngu til að ná sér í atkvæði ofsatrúarfolks en Eypór gaf þá skýringu að hann hefði sett sér þá reglu að ræða við alla fjölmiðla. Þá hefur Eypór lýst yfir áhuga á að stofna tvö ný hverfi. Eitt í Örfirisey og annað við Keldur. DV stingur upp á fimm nýjum hverfum og þannig geti Eypór halað inn atkvæði frá öllum trúarhópum og Reykjavík yrði hans.



- 1** Hverfið í Örfirisey gæti heitið Umskurðarey. Hver myndi ekki vilja eiga heima í Forhúðarstræti í Umskurðarey?
- 2** Keldur yrðu Golgatahverfi eða Edenshvarf.
- 3** Hverfið umhverfis Reynisvatn gæti heitið Litla-Medína. Tilvalinn staðsetning fyrir víninnflytjandann Mekka.

- 4** Byggðin í Úlfarsárdal fengi nafnið Búddabær. Stóra gatan gæti heitið Ganges og leitt upp að Konfúsíusarbrunn.
- 5** Trúleysingjar fá Geldinganes, sem myndi heita Hindurvítnagríð.





# Þú afgreiðir framtalið þitt á aðeins **fimm** mínútum

## Skilafresti lýkur 13. mars

Á Íslandi sparar rafræna tæknibyltingin framteljendum mikinn tíma frá því sem áður var. Nú geta fjölmargir yfirfarið skattframtalið sitt á örfáum mínútum. Framtalið þitt er tilbúið og aðgengilegt á skattur.is með rafrænum skilríkjum eða veflykli RSK með innsendum upplýsingum frá launagreiðendum, fjármálastofnunum og fleirum.

Aðstoð verður veitt í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:00-15:30. Afgreiðslur eru opnar á sama tíma.

Auk þess verða afgreiðslur RSK á Laugavegi og á Akureyri opnar til kl. 18:00 mánudaginn 12. mars, þriðjudaginn 13. mars og föstudaginn 16. mars.

Framtalsaðstoð er einnig veitt í síma á sama tíma.

### Þú einfaldlega...

...opnar framtalið

...ferð yfir allar upplýsingar

...breytir ef ástæða er til

...staðfestir

## BUBBI FALINN

„Höfuðið þitt getur verið óvinurinn en líka það eina sem þú getur kallað sannan vin. Þú ræður hvað það verður.“ sagði Bubbi Morthens í innblásinni Twitter-færslu í vikunni. Eins og síðustu vikurnar er Bubbi vandlega falinn á síðum blaðsins. Í síðustu viku leyndist ásjóna meistarans undir hálsi kameldýrs á blaðsíðu 59. Fjölmargar lausnir bárust frá lesendum en loks var **Jóhann Magnús Hafliðason** sá heppni sem var dreginn út. Hlýtur hann gjafabréf á veitingastað að launum. Lesendur eru hvattir til þess að leita að Bubba í blaðinu og senda lausnir á [bubbi@dv.is](mailto:bubbi@dv.is). Dregið er úr innsendum lausnum.



Finndu Bubba í blaðinu

### Það er staðreynd að ...



fyrsti útdrátturinn í Víkingalottó þar sem Ísland tók þátt var 17. mars 1993. Fyrsti vinningur var 36,3 milljónir. Einn Íslendingur var með sex tölur réttar og fékk 12,1 milljón króna í sinn hlut.




hægt var að kaupa notaðan Silver Cross-barnavagn á þúsund krónur haustið 1959. Vagninn mátti sækja í kjallara á Bergstaðastræti.



Það er fritt í strætó í Tallinn í Eistlandi. Þú þarft hins vegar að vera skráður íbúi í borginni.



Alþýðublaðið valdi Bryndísi Hlööversdóttur sem efnilegasta nýliðann á Alþingi árið 1996. Hún hætti á þingi 2005.



Breti að nafni Frederic W.W. Howell segist hafa verið fyrstur til að ganga á Hvannadalshnúk. Það mun hann hafa gert árið 1891.

# Þyrlan leigð undir útsýnisflug með aukkýfing



■ Tveggja tíma flug yfir Jökulsárlón ■ Fjölmennt fylgdarlið um borð

**Landhelgisgæslan** TF-SYN fór í tveggja klukkustunda útsýnisflug yfir Jökulsárlón um síðastliðna helgi. Um borð var aukkýfingur ásamt fjölmennu fylgdarliði. SAMSETT MYND / DV

**Björn Þorfinnsson**  
[bjornth@dv.is](mailto:bjornth@dv.is)



**S**íðastliðinn laugardag var TF-SYN, ein af þyrlum Landhelgisgæslunnar, nýtt til að fljúga með stóran hóp á vegum erlends auðmanns í útsýnisflug yfir Jökulsárlón. Ferðin tók um tvær klukkustundir og þurfti sérstaklega að breyta innvolsi þyrlunnar svo hún hentaði undir farþegaflutninga. Talsmaður Landhelgisgæslunnar segir að slíkar beiðnir séu afar fáttíðar og hvert og eitt tilviki sé metið sérstaklega. Þá sé önnur áhöfn og þyrla til taks ef upp kemur útkall sem bregðast þarf við. Í janúar var stjórnendum Landhelgisgæslunnar gert að finna leið til að hækka sértekjur stofnunarinnar en um 60 milljónir króna vantar inn í reksturinn.

#### Heimild til slíkra samninga

Landhelgisgæslan starfrækir þrjár þyrlur, TF-LIF, TF-GNA og TF-SYN. Sú síðastnefnda var notuð í útsýnisflugdið. Hún er nýjasta viðbótin í flota Landhelgisgæslunnar en hún var leigð af norska fyrirtækinu Norsk Helicopter í febrúar 2012. Þyrlan tekur 18 farþega auk 5 manna áhafnar sem var einmitt ástæða þess að leitað var til Landhelgisgæslunnar vegna útsýnisflugsins. Fylgdarlið auðmannsins var æði fjölmennt og íslensk þyrluþjónustufyrirtæki réðu ekki við verkefnið.

„Beiðnin kom til flugdeildar í gegnum innlenda þyrluþjónustu sem gat ekki orðið við tæknilegum öryggiskröfum varðandi ferðina. Í svona tilvikum þarf verkbeiðandi að senda staðfestingu þess efnis að leitað hafi verið allra leiða til þess að leysa verkefnið, áður en haft er samband við okkur. Landhelgisgæslan hefur heimild í lögum til þess að ganga til slíkra samninga. Aðstæður voru heppilegar í þessu tilviki og því var ákveðið að fara í verkið,“ segir Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs Landhelgisgæslunnar. Hann segir að verkefnið sé ekki öðruvísi en ýmis verkflug sem Landhelgisgæslan tekur af og til að sér, til dæmis krókavinnu.

#### Viðbúnaðargeta ekki skert

Í nýlegri skýrslu innanríkisráðuneytisins vegna væntanlegra þyrlukaupa Landhelgisgæslunnar kemur fram að til þess að stofnunin geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu þurfi hún að hafa tvær þyrlur til taks allan sólarhringinn allt árið um kring. Einnig er þar bent á að það þurfi sjö til átta áhafnir í vaktavinnu til að manna þyrlurnar allan sólarhringinn.

Aðspurður hvort ekki hefði getað skapast hætta á meðan að TF-SYN var upptekin við að sinna verkefni í ferðaþjónustu segir Ásgrímur svo ekki vera. „Áhöfn þyrlunnar í þessari ferð var keypt að hluta til. Það var því önnur þyrlu-

„Áhöfn þyrlunnar í þessari ferð var keypt að hluta til. Það var því önnur þyrluáhöfn og þyrla til taks ef nauðsyn bæri til.“

áhöfn og þyrla til taks ef nauðsyn bæri til. Að okkar mati var því um viðbótargetu að ræða. Það er forsenda fyrir því að taka að sér slík verkefni að viðbúnaðargeta okkar sé ekki skert,“ segir Ásgrímur. Hann segir að ef allt hefði farið á versta veg og þyrluna hefði þurft í brýnt neyðartilfelli þá hefði útsýnisflugdið verið stöðvað, farþegarnir settir út við heppileg skilyrði og þyrlunni flogið til bjargar.

Ásgrímur vildi ekki veita upplýsingar um tekjur Landhelgisgæslunnar af verkefnum eða hver það var sem flogið var með.

#### Áttu að auka sértekjur

Tíðar fréttir hafa verið af önnum flugdeildar Landhelgisgæslunnar. Árið 2016 var metár þegar 251 útkall var skráð, ári síðar voru þau orðin 257 og tíðni útkalla það sem af er ári er slík að reikna má með öðru metári. Fleiri útköll þýða að minni tími gefst til að sinna eftirliti, löggæslu og þjálfun áhafna.

Þá hefur ítrekað komið fram undanfarin ár að Landhelgisgæslunni er naumt skammtað fé.

Í fjárlögum fyrir árið 2018 var enn frekar skorið inn að beini í rekstri stofnunarinnar en þá voru framlög til rekstrar lækkuð um 20,2 milljónir króna. Sögðu forsvarsmenn stofnunarinnar að um sextíu milljónir króna vantaði upp á tekjuhlöðina fyrir árið í fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Í kjölfarið kviknuðu hugmyndir um að leigja TF-SYN til verkefna erlendis í tvo mánuði hið minnsta á þessu ári. Þeim hugmyndum var sópað af borðinu eftir fund stjórnenda Landhelgisgæslunnar með embættismönnum í dómsmálaráðuneytinu um miðjan janúar.

Í viðtali við RÚV sagði Sveinn H. Guðmarsson, þáverandi upplýsingafulltrúi Gæslunnar, að þyrlan yrði ekki leigð út erlendis en stofnunin ætti að finna leiðir til þess að hækka sértekjur sínar. „Við erum ekki búin að finna þær leiðir, eins og sakir standa, enda er þetta tilkomið mjög nýlega, en það ætti að koma í ljós síðar,“ sagði Sveinn orðrétt í viðtalinu.

Í ljósi þessara tíðinda af útsýnisflugi með aukkýfing og fylgdarlið hans þá er ekki úr vegi að spyrja hvort sú tekjuleið sé fundin. Ásgrímur segir svo ekki vera. „Beiðnir sem þessar berast sárásjaldan inn á okkar borð. Ef mig minnir rétt þá eru að minnsta kosti fimm ár síðan farið var í slíkt verkefni. Ég efast því stórlega um að slíkar ferðir verði reglulegar,“ segir Ásgrímur. ■

## Óbyggðaævintýri með Gæslunni



### Svarthöfði

**S**varthöfði var skemmt yfir lestri fréttarinnar hér að ofan um útsýnisflug Landhelgisgæslunnar.

Þyrlan, TF-SYN, var leigð erlendum auðmanni sem þurfti nauðsynlega að skoða Jökulsárlón. Að sjálfsgöðu þótti eðlilegt að verða við þeirri beiðni og í raun má velta fyrir sér hvers vegna floti gæslunnar; sem samanstendur af þyrlu, flugvél og varðskipum,

sé ekki notaður oft fyrir erlenda túrista. Það er eins og menn þar á bæ átti sig ekki á öllum tekjumöguleikum.

Landhelgisgæslan, eins og aðrar opinberar stofnanir, glímur við ákveðinn rekstrarvanda. Milljónir vantar í reksturinn og þá eru góð ráð dýr. Leita þarf leiða til að stilla bókhaldið af og hvaða leið er betri en að þjónusta erlenda auðmenn sem eru uppfyllir af ævintýraprá?

Möguleikarnir fyrir Georg Lárússon, forstjóra Gæslunnar, eru endalausir. Hvaða skíðaáhuga-

maður með veski fullt af peningum væri ekki til í að borga nokkra hundrað þúsund kalla fyrir að láta skutla sér upp á jökul og skíða niður? Byssuáhugamenn, til dæmis frá Bandaríkjunum, gætu fengið að skjóta úr fallbyssunum sem eru um borð í varðskipunum. Moldrikir adrenalínfíklar gætu fengið að fara með sigmanni Gæslunnar og síga niður í skip sem grunuð eru um landhelgisbrot. Og svo loks þegar eldgos brýst út verður sannkölluð gósentíð, enda yrði ásóknin í útsýnisferðir væntanlega mikil.

Á tímum þegar þröngt er í bú þarf að hugsa út fyrir kassann og miðað við frétt DV í dag er það nákvæmlega það sem Georg og félagar eru að gera. Þeir þurfa bara að stíga skrefið til fulls og fara „allin“.

Þessar örfáu hugmyndir gætu skilað stofnuninni tugum milljóna í kassann á hverju ári. Ferðaþjónustudeild Landhelgisgæslunnar myndi hreinlega moka inn seðlum sem er það sem lífið snýst um, eins og aukkýfingarnir og nýjustu kúnnar Gæslunnar vita. ■

# Stórsýningin Verk og vit



2018 Íslenskur byggingariðnaður,  
skipulagsmál og mannvirkjagerð

Laugardalshöll 8.–11. mars

## Velkomin!

Sýning • ráðstefna • viðburðir

Allt það nýjasta í íslenskum byggingariðnaði,  
skipulagsmálum og mannvirkjagerð



### OPNUNARTÍMI

Föstud. 9. mars  
Laugard. 10. mars  
Sunnud. 11. mars

### FAGAÐILAR

kl. 11-19  
kl. 11-17  
kl. 12-17

### ALMENNIR GESTIR

kl. 11-17  
kl. 12-17

Verð aðgöngumiða kr. 2.500 kr. 1.500

Aðgöngumiði fagaðila gildir alla sýningardagana  
Miðasala við innganginn

Nánari upplýsingar á  
[verkogvit@verkogvit.is](mailto:verkogvit@verkogvit.is)  
og í síma 514 1430

[www.verkogvit.is](http://www.verkogvit.is)

Framkvæmdaraðili:  
AP almannaþengsl

SAMSTARFSADILAR



ATVINNUEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



BYKO





## Tvífara vikunnar

### Megas og Grímur

Tvífara vikunnar að þessu sinni eru vinsælasti rannsóknarlög-reglumáður landsins, Grímur Grímsson, og tónlistarmaðurinn Megas. Grímur og Megas eiga það sameiginlegt að vera frábærir í sínu fagi.

## Hver er hann?



■ Er 45 ára gamall, fimm barna faðir og uppallinn Breiðhýltingur

■ Skrifaði íslenska þýðingu söngleiksins The Commitments

■ Er mikill hjólréidamaður og var verslunarstjóri í Erninum um tíma

■ Var í framboði fyrir Borgarahlönguna 2009 og Dögun 2013 og 2016 en náði ekki inn

■ Var kjörinn formaður verkalýðsfélags árið 2017 með 63 prósentum atkvæða

SVAR: RAÐHERRA ÞÓR INGLÓSSON



## Hvaða ár?

■ Íslenska hljómsveitin **GusGus** var stofnuð

■ **Ögmundur Jónasson** settist fyrst á þing

■ Bandaríska kvikmyndin **Die Hard with a Vengeance** var frumsýnd

■ **DVD**-diskar voru kynntir til sögunnar

5661 0107-0108

# 29 MILLJÓNIR Á ÖGMUNDUR INNI

Afsalaði sér ráðherraunum og gefur lítið fyrir skýringar um að það sé ekki hægt

Ari Brynjólfsson  
ari@dv.is



Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra, segir það í besta falli hlægilegt að halda því fram að þingmenn og ráðherrar geti ekki afsalað sér launum og hlunnindum. Í versta falli sé um að ræða samtryggingarkerfi ráðamanna og embættismanna.

Ögmundur var ráðherra í rúma 40 mánuði í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. Fyrst heilbrigðisráðherra árið 2009, dómsmálaráðherra árið 2010 og innanríkisráðherra frá 2011 til 2013. DV fjallaði ítarlega um greiðslur til þingmanna í síðustu viku en margt er á reiki um hvort þingmenn geti afþakkað greiðslur til sín frá Alþingi eða ekki. Í umfjölluninni kom fram að Ögmundur afsalaði sér ráðherraunum og þáði aðeins þingfararkaup í tíð sinni sem ráðherra.

Helgi Bernadósson, skrifstofustjóri Alþingis, sagði að þingmenn gætu ekki afþakkað starfsgreiðslur. „Það er ekki hægt að segja sig frá þessu.“ Varðandi ráðherraunum segir Helgi þau vera á vegum stjórnarráðsins. „Ráðherraunum eru tvískipt. Annars vegar þingfararkaup og hins vegar ráðherra-parturinn. Við greiðum þingfararkaupið, við höfum ekkert með hitt að segja,” sagði Helgi.

Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri kjara- og

mannauðssýslu ríkisins, segir í svari við fyrirspurn DV að það sé ekki hægt að afþakka ráðherraunum. „Það eiga sömu reglur við hvað varðar möguleika á að afþakka greiðslur og gilda varðandi greiðslur frá þinginu, þar sem þær eru lögbundnar er ekki hægt að afþakka þær.“ Þetta þýðir að sömu reglur gilda um greiðslurnar sem Ögmundur afþakkaði og greiðslurnar sem skrifstofustjóri Alþingis segir að sé ekki hægt að afþakka.

### Í besta falli hlægilegt

DV bar þetta undir Ögmundur sem var nokkuð skemmt við svar skrifstofustjórans. „Ef Gunnar Björnsson telur sig þess

umkominn að lýsa því yfir fyrir hönd ríkissjóðs að ekki sé hægt að afsala sér ráðherraunum eins og ég gerði þá vaknar sú spurning hvort hann hafi umboð til að gera þetta meinta lagabrot mitt upp og þá væntanlega einnig fyrir hönd ríkissjóðs,” segir Ögmundur. Samkvæmt lauslegum útreikningum Ögmundar þá þýðir þetta að ríkissjóður skuldi honum rúmlega 29 milljónir króna fyrir mánuðina 40 ef miðað er við launin sem ákvörðuð voru af kjararáði árið 2016. Ef miðað sé við upphæðirnar

sem voru í gildi á ráðherra-tíma Ögmundar sé upphæðin hins vegar nær 20 milljónum.

Aðspurður hvað

## Útreikningar Ögmundar

- Þingfararkaup er **1.101.194 kr.** á mánuði miðað við úrskurð kjararáðs.

- Ráðherraunum eru **1.826.273 kr.** á mánuði.

- Mismunur er **725.079 kr.**

- Ögmundur var ráðherra í **40 mánuði.**

**725.079 x 40 =**

**29.003.160 kr.**

Ögmundur hafi gert til að afþakka launin, hvort hann hafi leitað til skrifstofu Alþingis eða skrifað Fjár-sýslu ríkisins, segir Ögmundur.

„Ég man ekkert hvað ég gerði enda skiptir það engu máli. Það eina sem máli skiptir er niðurstaðan. Og hún var þessi. Allt tal um að þetta sé ómögulegt bæði varðandi afsal ráðherrauna eða hlunninda þingmanna er í besta falli hlægilegt. Í versta falli erum við að verða vitni að samtryggingarkerfi læsa að sér.“ „Ég bara gat ekki annað, annars hefði ég brotið lög, mamma bannar mér að leifa matnum!“ Veruleikinn hlýtur hreinlega að vera sá að lögin vísi til þess eins að ekki sé hægt að krefjast meira en þau kveða á um en að sjálfsögðu ekki til hins að taka minna í sinn hlut en þau heimila. Fyrir mætti nú vera. Fyrir má rota en dauðrota.“

Ætlar þú að sækja þessar 29 milljónir?

„Að sjálfsögðu ekki. Ekki nú fremur en fyrri daginn. En væntanlega munu Gunnar Björnsson og ríkissjóður eiga það við samvisku sína hvernig þeir snúa sér gagnvart þessu meinta lögbroti mínu.“ ■



Ögmundur Jónasson  
Fyrrverandi ráðherra.

## Framleiða íslenskan ost úr sænskri mjólk

Björn Porfinnsson  
bjornth@dv.is



Í byrjun árs kynnti Kú mjólkurbú ostinn Glaðningur með pomp og prakt. Um er að ræða fyrsta lífræna hvítmygluostinn á markaðinum. Osturinn er þó ekki síður merkilegur fyrir þær sakir að hann er búinn til úr lífrænni mjólk frá Svíþjóð, sem er sérstaklega flutt inn til landsins vegna framleiðslunnar. Ekki er ólíklegt að þetta sé í fyrsta skipti sem mjólk er flutt inn til ostaframleiðslu. „Þetta helgast af því að það er ekki framleitt nægilega mikið magn af lífrænni mjólk hér á landi,” segir Guðni Þór Sigurjónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Stjórnendur fyrirtækisins hafi því ákveðið að fara þessa leið og flytja inn sænska mjólk. „Þetta er fyrsti osturinn sem við framleiðum með mjólk erlendis frá. Það má því segja að um tilraunaverkefni sé að ræða en þetta fer ágætlega af stað,” segir Guðni.

Kú mjólkurbú var stofnað árið 2009 af Ólafi Magnússyni og hóf framleiðslu ári síðar. Markmið fyrirtækisins hefur frá upphafi verið að berjast gegn fákeppni á mjólkurmarkaði. Í júní 2017 var tilkynnt um kaup Ölgerðar Egils Skallagrímssonar á fyrirtækinu. ■

Sænskur glaðningur Hvítmygluosturinn lífræni er búinn til úr sænskri mjólk.




# Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,  
púðar, rúmteppi & gjafavara!  
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja  
sendingu af ilmstrám og  
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk  
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

# BJUGGU Í KOFA Á H HEIÐI FRÁ 1973 TIL

■ Ofbeldissamband í hálföld ■ Engin nútímapægindi ■ Skapofsaköst afa



6. júlí 1975

„Ég óskaði mér fjallgöngu í afmælisgjöf og amma og afi létu það eftir mér.“

MYND ÚR EINKASAFNI

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



**A** Hellisheiði, á stað sem heitir Flengingabrekka í Hveradal, stóð lítið hrörlegt hús sem sett var saman úr kassatimbri og torfi og laust við öll nútímapægindi. Þar bjuggu hjón á sjötugsaldri, Blómey Stefánsdóttir og Óskar Magnússon, á árunum 1973 til 1984 og ófu myndir af þjóðskáldum og stjórnmálamönnum. Saga þeirra er um margt dæmigerð fyrir íslenskt samfélag framan af 20. öldinni. Þau komu úr stórum systkinahópi, ólust upp við fátækt og lifðu í henni alla ævi. En þegar að er gáð er saga þessara alþýðulistamanna langt frá því hefðbundin. Ásdís Halla Bragadóttir, barnabarn Blómeyjar og stjúpbarnabarn Óskars, ræddi við DV.

„Að fara í heimsókn til þeirra sem barn var líkt því að fara aftur í tímann. En ég áttaði mig ekki strax á því að þetta var rosalega óvenjulegt. Ég hélt að sumir byggju bara svona. Þarna var ekkert rafmagn, rennandi

“ Þá sat amma í baðkarinu, kappklædd, með skrúbb og var að þvo fötin utan á sér. Hún hafði aldrei farið í bað og vissi ekkert hvernig ætti að gera það.

vatn, klósett, sími eða neitt. Þau áttu eina kolaeldavél, það var tæknin. Þarna voru nokkur heimasníðuð húsgögn eins og einn ruggustóll umvafinn teppum sem þau höfðu ofið. Rúmin voru einhverjar spýtur sem afi klastraði saman með skinni af geitum sem þau höfðu slátrað.“

„Viltu koma með mér og verða stúlkan mín?“

Blómey, gjarnan kölluð Lóa, var fædd árið 1914 inn í fjórtán systkina hóp á Austfjörðum. Lengst af bjó fjölskyldan á Reyðarfirði en



Ásdís Halla Bragadóttir

„Á þessum tíma var engin umræða um ofbeldissambönd, ekkert kvænnaathvarf eða stuðningur.“

þaðan flutti Blómey ung því henni fannst þrengslin of mikil, bæði á heimilinu og firðinum. Hana dreymdi um að verða piparmey, laus við ofríki karlmanna og engum háð. Þetta sagði hún við vinkonur sínar sem voru sama sinnis.

En Blómey fór til Siglufjarðar þar sem hún eignaðist dótturina Sigríði, kölluð Bebbu, með manni sem bjó í sama húsi árið 1939. Þá flutti einstæð móðirin til Kópaskers þar sem hún tók að sér heimilishjálpi hjá lækni staðarins.

Óskar fæddist í Pistilfirði í Norður-Þingeyjarsýslu árið 1915, eitt af fjölmörgum óskilgetnum börnum alræmds flagara sem kalladur var Merar Mangi. Hann nam búfræði við Hvanneyri og vildi hefja búskap en kreppan gaf ekkert rými fyrir það. Óskar var veturmadur á bæ í Þingeyjarsýslu þegar hann kynntist Blómey á dansleik á Kópaskeri.

„Viltu koma með mér og verða stúlkan mín?“ spurði Óskar og brá Blómey við þessa hispurlausu bön. Hún neitaði en hann gekk á eftir henni næstu daga. Fór svo að í eitt skiptið bauð hún honum upp í rúm til sín á læknisheimilinu. Uppi var fótur og fit þegar læknis-hjónin komu að og sáu Óskar nakinn. Sagði Óskar þá að Blómey væri stúlkan sín og myndi ljúka vistinni þá þegar. Blómey neitaði því ekki og hófst þá sambúð þeirra sem átti eftir að vara í meira en hálföld.

**Ofbeldissamband**

Blómey og Óskar giftu sig í Dómkirkjunni í kyrrþey að viðstöddum



# HELLIS- L 1984



”  
**Amma  
var í  
fangelsi**

prestshjónunum og engum öðrum. Í viðtali sem Ómar Ragnarsson tók árið 1996 sagði Blómey: „Við sögðum bæði já í það skiptið og þegar ég játaðist honum út fyrir gróf og dauða vissi ég að þannig yrði það af minni hálfu og yrði aldrei aftur tekið. Og þannig var það. Það var dauðinn sem aðskildi okkur.“

Saman eignuðust þau soninn Hallmar Stálöld árið 1941, nefndan í höfuðið á Sovétleiðtoganum Jósef Stalín sem Óskar hafði miklar mætur á. Hallmar var augasteinn þeirra en Óskari var aldrei vel við Sigríði stjúpdóttur sína. Í bók Ásdísar Höllu, Tvisaga, sem fjallar um fjölskyldu hennar, segir að Óskar hafi uppnefnt hana „hóruunga“. Hann var óheflaður skapofsamaður og litaður af kvenfyrirlitningu.

Snemma í sambúðinni komu upp vandræði þegar Blómey veiktist af berklum. Var hún á berklaheimilinu á Víflsstöðum í tvö ár og svo á Kristneshæli í Eyjafirði. Á Kristnesi var Blómey „hoggin í lungun“ eins og það var

kallað. Það var stór aðgerð þar sem rif voru fjarlægð og annað lungað, þar sem sýkingin var, látið falla saman. Eftir þetta var Blómey hins vegar afar veikburða í hægri handlegg.

Óskar vann í Bretavinnunni og í uppskipun í Reykjavík og gat ekki sinnt börnunum og því voru þau send í fóstur. Þegar Blómey náði bata var Hallmar sóttur en ekki Sigríður. Blómey fékk engu ráðið um fjölskylduhagi þeirra.

*Var þetta ofbeldissamband?*

„Ofbeldi getur verið andlegt og kúgun er ofbeldi. Lagði hann hendur á hana eða einhvern? Ég veit það ekki. En andlegt ofbeldi og stjórnsemi getur verið mjög yfirþyrmandi og það fer ekkert á milli mála að amma var í fangelsi þó að ég hafi ekki áttað mig á því fyrir en löngu síðar. Að henni hafi verið rænt þennan dag þegar hún fór með honum frá Kópaskeri. En amma sagði okkur aldrei neitt svona.“

*Hvað varð um sjálfstæðu og ákveðnu ungu konuna?*

„Hún sagðist hafa verið það



Systkinin Sigríður og Hallmar  
Skömmu áður en hann lést. MYNDUR EINKASAFNI

en margar konur sem lenda í ofbeldissamböndum geta sjálfar ekki útskýrt hvers vegna þær geta ekki slitið sig frá ofbeldismanninum. Á þessum tíma var engin umræða um ofbeldissambönd, ekkert kvennaathvarf eða stuðningur.“

#### Kastalinn í Blesugróf

Fjölskyldan bjó á stað sem nefndist Blesugróf, þá í útjaðri Reykjavíkur. Fleiri hús voru á svæðinu þar sem bjó fátækt verkafólk og var nokkur spölu til Reykjavíkur. Þar byggði Óskar hús og stækkaði það smám saman allan tíman meðan þau bjuggu þar. Húsið nefndist Garðstunga en var títt nefnt Kastalinn og þótti sérkennilegt í flesta staði hvað varðar arkitektúr. Ægði þar saman alls kyns byggingalist stefnum frá útlöndum, til að mynda frá sjálfum Gádí, og rataði húsið inn í erlend tímarit vegna sérstöðunnar. Húsið var reist utan skipulags og gerðu hjónin sér fyllilega grein fyrir því að borgaryfivöld gætu vísað þeim á brott, en engu að síður bjuggu þau þar í þrjá áratugi.

Blómey og Óskar ræktuðu grænmeti og tré í skikanum við Garðstungu. Einnig héldu þau ýmsar skepnur, svo sem hunda, ketti, hænsn, kalkúna og endur. Engin nútímaþægindi voru hins vegar í húsinu, rafmagn, sími eða hitaveita.

Óskar byggði Garðstungu að Blómey forspurðri þegar hún var á Kristnesi. Alla tíð var hún ósátt við húsakostinn en Óskar leit á hann sem mikilfenglegt verk. Í viðtali Ómars sagði hún: „Ég stóð frammi fyrir gerðum hlut og nýkomin af hæli var ég ekki í neinni aðstöðu til að breyta þessu. Mér fannst kofinn ömurlegur alla tíð, sama hve miklu hann bætti við hann og breytti honum uns hann var orðinn að stærðar húsi. Honum fannst hann stórkostlegur. Honum fannst alltaf allt svo stórkostlegt sem HANN gerði.“

Þrátt fyrir að önnur hús væru í nágrenninu var Blómey yfirleitt ein á meðan Óskar var við vinnu. Skýrðist það af mikilli afbrýðisemi og stjórnsemi hans. Ásdís segir: „Það mátti enginn koma og hún mátti ekki fara. Einstaka sinnum stalst hún til að eiga samskipti við nágannana en það var ekki vel séð af Óskari. Hann stjórnaði meira og minna öllum hennar ferðum.“

#### Sonurinn varð úti við Höfða

Hallmar Stálöld, sonur þeirra, fór ungur á sjóinn. Eins og margir ungir sjómenn á þessum tíma

” Það mátti enginn koma og hún mátti ekki fara. Einstaka sinnum stalst hún til að eiga samskipti við nágannana en það var ekki vel séð af Óskari. Hann stjórnaði meira og minna öllum hennar ferðum.

drakk hann í landi og var stundum hjá Sigríði systur sinni sem bjó þá í Höfðaborg. Þau voru góðir vinir þrátt fyrir að hafa ekki alist upp saman.

Þann 10. desember árið 1964, þegar þau voru á miðjum þrítugsaldri, bankaði Hallmar upp á hjá systur sinni og var þá ölvaður en í það skiptið vildi hún ekki hleypa honum inn. Gekk hann þá að Höfða og sofnaði þar við einn vegginn. Varð hann þar úti og fannst hann látinn morguninn eftir. Í viðtali Ómars við Blómey segir að Blómey hafi viknað þegar talið barst að Hallmari. Sagði hún svo: „Það var mjög sárt og óvænt. Allt í einu var hann dáinn. Hann var hrifinn frá okkur á einu augabragði.“

Dauðsfallið markaði líf Blómeyjar og Óskars allar götur síðan og áttu þau ávallt erfitt með að ræða þetta. Óskar kenndi Sigríði um að hafa valdið dauða Hallmars og hrópaði ókvæðisorðum að henni.

Ásdís segir: „Hann var mjög andstyggilegur við mömmu og sakaði hana um að hafa myrt hann. Mamma fékk ekki að fara í jarðarförina hans sem er mjög erfitt og sár minning. Að fá ekki að fylgja bróður sínum og besta vini til grafar.“

#### Notaði efni úr skíðastökkpalli

Eftir að Hallmar lést átti Óskar enga blóðerfingja og það angraði hann mjög. En húsið Garðstunga var sköpunarverk hans og það mark sem hann vildi skilja eftir sig í þessum heimi. Óskar vissi þó að vegna uppbyggingar Breiðholtsins myndi húsið þurfa að víkja fyrir nýju skipulagi og hóf að byggja nýtt hús langt frá Reykjavík. Árið 1967 fann hann stað á Hellisheiði þar hellir var og byrjaði að smíða.

*Af hverju valdi hann þennan stað?*

„Það voru tvær ástæður fyrir

því. Hann fann þarna gamlan skíðastökkpall og sá að hann gat notað timbur úr honum til að smíða kofa. Þetta var uppi á fjalli og það voru engar mannaferðir þarna. Hann ímyndaði sér að þarna yrði hvorki lagður vegur né byggð nein hús og taldi að ef hann reisti sér þar kofa þá myndi hann fá að standa.“

*En hann átti ekki landið?*

„Nei, hann átti aldrei neitt.“

Borgarstjórn skipulagði Breiðholtsbrautina á því svæði sem húsin í Blesugrófinni stóðu og var íbúunum gert að víkja. Blómey og Óskari var boðin íbúð í blokk og vildi Blómey taka því boði. En Óskar harðneitaði og fór svo að þau fengu peningagreiðslu og fluttu austur á Hellisheiðina árið 1973 en þá var húsið, sem var einnig kallað Garðstunga, ekki fullbyggt og um tíma dvöldu þau í tjaldi á heidinni.

#### Frumstætt líf á Hellisheiði

Garðstunga hin nýrri var mun hrörlegra húsnæði og, líkt og fyrirmyndin, var það laust við öll nútímaþægindi. Lágt var til lofts og herbergin lítil. Hitaveita var þar engin en hjónin notuðu kolakamínu til að hita upp húsið og elda mat. Að sögn lak húsið ekki en þar var alltaf saggi og fúkkalykt og vegna vanhugsáðrar staðsetningar kom vatn upp úr gólfinu endrum og eins.

Á þessum tíma voru hjónin komin á sjötugsaldur og Blómey sá ekki fyrir sér að eyða ellinni þarna. Gerðu þau samkomulag um að Blómey myndi búa á heidinni með honum til sjötugs en flytja svo í borgina. Í níu ár bjuggu þau á Hellisheiði og máttu þola ofsarok á haustin og snjóþylji á veturna, svo slæma að þau þurftu að leita athvarfs í skíðaskálanum í Hveradölum.

Líkt og í Blesugróf héldu þau skepnur: geitur, endur, hænsn, hunda og ketti. Oft rytjulegar skepnur. Einnig ræktuðu þau grænmeti á skikanum í kringum húsið. Engan áburð höfðu þau annan en eigin úrgang úr koppum sínum.

*Hvernig var heilsan hjá þeim?*

„Þau voru kvik og ofboðslega létt á fæti. Þau lifðu ekki á neinu skyndibitafæði og örkuðu upp og niður fjöll alla daga þannig að þau voru grönn.“

Óskar vann verkamannavinnu hjá Skipaútgerð ríkisins í Reykjavík og hjólaði í bæinn, 35 kílómetra leið, og Blómey var því mikið ein í húsinu. Líkaði henni það svo ▶



Innanhúss í Garðstungu nýrri Þjóðviljinn 17. janúar 1981.



Garðstunga á Helliðheiði Helgarpósturinn 19. október 1979.

illa að hún vildi helst dvelja úti undir beru lofti. Við Ómar sagði hún að það hefði verið ömurlegt að búa þarna öll þessi ár. „Ég vil ekkert vita af neinu frá þessum stað og aldrei koma þangað aftur.“

Ásdís segir: „Hún hafði algjöra óþétt á þessum stað og lá ekkert á því. En hann vildi vera þarna þar til yfir lyki.“

#### Ofstæki og ofsóknaræði

Sem ung stúlka bjó Ásdís í Ólafsvík

og hitti ömmu sína og afa ekki nema í örfá skipti á ári. Þá var Sigríður, móðir hennar, að reyna að kynnast foreldrum sínum í fyrsta sinn. Ásdís segir ömmu sína ávallt hafa sýnt henni og systur hennar hlýju þegar fjölskyldan kom í heimsókn upp á heiði og að afa hennar hafi ávallt boðið þau velkomin.

„Hann tók okkur alltaf fagnandi og var alltaf glaður að fá heimsókn. En inni á milli tók hann mik-

il skapofsaköst, sérstaklega ef honum fannst einhver vera að gagnrýna hann eða hans hugmyndir. Þetta gat verið mjög óhuggulegt á köflum og orðbragðið var svakalegt. Þegar hann tók þessi köst tók amma okkur með sér inn í herbergi og lokaði að okkur. Hún þorði aldrei að andmæla honum eða rökræða við hann.“

*Telur þú að Óskar hafi átt við geðræn vandamál að stríða?*

„Ég er ekki geðlæknir eða sérfræðingur á þessu sviði en mínar minningar um hann eru eins og fólk lýsir þeim sem eru ofstækisfullir og haldnir ofsóknarbrjálæði. Ég man sérstaklega eftir einu tilviki, eftir að þau fluttu af heiðinni. Þá sat hann við sjónvarpið og auglýsing birtist um að hvetja fólk til að ganga frá ógreiddum afnotagjöldum. Hann hélt að einhver væri inni í tækinu að tala við sig persónulega og brjálædist yfir þessum ásökunum. Að ráðist væri á hann með þessum hætti inni á hans eigin heimili. Þá áttaði ég mig á því að hans skapofsaköst væru eitthvað meira en stuttur þráður, hann væri klárlega ekki allveg heill og væri að glíma við einhvers konar ofsóknaræði.“



Blómey Stefánsdóttir Sjálfstæð og ákveðin ung kona. MYND ÚR EINKASAFNI

Þau ár sem þau bjuggu á Helliðheiði og ófu listaverk urðu þau nokkuð þekkt og blaðamenn heimsóttu þau í nokkur skipti. Verk þeirra rötudu einnig út fyrir landsteinana, á farandsýningu listahópsins SÚM um Norðurlönd.

*Fengu þau einhverja peninga fyrir verkin?*

„Þau vildu ekki neina peninga. Afi var á móti peningum og var andstæðingur kapitalisma. Hann taldi að peningar væru óvinur mannkyns. Stundum notaði hann verk til að skipta fyrir mat eða efni til að geta ofið meira, en hann kærði sig ekki um að selja þau. Í eitt skipti fékk hann tilboð í stórt verk frá Skandinavíu og það

hefði verið ágætis peningur fyrir þau á sínum tíma en hann tók það ekki í mál. Amma átti alltaf einhvern smá pening til að kaupa helstu nauðsynjar en hann mátti helst ekkert vita af því. Stundum laumaði hún hundrað kalli að mér og systur minni án þess að hann sæi til.“

*Eru verkin enn þá til?*

„Það er eitthvað til af verkum hér og þar. Amma lánaði Knúti Bruun lögmanni verk fyrir sýningu í Hveragerði og eitthvað gaf hún ættingjum.“

#### Hafði aldrei farið í bað

Samkomulag hjónanna hélt og flutti Blómey sjötug í gamalt hús við Hitaveituvég í Smálöndunum í Grafarholti árið 1984. Það voru mikil viðbrögð því þar voru þægindi á borð við rafmagn og vatnssalerni. Óskar þrjúskaðist við í nokkra mánuði en flutti svo til hennar. Hann vitjaði Garðstungu reglulega út lífið og var þar stundum vikum saman en hún fór þangað aldrei aftur.

Óskar fékk krabbamein og lést árið 1993 eftir stutta banalegu. Blómey hafði þá lifað í 54 ár með manni sem hún elskaði ekki og lengst af á stað sem hún fyrirleit. „Ég var aldrei hrifin af þessum manni. Aldrei,“ sagði hún við Ómar. „Ég lét aldrei neitt haggja mér, aldrei neitt á mig fá. Þess vegna er ég enn lifandi og orðin þetta gömul.“

Ásdís segir að samband ömmu sinnar við fjölskylduna hafi gerbreyst eftir að Óskar lést og þá fyrst hafi hún þorað að eiga frumkvæði. Hún var laus úr þrisund. Um tíma bjó hún hjá þeim áður en hún fluttist að dvalarheimilinu Hrafnistu.

„Síðustu árin reyndi mamma að kenna ömmu að hugsa um sig og eftir nokkra daga hjá okkur lét hún renna í bað fyrir hana. Eftir stutta stund kíkti mamma inn til að athuga hvort amma þyrfti aðstoð við að komast upp. Þá sat amma í baðkarinu, kappklædd, með skrúbb og var að þvo fötin utan á sér. Hún hafði aldrei farið í bað og vissi ekkert hvernig ætti að gera það.“

Eftir að Óskar lést veðraðist Garðstunga hin nýrri smám saman niður. Húsið var mánngengt í þrjú eða fjögur ár á eftir en hrundi síðan og er aðeins tóftir í dag. Blómey Stefánsdóttir lést árið 1997. ■

Þetta gat verið mjög óhuggulegt á köflum og orðbragðið var svakalegt.

Ásdís nefnir sérstaklega það mikla kvenhatur sem birtist í framkomu hans. Orðið hóra kemur nokkuð oft fram í tilvitnunum í hann í bókinni Tvisaga.

„Ég kom einu sinni með fréttir til þeirra sem ég hélt að yrðu gleðitíðindi; að ég hefði lokið stúdentsprófi og hygði á háskólanám. En þá trylltist afi. Hvernig í ósköpunum konum dytti það til hugar að fara í háskóla. Ég hafði lært að hlaupa ekki út því að þá hefði hann hlaupið á eftir mér, með barefli jafnvel. Ég sat því og fór að tala um eitthvað annað til að róa hann. Hálf tíma síðar sagði hann að kannski væri allt í lagi að ég færi í háskóla því að ef ég eignaðist drengi yrði ég hæfari uppalandi fyrir þá.“

*En hverjar voru bestu minningarnar?*

„Það eru klárlega stundirnar sem ég átti með þeim uppi á fjöllum. Það var ofboðslega gaman. Að setjast við lækjarsprænu, afi kveikti á prímus, við suðum egg, tándum lyng og hituðum te. Við sátum og ræddum um náttúruna, álfa og fleira og veltum fyrir okkur útsýninu. Þetta voru frábærar stundir.“

#### Þekktir alþýðulistamenn

Þrátt fyrir látlausan húsakost öðluðust Óskar og Blómey nokkra frægð á sviði lista. Blómey óf myndir og teppi sem vöktu athygli listakonunnar Hildar Hákonardóttur sem dró hana á námskeið í vefnaði. Óskar, sem fram að þessu hafði aðeins fengist við málalist, fór með á námskeiðið vegna afbrýðisemi og upp frá því hófst mikil vefnaðarlistaverkaframleiðsla þeirra.

Stór vefstóll fyllti næstum stofuna í Garðstungu og þar ófu þau myndir af íslenskum þjóðskáldum á borð við Jónas Hallgrímsson og Matthías Jochumsson en einnig þjóðhöfðingjum á borð við Stalín og Nixon. Í Tvisaga segir einnig af mynd sem Óskar óf af Evu á leið til djöfulsins eftir að hafa freistað Adams.

## Láttu þér ekki vera kalt

### Honeywell hitarar og ofnar

Olíufylltir ofnar 7 og 9  
þilja 1500W og 2000 W

Keramík hitarar  
með hringdreifingu  
á hita

Hitablásarar  
í úrvali

Ný vefverslun: [www.donna.is](http://www.donna.is)  
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

**Donna**

Sími 555 3100 [www.donna.is](http://www.donna.is)

**39.900 KR.**

**ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND**

**ENGIN BINDING**

**STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI**  
Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.  
Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is

**Reebok**  
**FITNESS**

## Lekar úr Piana-hjónabandinu:

# MORÐHÓTANIR, BÚÐARHNUPL, DÓP

■ Fylgjendur Rich Piana ráðast að Söru ■ Hótaði henni lífláti


Hjálmar Friðriksson  
hjalmar@dv.is



**M**enn sem fylgja vaxtar-ræktarfrömuðinum Rich Piana út yfir dauða og gröf ganga á netinu hart fram gegn fyrrverandi eiginkonu hans, Söru Heimisdóttur. Þeir hafa stofnað til undirskriftasöfnunar undir þeim formerkjum að koma í veg fyrir að Sara fái nokkurn arf úr búi Piana, sem lést í fyrrasumar. Ríflega fimm þúsund manns hafa skrifað undir og er markmiðið, að því er virðist, að henni verði vísað frá Bandaríkjunum.

Fylgjendur Piana hafa í þessari herferð sinni dreift ýmsum gögnum, upptökum og lögregluskýrslum svo dæmi séu nefnd, til þess eins að sverta orðspor Söru, að því er virðist. Hún er sögð hafa stolið fé af Piana, verið háð fíkniefnum og verið handtekin fyrir búðarhnupl. Þeir nefna þó ekki að átrúnaðargoð þeirra virðist hafa sýnt af sér síst skárri hegðun, svo sem að selja stera og hóta að berja og drepa Söru.

Sara og hjónaband hennar og Rich Piana vakti mikla athygli hér á landi. Athyglin beindist þó fyrst og fremst að lúxuslífi þeirra. Þau giftust í Las Vegas árið 2015. Hjónabandið entist ekki lengi og haustið 2016 var greint frá því að þau væru skilin. Rich birti stuttu síðar myndband þar sem hann sagði farir sínar ekki sléttar af samskiptum við Söru. Hann lést svo í fyrrasumar og sagði Sara þá að þau væru enn hjón í lagalegum



**Handtekin** Sara var handtekin vegna búðarhnupls í fyrra.

skilningi.

### Hótar ítrekað að berja hana

Fyrir nokkrum mánuðum var um hálf tíma langri upptöku lekið á netið þar sem má heyra Rich Piana ausa fúkyrðum yfir Söru. Augljóst er að Sara stóð að baki upptökunni og má telja líklegt að þetta sé myndbandið sem Sara vitnaði í í útvarpsþættinum Brennslan á FM957 í nóvember árið 2016. Rich hafði þá nýlega sagt að Sara hefði bara giftst honum til að fá græna kortið. „Ég mun hafa upptökur sem sýna það að hann var oft að öskra á mig og ég grátandi. Þar fær fólk að sjá mikið slæmt,“ sagði Sara í Brennslunni.

Í upptökunni má heyra Rich öskra og æpa á hana meðan hún svarar grátklökk. Hann hótar henni ítrekað að hann muni berja



Meðan allt lék í lyndi Rich og Sara giftust í Las Vegas. MYNDIR: INSTAGRAM/RICHPIANA/SARAPIANA

hana til óbóta. Rich sakar hana um að hafa stolið fé af sér til þess að fjármagna kaup á fíkniefnum og því virðist Sara ekki neita. Hann hótar að drepa hana og á einum tímamarki vill hann fara í slagsmál við hana.

„Ég veit ekki hvað ég á að segja Sara, þú vilt þetta ekki og vildir það aldrei. Það eina sem ég get gert núna er að berja þig í klessu. Það er það eina sem ég get gert, því þú hlustar ekki á mig. Þess vegna ættir þú bara að hunskast í burtu.

Fara aftur til Íslands og úr húsinu mínu. Við getum ekki verið í sambandi því þú gerir ekki það sem þú þarft að gera nema ég berji þig til óbóta. Ég vil ekki þurfa að berja þig því það eru svo margar aðrar fallegar konur þarna úti sem myndu deyja fyrir tækifærið til að vera með mér,“ segir Rich eftir um tuttugu mínútur. Örfáum mínútum síðar heyrast skellir eins og slegið sé í skinn og Rich segir: „Ég mun berja andlitið á þér sundur og saman.“

### Handtekin

Fyrirnefndir fylgjendur Rich telja þessa upptöku afhjúpa Söru og fullyrða að núverandi kærasti hennar, Chris nokkur Miller, hafi reynt að selja slúðurmiðlinum TMZ upptökuna. Þeir birta svo lögregluskýrslur og myndir lögreglu, svokallað „mugshot“, af henni. Samkvæmt þessum skjölum var Sara handtekin í mars árið 2017 vegna búðarhnupls í Orlando í Flórída. Sara er sökuð um að hafa stolið skartgripum að verðmæti um átta þúsunda króna. ■



*Castello*  
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR  
SÍMI 577 3333

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI

DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

# 5 ára



2013 - 2018

## Pixel 2



109.900,-

## Pixel 2 XL



134.900,-

## Galaxy Note8



119.900,-

## Galaxy S8



86.900,-

## Galaxy A5



46.900,-

## LG V30



99.900,-

## LG G6



66.900,-

## LG Q6



34.900,-

## CAT S60

Innbyggð **FLIR** hitamyndavél



89.900,-

## NOKIA 8



66.900,-

Krókháls 5c – Sími 546-9000

Opið 10-17 virka daga

# emobi.is



bara gott verð



Pawel Bartoszek  
Varapingmaður  
Viðreisnar. MYNDIR: MYNDARI

# Segir hugmyndir Sjálfstæðisflokksins í borginni óraunsæjar

■ Pawel Bartoszek ræðir borgarmálin á Snapchat ■ Fór með DV upp í Árbæ

Ari Brynjólfsson  
ari@dv.is



Pawel Bartoszek ætlar sér að verða borgarfulltrúi fyrir Viðreisn. Pawel var þingmaður Viðreisnar en datt út af þingi í síðustu alþingiskosningum, síðan þá hefur hann eytt tímanum í að kynna sér Reykjavíkurborg og hefur síðustu vikur farið á milli staða í borginni og rætt málefni borgarinnar á Snapchat. DV fékk að fylgja Pawel upp í Árbæ þar sem hann var að snappa í Rofabæ og fyrir utan leikskólann Árborg. „Ég er ekki viss hvað ég er með marga fylgjendur á Snapchat, það eru rúmlega þúsund manns, stundum eru það tvö þúsund manns sem horfa á myndböndin,“ segir Pawel.

„Ég fékk bók um Reykjavík í jólagjöf, þar var grein eftir Reyni Vilhjálmsson sem hannaði þetta hverfi, Árbæ. Það er skemmtilegt að sjá pælingarnar að baki. Hérna fyrir neðan var byggð fyrir þegar hverfið byggðist upp á sjötta áratugnum, lágrest byggð. Hérna norðanmegin við Rofabæinn er hárestari byggð, lengra í burtu er verslun og svo iðnaður. Þeir sem hafa spilað Sim City-tölvuleikna kannast vel við þetta.“

Það er kalt úti þennan fimmtudag og Pawel gengur rösklega áfram. „Það er gaman fyrir okkur miðbæjarrotturnar að sjá hjartað og sálina sem lögð var í hverfi eins og þetta. Þegar verið var að byggja upp hérna þá var vinstri umferð, það sem margir vita ekki er að þá var Rofabæinn gamli Suðurlandsvegurinn, hérna keyrði fólk á leið til Selfoss. Eins og allir vita er búið að koma fyrir sjö hundruð þúsund hraðahindrunum hérna en fólk vill keyra þessa leið því þetta er vingjarnleg akstursleið.“

Það heyrir á Pawel að hann vill 1. eða 2. sætið á lista Við-

reisnar, búast má við niðurstöðum uppstillingarnefndar flokksins á næstu vikum og enn óvíst hvort Pawel verði yfirleitt á listanum. „Uppstillingarnefndin er á fullu að setja saman sigurlista,“ segir Pawel og hlær. „Að öðru leyti verð ég að segja: „No comment.“

Leiðin liggur í átt að leikskólannum Árborg alveg við Elliðaá. Pawel byrjaði að fjalla um þéttingarreiði í borginni á Snapchat en hefur að undanfögnu verið að taka myndbönd fyrir utan leikskóla.

Það er búið að tala um það í Facebook-hópum að það sé dularfullur maður að taka myndir fyrir utan leikskóla, hvað segir þú við því?

Pawel hlær. „Þú kynnist ekkert borgarlandinu með því að fletta heimasíðu Reykjavíkurborgar og sumt af því sem maður er að skoða verður maður að fá tilfinningu fyrir með því að mæta á staðinn. Það er líka gott að kíkja inn í skólana til að kynnast starfinu, ég hef gert töluvert af því, sérstaklega á Stakkaborg þar sem sonur minn er á leikskóla. En ég geri mér grein fyrir því að þetta er ekki áhugamál meirihlutans,“ segir Pawel. Hann tekur fram að hann taki aldrei myndir af krökkunum, enda eigi þau ekki heima í stjórnmálalabaráttu.

Varðandi hugmyndir Sjálfstæðisflokksins um þrjú ný hverfi segir Pawel þær óraunsæjar. „Til lengdar þá finnst mér allar hugmyndir um að breyta iðnaðarsvæðum í íbúðabyggð góðra gjalda verðar en ég held að því miður, miðað við áherslur Sjálf-



MYND SKIJKOT AF FACEBOOK.

stæðisflokksins, þá séu allar þessar óraunhæfu hugmyndir ekki það sem verði að veruleika heldur að menn drifi sig í að byggja mjög mikið af úthverfum, mjög hratt því það er einfaldast. Þá þenst borgin út og það hugnast mér ekki.“

Má segja það að þú og Viðreisn vilji höfða til þeirra sem styðja skipulagshugmyndir vinstri-flokkanna en vilja minnka yfirbyggingu og fjárútlát?

„Ég myndi ekki stilla þessu þannig upp. Hugmyndir mínar í skipulagsmálum hafa verið inni á þeirri línu sem er nú í borginni, hluti Sjálfstæðisflokksins var þar líka en hann er búinn að losa sig við þann hluta flokksins. Borgin þarf að byggjast upp með því að þetta byggð og bjóða upp á öflugar almenningssamgöngur. Á sama tíma þarf að halda vel utan um fjármál borgarinnar, sú hit er ekkert botnlaus, að mörgu leyti hefur núverandi meirihluti farið full bratt í að seilast í vasa skattgreiðenda.“ ■

# Bjóst ekki við skítkasti fyrir að fella tár

■ Eurovision-farinn á leið til Litháen  
■ Álit annarra skiptir ekki máli

Ari Brynjólfsson  
ari@dv.is




Ari Ólafsson kom eins og þruma úr heiðskíru lofti inn í meðvitund Íslendinga eftir sigur í undankeppni Eurovision með lagið Our Choice. DV náði tali af Ara sem er á leið til Kaunas í Litháen þar sem hann mun stíga á svið á sunnudaginn. Ari er 19 ára leikari úr Vesturbænum, hefur leikið og sungið í tíu ár, og veit alveg hvað hann ætlar að gera í lífinu.

## Ómetanlegt tækifæri

„Ég er ekki í neinum vafa, það er alveg skothelt hvað ég ætla að gera í framtíðinni. Ég ætlaði alltaf að verða uppistandandi, svo var það var draumur að fara til Hollywood, en ég held að ég stefni frekar á Broadway í New York eða West End í London. Mig langar afar mikið að leika í söngleikjum og að halda áfram að búa til tónlist.“

Það náðist mynd af Ara þegar hann stóð stjarfur á sviðinu og trúði hreinlega ekki að hann væri á leið til Lissabon til að keppa fyrir Íslands hönd. „Það var margt fólk sem sá þetta, ég trúði ekki að ég myndi vinna. Nú er ég bara ótrúlega þakklátur og vakna brosandí á hverjum degi, núna þegar ég er á leið til Litháen er ég að ná því almennilega að ég sé að fara að syngja fyrir framan mörg hundruð milljónir. Þetta er ómetanlegt tækifæri.“



## Alveg sama um álit annarra

Netverjar fóru hamförum vegna þess að Ari grét í beinni útsendingu og var honum meðal annars líkt við Ingu Sæland, formann Flokks fólksins, sem grét í sjónvarpsal fyrir síðustu alþingiskosningar. Ari segir að hann hafi ekki séð neinar neikvæðar athugasemdir. „Maður má alveg búast við þessu, mér er alveg sama hvað fólk segir. Ég veit að flestir vita að það er í lagi að sýna tilfinningarnar sínar og leyfa sér að vera hamingjusamur.“

Ari segist vera orðinn vanur því að fá háðsglósur og neikvæðar athugasemdir. „Þegar ég var ungur í söngleikjum þá voru litlir krakkar afbrýðisamir og sögðu eitthvað særandi. Ég bjóst alveg við þessu, ekki reyndar með grátinn, frekar að fólk myndi segja að ég ætti ekki að komast áfram eða eitthvað á þá leið. Hvað á ég að gera? Eina sem ég get gert er bara að brosa,“ segir Ari og hlær. ■



**Uppspretta  
ánægjulegra  
viðskipta**

---

# **VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG**

---

Heyrðu í okkur og leyfðu okkur  
að segja þér frá okkar þjónustu.



*Heyrumst*

**Hannes  
Steindórsson**

Löggiltur fasteignasali

**699 5008**

[hannes@fastlind.is](mailto:hannes@fastlind.is)



*Heyrumst*

**Hrafn  
Valdísarson**

Löggiltur fasteignasali

**775 4988**

[hrafn@fastlind.is](mailto:hrafn@fastlind.is)

[www.frittverdmat.is](http://www.frittverdmat.is)



# „VERÐUM ÖRUGGLEGA KALLAÐIR REIÐIR FEÐUR“

Feður sameinast fyrir réttindum barna og umgengni og gegn tálmunum mæðra

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



Þrátt fyrir að einn og einn úr þeirra hópi hafi til þessa stigið fram undir nafni og mynd og sagt opinberlega frá tálmunum og ofbeldi af hálfu barnsmóðra, hafa þeir feður sem fá ekki umgengni við börn sín haldið sig til hlés og barist vonlausri baráttu, einir við kerfið, til að fá jafna umgengni og forsjá yfir börnum sínum. En nú hafa þeir fengið nóg og nota byrinn sem #metoo-byltingin olli og stíga fram sem hópur undir merki #daddytoo. Markmiðið er að sýna hversu algeng fedrasvipting er á Íslandi með því að safna reynslusögum fedra, bæði þeirra sem berjast enn og þeirra sem gefist hafa upp í baráttunni, og mynda með því þrýsting um breytingar í kerfinu svo börn geti notið jafna samskipta við báða foreldra.

Bláamaður DV settist niður með forsvarsmönnum hópsins, Hugin Þór Grétarssyni, Stefáni Páli Pálusyni, Friðgeiri Einarsyni, Huga Ingibjartssyni og Friðgeiri Erni Gunnarsyni, og fræddist um tilurð hópsins og markmið og heyrði brot af reynslu þeirra.

„Í rauninni er þetta bara fram-  
lenging á því sem hefur verið í gangi lengi,“ segir Huginn Þór Grétarsson, en hann bíður eftir bráðabirgðadómsúrskurði um umgengni hans við tveggja ára son sinn. Barnsmóðir hans dvelur í Kvennaathvarfinu með son þeirra og hefur sagt sína sögu í viðtali við Stundina, þar sem hún lýsir ofbeldi af hálfu Hugins Þórs.

„Aðilar hafa reynt hver í sínu horni að berjast gegn lögbrotum

„Ég þekki ekki eitt einasta dæmi þess að karlmaður hafi tálmað góða móður, ég held að kerfið taki ekki þátt í slíku.“

og við höfum séð fjölda yfirlýsinga frá feðrum sem hafa jafnvel verið tálmaðir frá börnum sínum í mörg ár. Hér er kominn saman hópur sem ætlar að safna saman sögum af þessum brotum og sýna hvað þetta er rosaalega algengt og stórt vandamál. Fedrasvipting á Íslandi er ofbeldismál sem er regla frekar en undantekning, skerðing á umgengni barna við föður eða algjörlega lokað á hana. Í rauninni þarf að vekja athygli samfélagsins á þessu og fara fram á breytingar. Lögin eru þokkaleg, en framkvæmdin eða venjan er sú að regluleg umgengni er jafnvel engin og það er jafnvel tekin forsjá af hæfu foreldri af því foreldrar geta ekki haft samskipti sín á milli. Þá er nóg að annar aðilinn setji upp eitthvert leikrit og forsjá fer sjálfkrafa til hins aðilans.“

## Meðvirkni ríkir með kvenkyns brotamanneskjum

Af hverju kemur hópurinn fram núna fyrst?

„Karlmennt hafa reynt að stíga fram en brenna bara yfir, það hefur ekkert verið hlustað. Áður en ég byrja að tala um þetta, þá er búið að safna saman mörgum sögum um misrétti kerfisins og andlegt ofbeldi með því að slíta börn af feðrum sínum. Þetta er miklu

algengara en fólk gerir sér grein fyrir, það er meðvirkni með brotamanneskjum ef þær eru kvenkyns, það verður bara að segja það eins og það er,“ segir Huginn Þór. Samfélagið virðist leyfa tálmun þegar tálmunaraðili er kvenkyns, ég þekki ekki eitt einasta dæmi þess að karlmaður hafi tálmað góða móður, ég held að kerfið taki ekki þátt í slíku.

Þegar mál koma fyrir dómstóla, þá verðlauna þeir brotamanneskju nánast í öllum tilvikum, þrátt fyrir að hún hafi niðst á réttindum barns og eyðilagt samband þess við föður, það sýnir að móðirin er óhæf til að tryggja réttindi barnsins, samt er þetta raunveruleikinn sem við horfum á.“

## 80 prósent fedra eru sjálfkrafa umgengnisforeldri

„Samtökin Foreldrajafrétti og Samtök umgengnisforeldra eru að berjast fyrir sömu málefnum í víðara samhengi,“ segir Stefán Páll Páluson. „Hérna erum við að einbeita okkur að því að feður séu í meirihluta, þannig að af hverju ekki að standa upp fyrir feðrum. Um 80 prósent fedra eru umgengnisforeldri sjálfkrafa. Samkvæmt lögum á barn að njóta samveru með báðum foreldrum og ætti því jöfn umgengni að vera bara sjálfkrafa í kerfinu. Lög um skipta búsetu hafa verið föst í innanríkisráðuneytinu síðan árið 2011, þau eru tilbúin til að leggja fram. Réttur er beggja foreldra og ef farið er eftir því þá væri búið að leysa 60 prósent mála sem vanda-mál eru í, en við erum enn að fara eftir hefðum og gildum frá 1920. Við eigum eftir að fá ákúrur fyrir þetta, við verðum örugglega kallað reiðir feður, það er bara allt í lagi.“

Konur eru reiðar vegna launa-baráttunnar, en gleyma forsjárbaráttunni,“ segir Stefán Páll.

„Það hefur ekki verið í lagi að vera tilfinningavera í svona málum,“ segir Hugi Ingibjartsson: „maður á að láta sig hafa þetta, setjast bara niður og segja já.“

Stefán Páll á tvo unga syni með barnsmóður sinni og hefur hann ekki þurft að berjast fyrir umgengni né forsjá. Þau hafa verið með sameiginlega forsjá frá því að þau skildu og umgengni til jafns hjá báðum foreldrum. Í fyrra var Stefán Páll hins vegar með syni sína í átta mánuði í heildina og það sem af er þessu ári. Núna óskar móðirin eftir að umgengni sona þeirra verði jöfn á ný og snýr gagnrýni og barátta Stefáns Páls að því að umgengnin eigi að falla í fyrra horf, án þess að kannaðar séu aðstæður og heimili móður. Það hefur aldrei verið gert, hins vegar hefur Barnavernd nokkrum sinnum tekið hans heimili út.

„Barnaverndarnefnd á að horfa á hag barnanna, ekki hag lögheimilisforeldris,“ segir hann. „Mér hefur verið bent á að sækja um forræðið einn, en ég vil það ekki, ég vil að synir mínir umgangist báða foreldra sína.“

„Við sem foreldrar eigum jafnan rétt, en þegar kemur að börnunum þá er hann aldrei virtur. Það er ekkert sameiginlegt með sameiginlegri forsjá, það er lögheimilisforeldrið sem stjórnar. Ég hef engan rétt í kerfinu, ég fæ ekki tilkynningar frá leikskólanum þegar eitthvað er að. Sem dæmi má nefna að mætt var með annan son minn á sokkabuxunum í leikskólanum í fyrra. Hún fær meðlag greitt, barnabætur og umönnunarbætur og hefur fengið það greitt þann

tíma sem synirnir hafa verið hjá mér.“

Hann gagnrýnir líka að barnaverndarnefnd hafi ekki mætt á staðinn, þegar komið hafa upp atvik milli hans og barnsmóður hans, til dæmis þegar þau hafa rifist fyrir utan leikskóla barnanna. „Ég fæ það svar þegar ég hringi að ég eigi að meta aðstæður, hvort hún sé hæf til að fara með börnin.“

## Mikilvægt að bregðast strax við tálmun

„Ein stór og mikilvæg breyting væri að bregðast strax við tálmun og meta hana þeim til vansa sem henni beitir,“ segir Huginn Þór. Þegar barn er jafn hænt að báðum foreldrum og móðir byrjar að beita tálmun, þá ætti forsjá að færast yfir til föður. Það ætti strax að grípa til þess. Það væri þá strax gefin skýrsla um að móðir sé vanhæf og óhæf til að tryggja réttindi barnsins.“

Hvernig væri það framkvæmt?

„Með því að lögheimili færðist strax til hins aðilans, þá strax verður aðhald og neikvæður hvati fyrir tálmunaraðilann til að haga sér svona. Ég sé fyrir mér aðgerðahóp, sem í er sálfræðingur og mögulega eitthvert framkvæmdavald, sem kemur strax á svæðið við slíka tilkynningu og metur aðstæður, þannig að ef báðir aðilar eru jafnhæfir og tálmun er til staðar og engin ástæða til hennar, þá er manneskjan sem henni beitir metin óhæf og lögheimili þá fært yfir. Ef móðir, því í flestum tilvikum er um að ræða móður, neitar að afhenda barnið, og það er jafn hænt að báðum foreldrum, sýnir það verulega skerta foreldrahæfni. Við skilnað er jafn réttur foreldra tryggður. Rangar sakargiftir verða





„**Þetta virkar en er engin kraftaverkalausn**“



# Valgeir fór í maggaermiaðgerð í Lettlandi

■ Mikil eftirsjá fyrst ■ Mikilvægt að skilja matarfíknina ■ Fór ásamt átta

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



**V**algeir Elís er 29 ára gamall. Hann er einstæður og býr í Keflavík þar sem hann starfar á kaffihúsi og í veipversluninni zoz.is. Valgeir er þessa stundina í pásu frá háskólanámi, en mun halda áfram á næstu önn í sálfræði við Háskóla Íslands. Valgeir gekk nýlega undir maggaermiaðgerð í Lettlandi. Hann og átta aðrir Íslendingar í yfirþyngd fóru saman til Lettlands til að leggjast undir hnífinn. Valgeir segir aðgerðina kostnaðarminni í Lettlandi og þar séu einnig gerðar mun ítarlegri rannsóknir áður en aðgerðin er framkvæmd. Valgeir tók mjög hvatvísa ákvörðun þegar hann fór í aðgerðina og segir því hafa fylgt mikil eftirsjá fyrst um sinn. Hann segir að það hafi stafað af óheilbrigðu sambandi hans við mat. Að sögn Valgeirs er ekki nóg að fara í aðgerðina heldur þurfi hann að leysa vandann á bak við matarfíkn sína. Tvö alvarleg tilvik hafa komið upp á Íslandi vegna fylgikvilla eftir maggaermiaðgerð. Einn einstaklingur hefur látið lífið og er öðrum haldið sofandi. Í einlægum viðtali við DV segir Valgeir frá aðgerðinni, eftirsjánni og framhaldinu.

## Magaermi

Magaermiaðgerð minnkar magann um 75–80 prósent og verður maginn eins og ermi eða banani í laginu. Starfsemi magans og þarmanna helst að mestu óbreytt í kjölfar aðgerðarinnar en skammtastærðirnar minnka verulega og fæðan getur farið hraðar en ella í gegnum meltingarkerfið.

### Letland vinsælt meðal Íslendinga Af hverju fyrstu til Lettlands í aðgerðina?

„Ég ætlaði að fara í aðgerðina heima en hér kostar aðgerðin 1,5 milljónir króna. Maður fer í blóðprufu og svo beint í aðgerð. En í Lettlandi er það öðruvísi. Ég borgaði 880 þúsund fyrir flugið, hótelið, keyrslu til og frá, túlk, aðgerðina sjálfa og fékk að taka eina manneskju með mér. Áður en ég fór í aðgerðina fór ég í blóðprufu, magaspeglun, röntgen og ómskoðun. Ein í hópnum fékk til dæmis ekki að fara í aðgerðina því eitthvað sást á lunganu hennar í röntgen,“ segir Valgeir Elís.

Valgeir Elís fór til Lettlands ásamt níu Íslendingum. Aðgerðin og ferðin var bókuð í gegnum norskt fyrirtæki, Medical Travel.

„Það var íslenskur tengiliður með okkur allan tímann, í öllum lækni- og skilningum og slíku. Svo var

einnig ein kona frá Lettlandi sem var túlkur. Það var mjög fínt.“

Valgeir segir að það sé farið svona ferðir í hverjum mánuði. Hann segist þó ekki vera viss um hversu margir fara í hvert skipti en augljóst sé að Lettland sé vinsæll kostur fyrir þá sem vilja fara í maggaermiaðgerð.

### Hvatvís

Valgeir ætlaði upphaflega í magabandsaðgerð á Íslandi en hvatvísinn leiddi hann annað.

„Ég fór í viðtal til Auðuns Sigurðssonar á Gravitas. Hann benti mér á að fara í magabandið. Svo var það einhver sem sýndi mér Facebook-síðu Medical Travel á Íslandi. Daginn eftir var ég búinn að senda tölvupóst og eiginlega búinn að borga staðfestingargjaldið,“ segir Valgeir og tekur fram að hann hafi lengi verið þekktur fyrir hvatvísi sína.

Hvað leið langur tími frá því þú sendir fyrsta tölvupóstin og þar til þú fórst í aðgerðina?

„Ég sótti um að komast í aðgerðina í lok nóvember 2017. Ég hefði getað farið út tveimur vikum



Fyrir aðgerðina Valgeir og Silja vinkona hans á hótelinu í Lettlandi áður en aðgerðin var framkvæmd.

Eins og ég væri ekki einn í ókunnugu landi nýkominn úr aðgerð og handónýtur.“

### Aðgerðin

Valgeir fór út á miðvikudegi og í aðgerðina á laugardegi. Upphaflega ætlaði Valgeir í magahjáveituaðgerð. En þar sem búið er að fjarlægja miltið úr honum töldu lækarnir ekki hægt að segja til um hvort maggaermi eða magahjáveita myndi henta honum betur fyrr en búið væri að skera hann upp. Þegar hann vaknaði eftir svæfingu var honum sagt að hann hafi fengið maggaermi.

Hvernig undirbjóstu þig undir aðgerðina andlega, varstu kvíðinn?

„Nei, ég verð afar lítið kvíðinn. Ég er svo hvatvís. Kvíðinn kemur eftir á. En ég get ekki tekið úr mér maggaermi, því maginn minn er orðinn að ermi. Þetta er miklu meira en að segja það, að fara í svona aðgerð. Þetta er heilmikið inngríp. Ef ég hefði farið í magabandið þá gæti ég látið taka það úr ef mér líkaði það ekki. Ég gerði mér ekki grein

seinna, eða 13. desember, en ákvað að fara frekar út 9. janúar og fór í aðgerðina 13. janúar.“

Valgeir tók vinkonu sína með sér til Lettlands. Aðspurður hvort það hafi verið til að fylgjast með honum segir Valgeir: „Aðallega til að bera töskurnar mínar heim,“ og hlær. „Það var sagt að ég mætti ekki bera neitt á leiðinni heim. En það var líka gott að hafa stuðning.

**Eftirsjá** „Ég gerði mér ekki grein fyrir hversu mikið inngrip þetta væri. Ég elska mat, meira en allt.“

MYND SIGTRYGGUR ARI



**Ekki nóg að fara í aðgerðina**  
„Það er nauðsynlegt að finna út af hverju matur hafi verið vandamál og laga vandamálið.“ MYND SIGTRYGGUR ARI

## 2 ALVARLEG TILVIK Á STUTTUM TÍMA

■ Þann 4. janúar síðastliðinn lést 37 ára gömul kona á Landspítalanum vegna fylgikvilla eftir að hún undirgekkst magaminnkunaraðgerð. Hún fór í aðgerðina hjá einkafyrirtækinu Gravítas, sem er í eigu Auðuns Sigurðssonar læknis, sem framkvæmir magabands- og magaermiaðgerðir.

■ Í lok janúar var kona á sjótgugsaldri lögð inn á Landspítalann vegna fylgikvilla eftir magaermiaðgerð. Henni er haldið sofandi. Hún fór einnig í aðgerð hjá Gravítas.

megi byrja hreyfa sig almennilega þremur mánuðum eftir aðgerð. En ég er mjög spenntur að fara í Brazilian Butt Lift.“

### Nýtur hvers bita

Valgeir segir að hann hafi þurft að læra að borða upp á nýtt. „Það er ýmislegt sem ég þarf að hafa í huga núna þegar ég borða. Eins og að setja hnífapörin niður á milli bita og tyggja hvern bita almennilega þar til hann verður nánast að engu. Ég verð að einbeita mér þegar ég borða. Vegna hversu lítinn matarskammt ég get borðað í senn nýt ég hvers bita mikið betur. Ég veit að ég fæ aðeins fjóra, fimm bita í viðbót. Ekki eins og áður, tvo stútfulla diska,“ segir Valgeir.

„Ég er enn að læra hvað ég get og get ekki borðað og hversu mikið ég get borðað. Ég þarf að stilla klukku á símanum mínum því ég þarf að vera í um 25 mínútur að borða máltíðina, annars verður mér flökurt og líður illa. Ég þarf einnig að passa vel upp á að fá öll nauðsynleg vítamín, steinefni og næringarefni,“ segir Valgeir.

Valgeir hefur þurft að gefa ýmis matvæli upp á bátinn eftir aðgerðina. „Ég get ekki borðað brauðmeti, en mér líður eins og það sé steinn sem er að gera sér ferð um meltingarveginn þegar ég borða það. Ég get ekki borðað mjólkurvörur því ég fæ ég illt í magann. Ég byrja morgnana alltaf á því að fá mér vítamín, ég verð einnig saddur af öllum vítamínunum sem ég tek.“

*Hvernig er hefðbundin máltíð hjá þér í dag?*

„Í morgunmat fæ ég mér laktósafría AB mjólk frá Örnun, sem er um 150 grömm. Ég er um hálf-tíma að borða hana. Svo í hádegismat fæ ég mér til dæmis kjúkling, kúskús, smá grænmeti og sósu. Svona um eins til tveggja desílítra máltíð. Ég fæ mér oftast próteinstykki í millimál, eða hrökkex með lárperu. Kvöldmatur er svipadur og hádegismatur, kjúklingur



**Skurðir** Valgeir eftir aðgerðina. Á myndinni má sjá hvar hann var skorinn upp, en hann var ekki saumaður saman heldur límdur.

og sætar kartöflur til dæmis,“ segir Valgeir og bætir við að þótt hann borði sjaldan og litla skammta þá kaupir hann enn í matinn eins og áður. „Það er mjög sáttur við þá þróun,“ segir Valgeir og hlær.

### Eftirsjáin nánast horfin

*Ertu enn þá með eftirsjá?*

„Nei, hún er eiginlega horfin. Ég er mikill matarkarl. En númer eitt, tvö og þrjú er að ég þarf að vinna í hausnum á mér. Matur var þannig lagað ekki vandamálið heldur af hverju ég borðaði svona mikið, af hverju ég leitaði svona mikið í mat, af hverju borðaði ég miklu meira en manneskjan við hliðina á mér og af hverju borðaði ég þar til mér var orðið illt. Ég held að flestir sem fara í aðgerðina haldi að það sé nóg að leggjast undir hnifinn og gera ekkert meira. En það er ekki þannig. Það er nauðsynlegt að finna út af hverju matur hafi verið vandamál og laga vandamálið. Það er ekki nóg að hætta að borða, það þarf að vinna í sjálfum sér,“ segir Valgeir.

„Ég er matarfékill og með smá lotugræðgi. Ég var að borða óhóflega mikið. Ég hafði tekið tímabil þar sem ég stóð mig afar vel og grenntist, en blés alltaf út aftur því ég hafði enga stjórn á þessu.“

### Alvarleg tilvik

Nýlega hefur verið fjallað um konu

sem lést vegna fylgikvilla eftir magaermiaðgerð og aðra konu sem er haldið sofandi á Landspítalanum. Hvernig líður þér að heyra um það?

„Sko, þetta ætti að hræða mig mjög mikið. En það eru meiri líkur á að ekkert gerist, en eitthvað massíft,“ segir Valgeir.

*Heldurðu að þú værir hræddari ef þú hefðir farið í aðgerðina á Íslandi?*

„Já. Því úti eru gerðar mikið ítarlegri rannsóknir á sjúklingum áður en þeir fara í aðgerðina. Það var til dæmis ein sem fékk ekki að fara í aðgerðina. Ég er ekkert á móti þessum sem gerir aðgerðirnar hér á Íslandi, en ég myndi ekki treysta honum nálægt mínum líkama. Ég vil frekar fara þar sem vinnubrögð eru vandaðri, ekkert illa meint.“

### Engin kraftaverkalausn

Aðspurður hvort hann sé í sambandi við Íslendingana sem fóru í aðgerðina á sama tíma og hann svarar Valgeir játandi. „Já, við erum saman í Facebook-hóp. Það gengur almennt vel hjá öllum.“

Valgeir segist mæla með aðgerðinni. „Þetta virkar en þetta er engin kraftaverkalausn. Þetta er miklu meira en bara aðgerðin. Ég mæli með að fólk íhugi aðgerðina vandlega fyrirfram, ekki stökkva á þetta eins og ég.“ ■

# ettlandi

## öðrum Íslendingum

fyrir hversu mikið inngrip þetta væri. Ég elska mat, meira en allt. Að fara úr því að borða eins og ég borðaði, yfir í að borða svona eins til tveggja desílítra máltíðir í senn er rosalegt áfall fyrir matarfékillinn minn,“ segir Valgeir.

„Eftir aðgerðina var ég mjög fúll. Sérstaklega á annarri viku eftir aðgerðina. Þá var ég byrjaður að borða maukaðan mat og hugsaði: hvað var ég eiginlega að hugsa með að fara í aðgerðina. En ástæðan fyrir því að ég gerði þetta var sú að ekkert annað virkaði fyrir mig. Ég var búinn að prófa alls konar matarkúra og ólöglegar leiðir til að grennast.“

*Varstu búinn að kynna þér hvaða áhætta fylgdi aðgerðinni áður en þú fórst í hana?*

„Nei, ef ég á að segja alveg eins og er. Ég gerði það eftir á. Ég fór að skoða YouTube-myndbönd og slíkt. Eitt sem ég tek eftir er að mér er eiginlega alltaf kalt núna. Það er aukaverkun af þessu. Mér var aldrei kalt áður fyrr. En mér er kalt því eins og er, þjáist ég af hálfgerðum næringarskortum og svo í þokkabót er ég að missa alla fóðrunina mína.“

### Þyngdarsaga Valgeirs

Valgeir var ætíð þéttur sem barn að hans sögn. Þegar hann var sautján ára greindist hann með

**Það er ekki nóg að hætta að borða, það þarf að vinna í sjálfum sér.**

sjálfsofnæmissjúkdóm. Eftir það missti hann alla stjórn á þyngd sinni. „Ég fékk sjálfsofnæmi í miltað og þurfti að fara á mikið af steralyfjum. Ég blés út. Á hálfu ári fór ég úr því að vera 90 kíló í 140 kíló. Eftir það hef ég alltaf verið feitur,“ segir Valgeir og bætir við að hann hafi alltaf átt mjög sérstakt og óheilbriggt samband við mat.

„Alltaf þegar mér leið illa borðaði ég, ef mér leið vel borðaði ég, ef mér leiddist borðaði ég. Ég gat alltaf borðað. Ég er fíkill í allt sem er gott og matur veitir mér vellíðan.“

*Hve þungur varstu þegar þú fórst í aðgerðina og hvað ertu þungur í dag?*

„Ég var 117,8 kíló og er í dag 100,8 kíló. Á sex vikum hef ég misst sautján kíló. Ég mun halda áfram að missa kíló og svo hægist á því. Það er talað um að maður

# GÓÐ ÞJÓNU

## INTERFLON

Úrval af efnavörur  
Nýjar umbúðir, sömu gæða efnin



## OLÍUVÖRUR

Smuróla, glussi, Koppafeiti,  
gírolía og sjálfskiptivökvi



**SVO ALLT  
GANGI  
SMURT**

## ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnarhlifur, öryggisgleraugu,  
rykgrímur og andlitshlifar.



**KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**

# STA Í 20 ÁR



**kemi**

Tunguhálsi 10 • [www.kemi.is](http://www.kemi.is)



Sunna Elvira Þorkelsdóttir Bifreiðin enn þá týnd.

## Eigandi bílaleigu segir bílinn enn ófundinn

Það er ekki enn búið að skila bílnum og enginn hefur haft samband við mig vegna málsins síðan þetta gerðist. Ég hef heldur ekki fengið neina greiðslu fyrir bílinn enn þá.“ Þetta segir eigandi bílaleigunnar sem Sigurður Kristinnsson og Sunna Elvira Þorkelsdóttir leigðu Renault Megane-bifreið af í desember síðastliðnum. Eins og DV hefur áður greint frá var bílnum ekki skilað og ekki heldur greiðslu fyrir andvirði hans þegar bílaleigan gaf kost á því. Eigandinn sagðist ætla að kæra stuldinn til lögreglu.

Eigandinn segist ekki enn hafa

Er nú að leita ráða um hvað sé best að gera í þessu máli.

kært stuldinn til lögreglu. „Ég er í Bretlandi eins og er og hef ekki tekið neina ákvörðun. Ég er nú að leita ráða um hvað sé best að gera í þessu máli.“ Þá segist hann heldur ekki vita hvort hvarf bílsins tengist þeim upplýsingum sem sjúkrahúsið, sem Sunna dvaldi á, veitti DV um að slys hennar væri skráð sem umferðarslys. ■

# Óþokkar nota dróna til að ræna dópsala í Reykjavík

Heimildarmenn DV segja að það sé af sem áður var þegar virðing ríkti milli manna í undirheimunum

Mikil harka hefur hefur færst í leikana í undirheimunum Reykjavíkur að undanfögnu. Þá er orðið sérstaklega algengt að einstaklingar í glæpastarfsemi séu að svíkja og ræna hver annan.

„Einn sem ég þekki var rændur öllu og það af félögum sínum. Meira að segja eldhúshnífarnir voru teknir,“ segir einn heimildarmaður DV.

Annar bætir við: „Já, svo hefur maður heyrt að menn séu að nota hitamyndavélar á drónum til að finna ræktunarstaði og svo ræna þá. Það er eiginlega enginn öruggur í dag. Þetta hefur breyst frá því að vera stríð við lögregluna í að vera í stríði hver við annan í þessum bransa. Kannski mögulega vegna aukins afskiptaleysis lögreglunnar.“

Ljósín og hitatækin sem eru notuð við kannabisræktun valda miklu útstreymi af heitu lofti sem er sýnilegt á hitamyndavélum, sérstaklega í frosti.

Þá er líka orðið algengt að spila á aðra með þeim hætti að gefa í skyn að kaup á varningi muni eiga sér stað en kaupandinn mæti þá vopnaður og reyni að hirða varninginn borgunarlaust.



MYND ÓÞEKKT

„Þetta er áhugaverð þróun því lengi vel ríkti ákveðin virðing milli fólks í þessum bransa, fólk gerði sitt í friði og þekktist jafnvel ágætlega. En þetta virðist vera að breytast. Einstaklingar eru reiðubúnari til að svíkja og stela. Það er óljóst hverjar afleiðingarnar verða,“ segir annar þeirra.

Ljóst er þó að afleiðingarnar hafa nú þegar gert vart við sig því það orðið mun algengara að skotvopn, rafbyssur og skotheld vesti

gangi kaupum og sölu samkvæmt öðrum heimildarmannanna. Honum hafði til að mynda verið boðin óskráð skammbyssa til sölu á 50 þúsund krónur og skothelt vesti á 15 þúsund krónur.

Líklegt er talið að aðgerðir og handtökur lögreglunnar á miðvikudag, sem beindust einna helst að Ægisíðunni í vesturbæ Reykjavíkur, tengist ósættis innan undirheimanna. ■ ritstjorn@dv.is





# LG DAGAR

LG Á HEIMA  
Í RAFLANDI



## ALLAR LG VÖRUR Á 10-50% AFSLÆTTI

KÆLISKÁPAR • ÞVOTTAVÉLAR • ÞURRKARAR • FARSÍMAR • OLED SJÓNVÖRP • SUHD SJÓNVÖRP • LED SJÓNVÖRP  
HLJÓMTÆKI • ÞRÁÐLAUSIR HÁTALARAR • BLU-RAY SPILARAR • HEIMABÍÓ HÁTALARAR

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16



**RAFLAND**

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | [rafland.is](http://rafland.is)

# KARLMENN SEM

## Konur sem hafa verið myrtar af mökum eða elskuhugum ■ Ofbeldi gegn konum vandamál

Kynbundið ofbeldi og kvenmorð eiga sér stað á Íslandi. Síðastliðinn 30 ár hafa tíu konur verið myrtar af mökum eða elskuhugum. DV fór yfir morðin og skoðaði rannsókn Bjarndísar Hrannar Hönnudóttur á kvenmorðum á Íslandi. Bjarndís telur ljóst að úrræði vantar fyrir konur í ofbeldisfullum samböndum.

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir  
guðrunosk@dv.is



Gær stigu konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum fram og fóru af stað með herferðina #Aldreiaftur. Fólk getur notað fjólubláar og bleikar myndir á Facebook til að láta vita hvort það hafi orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eða þekki einhvern sem hefur sætt ofbeldi í slíku sambandi. Með notkun myndanna ætla konur sér að vekja athygli á málefnum. Áður hafa sömu myndir verið notaðar í öðruvísi litum í samfélagsshreyfingunni #þögggun árið 2015. Þá voru myndirnar gular og appelsínugular og voru til þess að vekja athygli á hve algengt kynferðisofbeldi var og til að rjúfa þögggun um málefnið.

**Rannsakafi kvenmorð á Íslandi**  
Bjarndís Hrönn Hönnudóttir framkvæmdi rannsókn sem loka- verkefni til meistaraþráðu og starfsréttinda við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands. Markmið rannsóknar Bjarndísar var að kanna hvort til séu dæmi um kvenmorð (e. femicide) á Íslandi. Bjarndís skoðaði dóma frá árunum 1994–2014. Niðurstöður hennar gáfu til kynna að kvenmorð séu framin hér á landi. Algengast var að konur væru myrtar í kjölfar ofbeldissambands, þá oftast í skilnaðarferli eða eftir skilnað. Í ritgerðinni kemur fram að ofbeldi í nánum samböndum skiptist í fjóra flokka, líkamlegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, tilfinningalegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi.

Í ritgerð sinni fjallaði Bjarndís um mismunandi kenningar sem fræðimenn hafa sett fram um ofbeldi í nánum samböndum. Til dæmis um ógnarstjórn fedravelðisins og kenningar um makaofbeldi. Þá kemur fram að samkvæmt ýmsum rannsóknum séu kynin álíka líklega til að beita ofbeldi. Karlmennt geta því einnig orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum og upplifað sig sem fórnarlömb.

Kenningin um ógnarstjórn fedravelðisins er líklega í takt við hugrenningar flestra þegar talað er um heimilisofbeldi. Hún vísar í yfirráð karla og yfirburði þeirra í samfélaginu sem sprottinn var af valdamisvægi og ójöfnuði. Þannig vísar einn angir kenningarinnar til þess að hluti eiginmanna hafi löngum beitt konur sínar ofbeldi til að stjórna þeim og refsa.

Karlar eru ekki einir ábyrgir þegar kenningin um makaofbeldi er skoðuð. Sú kenning leggur



Húsið við Klapparastíg Bragi myrti Grétu á heimili þeirra við Klapparastíg í Reykjavík.

áherslu á að þegar deilur maka fara úr böndunum geti annar aðilinn gripið til ofbeldis án þess að vera að reyna að ná völdum yfir maka sínum. Rannsóknir hafa sýnt að slíkt ofbeldi sé til en taka verður fram að þær rannsóknir hafa verið gagnrýndar.

### Hvað eru kvenmorð?

Í rannsókn Bjarndísar kemur fram eftirfarandi um kvenmorð: „Kvenmorð vísa til ofbeldisfulls dauða kvenna eða einstaklinga sem samkvæmt skrá er kvenkyns. Dauðsfall sem grundvallast kynferði þeirra og getur hvort sem er orðið innan fjölskyldna, á heimili eða öðrum vettvangi mannlegra samskipta eða samfélags. Gerendur geta verið einstaklingar, ríki eða fulltrúar stjórnvalda, dauði þeirra getur orðið vegna beinna aðgerða eða aðgerðarleysis [...] Kvenmorð eru angir af ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi einstaklinga oft á tíðum í skjóli aðgerðarleysis stjórnvalda. Algengustu dæmi kvenmorða í vestrænum samfélögum eru morð í nánum samböndum. Kvenmorð er grófasta mynd ofbeldis gegn konum. Ofbeldi gegn konum er að jafnaði skilgreint sem kynbundið ofbeldi [...] Ofbeldi gegn konum í nánum samböndum hefur verið skilgreint sem kynbundið ofbeldi, þar sem konur verða frekar fyrir þess háttar ofbeldi vegna stöðu sinnar í



Alda Rafnsdóttir Alda ásamt syni sínum.



Rúnar Bjarki Er laus úr fangelsi, en hann afplánaði aðeins tólf ár af átján ára dómi.

á samfélaginu [...] Kynbundin morð á konum eru ekki nýtt afbrigði ofbeldis gegn konum, heldur grófasta birtingarmynd þess. Konur búa við ótal mismunandi gerðir af samfelldu ofbeldi, hvort sem er innan fjölskyldunnar, í samfélaginu, eða af hálfu hins opinbera. Konur eru ekki myrtar skyndilega og að ástæðulausu, heldur er ofbeldið yfirleitt endir á lengri atburðarás þegar kona lætur lífið.“

### Helstu niðurstöður


Bjarndís kannaði átta mál frá árunum 1994 til 2014 þar sem konur voru sviptar lífi. Sex þeirra voru kvenmorð.

„Tengslin voru með misjöfnum hætti en algengast var að brotaþoli væri eiginkona eða sambúðaraðili geranda,“ segir í rannsókn Bjarndísar.

Niðurstöður Bjarndísar



Áslaug Óladóttir



Rúnar Bjarki Er laus úr fangelsi, en hann afplánaði aðeins tólf ár af átján ára dómi.

Hrannar samræmast niðurstöðum erlendra rannsókna á kvenmorðum og ofbeldi gegn konum. Í 70 prósentum tilvika var kona myrt af þeim er hafði áður beitt hana ofbeldi.

Einnig kemur fram að það samræmist niðurstöðum rannsókna að konur kæri sjaldan þegar brotið er gegn þeim, þá sérstaklega þegar um nán tengsl er að ræða. Bjarndís bendir einnig á hvernig réttarkerfið kannar ekki ofbeldissögu gerenda og fórnarlamb.

„Ekki var spurt sérstaklega um sögu ofbeldis í sambandi, þá voru gerendur eða vitni ekki innt sérstaklega eftir upplýsingum um

það eða sambandsstöðu. Kemur það heim og saman við niðurstöður erlendis frá þar sem saga um ofbeldi virðist sjaldan rata inn í réttarkerfið.“

### Skilnaður áhætta

Samkvæmt niðurstöðum Bjarndísar er skilnaður áhættuþáttur fyrir konur. „Sama á hvaða stigi hann er. Öll mál þar sem hafði verið samband milli gerenda og brotaþola mátti tengja við skilnað, eða voru í skilnaðarferli, að undanskildu einu, þar sem ekki nægilegar upplýsingar lágu fyrir. Algengast var að karlmaðurinn væri ósáttur og vildi ekki missa



# Í DREIPA KONUR

á Íslandi ■ Algengasta ástæðan að karlmaðurinn var ósáttur og vildi ekki missa konu sína



Sri Rahmawati



Áslaug Perla Kristjónsdóttir



Hákon Eydal



Sri Rahmawati

konu sína [...] Áhættuþættir gerenda voru áfengis- og önnur vímuefnamískotkun. Sammerkt var með flestum gerendum að þeir voru undir áhrifum áfengis eða annarra lyfja við verknadinn.“

### Fedraveldishugmyndir

Bjarndís telur að merkja mætti fedraveldishugmyndir meðal gerenda þar sem til staðar voru hugmyndir um eignarrétt gagnvart konunni.

„Einnig virtist stjórnun konunnar vera algeng meðal þeirra, ásamt hugmyndum um karlmennsku og hefðbundin hlutverk kvenna,“ segir Bjarndís í rannsókn sinni.

### Úrræði

Í umræðu rannsóknarinnar tekur Bjarndís fram að úrræðum fyrir konur sem hafa búið við ofbeldi verði að fjölga hér á landi, sem og réttarvernd þeirra til að gera þeim kleift að ákæra þegar brotið er gegn þeim.

Að lokum segir Bjarndís:

„Ofbeldi gegn konum er vandamál á Íslandi og vert er að kanna betur stöðu kvenna innan réttarkerfisins sem hafa orðið fórnarlömb ofbeldis [...] Þær konur sem hafa verið myrtar hér á landi síðastliðin tuttugu ár hafa í flestum tilvikum verið nákomnar geranda.“

### Morð á konum á Íslandi síðastliðinn 30 ár

#### 10. janúar 1988

Gréta Birgisdóttir (1961–1988) var myrt af eiginmanni sínum, Braga Ólafssyni (1936–2002).

Bragi myrta Grétu á heimili þeirra við Klapparstíg í Reykjavík. Hann hringdi á lögreglu og tilkynnti andlátíð. Þegar lögreglan kom á vettvang var Bragi mjög ölvæður. Áverkar á líki Grétu leiddu til þess að hann var handtekinn en sparkað hafði verið í andlit og höfuð hennar og köðlum hafði verið vafið um háls hennar og þrengt að. Dánarorsök var köfnun. Fyrst um sinn neitaði Bragi að hafa myrt Grétu og sagði að hún hefði veitt sér áverkana sjálf. Að lokum viðurkenndi Bragi verknadinn og var dæmdur til átta ára fangelsisvistar fyrir morðið.


Heimild: Morgunblaðið 12. janúar 1988 – Dagblaðið Vísir þriðjudagur 14. janúar 1988

#### 21. febrúar 1988

Rósa K. Harðardóttir (1961–1988) var myrt af eiginmanni sínum, Tryggva Erni Harðarsyni (1961–1988)

Rósa var skotin til bana af Tryggva í íbúð þeirra í Keflavík aðfaranótt sunnudags 21. febrúar.

Tryggvi hringdi á lögreglu og



Áslaug Perla Kristjónsdóttir Var myrt af Ásgeiri Inga Ásgeirssyni.

óskaði eftir aðstoð á Suðurgötu 29 eftir að hafa skotið Rósu. Lögreglumaður spurði Tryggva hvort hann væri í Sandgerði eða Keflavík og sagðist Tryggvi vera staddur í Keflavík. Svo heyrðist skothvellingur og dynkur. Þegar lögreglu bar að garði fann hún bæði Rósu og Tryggva látin, en hann hafði svipt sig lífi.

Fyrir um kvöldið höfðu hjónin verið á dansleik og að sögn leigubílstjórans sem keyrði þau heim var ekki neitt óvenjulegt í fari þeirra. Það voru engin merki um átök í íbúðinni.

Heimild: Morgunblaðið 23. febrúar 1988

#### 3. september 1988

Alda Rafnsdóttir (1963–1988) myrt af Guðmundi Sveinbjörnssyni (1967–)

Alda Rafnsdóttir var 25 ára einstæð móðir og bjó ein með sjö ára gömlum syni sínum við hlið foreldra sinna. Sonur Öldu átti afmæli fyrir um daginn og um kvöldið fór Alda á dansleik. Þar hittu hún hinn tvítuga Guðmund Sveinbjörnsson og fóru þau saman heim til hennar. Alda og Guðmundur fóru saman í

herbergi hennar, en þar svaf sonur Öldu þungum svefni. Alda neitaði að láta fullkomlega að vilja Guðmunds og trylltist hann í kjölfarið. Í fyrstu tók hann hana kverktaki og sló hana síðan fast högg á vinstri kinn. Alda varð þá meðvitundarlaus og náði Guðmundur í hníf og stakk Öldu þrisvar sinnum í kviðarhol. Í þriðju stungu gekk allt hnífblaðið í kviðarhol Öldu og var það dánarorsökin. Sonur Öldu svaf allan tímann meðan á verknadinum stóð. Hann vaknaði þegar lögreglu bar að garði. Guðmundur reyndi tvisvar sinnum að fyrirfara sér eftir morðið. Hann fór að lokum á lögreglustöðina í Kópavogi og gaf sig þar fram. Guðmundur var dæmdur til fjórtán ára fangelsisvistar.

Heimild: Dagblaðið Vísir 25. janúar 1989

#### 15. apríl 2000

Áslaug Óladóttir (1980–2000)



Ásgeir Ingi Ásgeirsson

myrt af Rúnari Bjarka Ríkhardsyni (1978–).

Rúnar Bjarki Ríkhardsson var 22 ára þegar hann var dæmdur í átján ára fangelsi fyrir morð á Áslaugu Óladóttur á heimili hennar í Skólavegi 2 í Keflavík. Hann var einnig dæmdur fyrir nauðgun og líkamsárás.

Rúnar var dæmdur fyrir að nauðga vinkonu Áslaugar og fyrirverandi sambýliskonu sinni tvívegis. Áslaug hafði vitnað gegn Rúnari í nauðgunarmálinu. Rúnar ruddist inn á heimili Áslaugar þann 15. apríl 2000 og stakk hana 28 sinnum með hnífi víða í líkamann. Í niðurstöðum dómsins kemur fram að aðför Rúnars ▶




**Þóra Elín Þorvaldsdóttir** Skildi eftir sig tveggja ára son.




**Axel Jóhannsson** Leiddur fyrir dóm.



**Hlífur Vatnar Stefánsson** Leiddur fyrir dóm. MYND MYND: SIGTRYGGJARI



**Þóra Eyjalín Gísladóttir**



**Hlífur Vatnar Stefánsson**

að Áslaugu hafi verið tilefnaless, hrottaleg og heiftúðug. Hann hafi ekki skirrst við að ryðjast inn á heimili hennar að næturlagi og stinga hana margítrekað í höfuð, háls, bringu og víða í líkama hennar þrátt fyrir að hún væri varnarlaus og nakin inni á baðherbergi.

Rúnar var ekki talinn eiga sér neinar málsbætur og var dæmdur til átján ára fangelsisvistar.

Heimild: Mbl.is 20. desember 2000

### 27. maí 2000

**Áslaug Perla Kristjónsdóttir** (1979–2000) myrt af Ásgeiri Inga Ásgeirssyni

Áslaug Perla lést af áverkum sínum eftir að hafa fallið af níundu hæð fjölbýlishúss í Kópavogi. Ásgeir Ingi Ásgeirsson var ákærður fyrir morðið en neitaði fyrst um sinn sök. Fyrir rétti komu tvö sjónarhorn fram, sjónarhorn verjanda var að um slys hefði verið að ræða, sjónarhorn sækjanda var að um morð hefði verið að ræða. Ákærvaldið taldi öll gögn benda til að Ásgeir hafi ýtt Áslaugu yfir handriðið. Hann hafði borið hjá lögreglu að hann bæri ábyrgð á dauða hennar en ekki viljað greina frá hvernig það hefði borið að. Talið er að hann hafi orðið Áslaugu að bana því hún hafi neitað honum um samfarir. Í lögreglu-bíl frá vettvangi hótaði Ásgeir að

myrða börn lögreglumanna eftir að hann myndi losna úr fangelsi. Ásgeir var dæmdur til fjórtán ára fangelsisvistar.

Heimild: Dagblaðið Vísir 13. desember 2000

### 4. júlí 2004

**Sri Rahmawati** (1970–2004) var myrt af barnsföður sínum, Hákon Eydal

Hákon Eydal hlaut sextán ára fangelsisdóm fyrir að myrða Sri Rahmawati, barnsmóður sína. Saman áttu Sri og Hákon eitt barn, en fyrir átti Sri tvö börn. Sri var frá Indónesíu en hafði ásamt systur sinni og fjölskyldu hennar búið að Íslandi. Hákon og Sri kynntust fimm árum áður en hún lét lífið og bjuggu saman í sex mánuði. Sri hafði lagt fram kærur á hendur Hákonni fyrir ofbeldisverk og hótanir í hennar garð. Hákon bar því við fyrir dómi að hann hefði myrt Sri eftir að hún hefði hótað að hann fengi ekki að sjá dóttur þeirra aftur.

Dómarar töldu Hákon ósannfærandi og sögðu atlöguna að Sri Rahmawati vera heiftarlega, bersýnilega og hann hafi framið verknadinn af ásetningi.

Hákon myrti Sri með kúbeini og taubelti. Hann bar lík hennar inn í sturtuklefa og þreif það. Setti svo í poka og bar það út í bíl. Hann henti farsíma Sri í sjóinn og losaði



**Sanita Braune** Var myrt vegna afbrýðisemi.



**Sæunn Pálsdóttir**

sig við lík hennar í hraungjótu.

Lík Sri fannst í djúpri og þröngri hraunsprungu í Almenningsi fyrir sunnan Hafnarfjörð 3. ágúst, mánuði eftir að Hákon myrti hana. Hákon var dæmdur í sextán ára fangelsi.

Heimild: Fréttablaðið 19. mars 2005

### 1. nóvember 2004

**Sæunn Pálsdóttir** (1979–2004) myrt af eiginmanni sínum, Magnúsi Einarssyni

Magnús Einarsson var dæmdur í ellefu ára fangelsi fyrir að hafa myrt eigin konu sína, Sæunni Pálsdóttur. Magnús banaði Sæunni á heimili þeirra í Hamraborg í Kópavogi aðfaranótt 1. nóvember 2004. Þau áttu tvö börn saman. Magnús

varð Þóru Elínu að bana í Heiðmörk. Hann kyrkti hana í bíl sínum og kom líki hennar fyrir í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Axel ók síðan á Landspítalann í Fossvogi þar sem hann gaf sig fram. Axel var úrskurðaður ósakhæfur. Fyrir dómi bar Axel fyrir sig minnisleysi og því lá ekki hrein játning fyrir í málinu. Hann var vistaður á réttargeðdeildinni að Sogni. Axel og Þóra Elín áttu saman tveggja ára dreng. Heimild: Pressan 9. ágúst 2011

### 3. febrúar 2012

**Þóra Eyjalín Gísladóttir** (1976–2012) myrt af unnusta sínum, Hlífari Vatnari Stefánssyni (1989–)

Þóra Eyjalín var stungin til bana í Hafnarfirði af unnusta sínum, Hlífari Vatnari. Hlífur kom sjálfur á lögreglustöð og tilkynnti um morðið. Þegar lögreglumenn komu að heimili Hlífars fundu þeir lík Þóru Eyjalínar sem hafði verið stungin ítrekað. Hún hafði verið látin í einn til tvo daga. Sumir áverkanna voru veittir eftir andlát samkvæmt blóðmeinafræðingi við réttarhöld. Vitnisburður hans varð til þess að nokkrir viðstaddir í réttarsalnum fóru að gráta.

Hlífur játaði á sig morðið og var metinn sakhæfur af geðlæknum. „Ég ætlaði engan veginn að drepa þessa manneskju. Þetta skeði bara,“ sagði Hlífur fyrir dómi að hafa lamið Sanitu með glerflösku og slökktvitæki en neitar að árásin hafi leitt til dauða hennar. Heimild: DV.is 22. júní 2012

### 21. september 2017

**Sanita Braun** myrt

Sanita Braun var myrt þann 21. september 2017. Khaled Cario er grunaður um verknadinn og hefur verið ákærður fyrir að hafa banað Sanitu Braune á heimili hennar við Hagamel. Kvöldið sem Sanita var myrt skoðaði Khaled tölva hennar og sá þar að Sanita átti í samskiptum við aðra karlmenn. Hann hafi þá tryllst. Khaled játaði að hafa lamið Sanitu með glerflösku og slökktvitæki en neitar að árásin hafi leitt til dauða hennar. Málið stendur enn yfir. ■


rédst að Sæunni og þröngdi að hálsi hennar. Hann játaði verknadinn bæði fyrir tengdafaforeldrum sínum og lögreglu.

Samkvæmt mati sálfræðings og geðlæknis framdi Magnús verknadinn þegar hann var í andlegu ójafnvægi vegna afbrýðisemi. Hjónaband þeirra hafði verið stormasamt um langt skeið. Fimm dögum eftir að Magnús myrti Sæunni höfðu þau ætlað að ganga frá skilnaði hjá Sýslumanninum í Kópavogi.


Heimild: Fréttablaðið 24. febrúar 2006

### 12. maí 2011

**Þóra Elín Þorvaldsdóttir** (1990–2011) myrt af sambýlismanni sínum og barnsföður, Axel Jóhannssyni




SENDIBÍLASTÖÐIN HF  
**553 5050**




# TRÚIN FLYTUR FJÖLL VIÐ FLYTJUM ALLT ANNAÐ

**Flytjum:** Fyrirtæki • Búslóðir • Píanó • Flygla • Peningaskápa  
Allt frá umslagi upp í stórflutninga • Skutlur • Millistórir bílar m/lyftu  
Stórir bílar m/lyftu • Kælibílar • Búslóðalyftur • Bílstjórnarnir aðstoða



SENDIBÍLASTÖÐIN HF  
**553 5050**



Klettagörðum 1, Reykjavík - Símar 553 5050 & 533 1000 - [www.sendibilastodin.is](http://www.sendibilastodin.is)

# Fólkið sem ætti ekki að flytjast til Íslands

■ **Mega Vika og Pungsi Pungsi þar á meðal** ■ **Pikuna Pikuna yrði talinn dóni á Tinder**

Íslendingar hafa alla tíð haft sérstaklega gaman af erlendum nöfnum sem hljóma einkennilega á íslensku. Sem dæmi má nefna um 100 brandara Bjarna Fel um tyrkneska markvörðinn Engin sem og gleði íslenskra þróttamanna í hvert skipti sem tékkneski sóknarmaðurinn Pavel Kuka snerti boltann.

Samfélagsmiðilinn Facebook er sannkölluð fjársjóðskista varðandi leit að slíkum nöfnum og hér deilir DV með lesendum sínum nöfnum nokkurra einstaklinga sem ættu erfitt uppdráttar hér á landi ef búferlaflutningar væru framundan. ■

ritstjorn@dv.is



■ Ein þekktasta markaðsherferð landsins er Megavika Domino's sem er haldin reglulega allt árið um kring. Auglýsingar um tilbods vikuna tröllriða þá öllum fjölmiðlum. Það er hætt við að brandararnir sem myndu dynja á hinni bandarísku **Mega Vika** yrðu nánast óbærilegir. Á móti kemur að Mega gæti eflaust haft einhverjar tekjur af því að gerast andlit herferðarinnar, nú eða fá bara lífstíðarbirgðir af kanilgotti.



■ Bandaríski tónlistarmaðurinn **Ras Gato** frá Pittsburgh í Pennsylvaníu-fylki yrði seint tekinn alvarlega hér á landi.



■ Það sama gildir um hina indversku **Pungsi Pungsi** sem býr í borginni Seppa í Indlandi. Hún ætti sér ekki viðreisnar von hér á landi.

■ Landi hennar **Pikuna Pikuna** ætti ekki heldur séns. Bara þegar hann myndi kynna sig á öldurhúsum bæjarins yrði hann álitinn hinn mesti dóni.



■ Hin súðanska **Kukandi Manadi Almak** ætti sömuleiðis erfitt uppdráttar hér á landi. Eiginmaður hennar **Kuchi** yrði ekki í mikilvægt málum.



**Pikuna Pikuna** Indverski sjarmörinn væri talinn hinn mesti dóni á íslenska Tinder.



■ Sú var tíðin að lífið var einfalt og gott. Veðrið var betra, heimurinn friðsælli og Helga Steffensen tryllti lýðinn með hliðarsjálfri sínu, Lilla Apa. Lilli Api var helsta hetja nokkurra kynslóða Íslendinga sem nú eru komnir til vits og ára. Það er því líklegt að franska þokkadísín **Lili Api** þyrfti að þola einhverjar háðsglósurnar fyrir að deila nafni með goðinu.

■ „Hvað heitir finnska hór-an? Nartí Tillana“ var brandari sem fór sem eldur í sínu á sínum tíma. Það skal látið ósagt í hvað hin finnska Maija nartar en eftirnafn hennar, **Typpi-Häkkinen**, gerir búsetu á Íslandi nokkuð flókna.



■ Þau gætu mögulega leitað sér huggunar hjá þjáningarbróður sínum, **Fre Tar** frá Chile.

■ Í Varsjá í Póllandi býr síðan ungur drengur, líklega af taílenskum uppruna, sem heitir **Kun Tan**. Hann valdi að læra eðlisfræði í bandarískum háskóla, sem var líklega betra en að setjast á skólabeck í Háskóla Íslands.




**Gangandi morðhótun**  
Ariana Drepa frá Napólí yrði hugsanlega litin hornauga hér á landi.



■ Sú sem ætti erfðast af öllum við flutning til landsins er ung, ítölsk snót og það er vegna þess að hún er nánast gangandi morðhótun. Stúlkan er frá Napólí og heitir **Ariana Drepa**.

■ Í Bochum í Þýskalandi býr glæsileg ung kona sem heitir **Katharina Hornef**. Hún myndi bera nafn með rentu í íslenskri flensutíð.



Starfsmannaleiga

&

Ráðningaþjónusta



ICELAND

RECRUITMENT

ALLTAF GOTT FÓLK

IRC.is

Alltaf Fagfólk

Alltaf enskumælandi

**Alan Matthews**

Framkvæmdastjóri

GSM / Mobile: +354 775-7336

alan@irc.is

**Styrkár Matthews**

Sölufulltrúi

GSM / Mobile: +354 771-8204

sfm@irc.is



# TOLO & LOUTRAKI í Grikklandi ...



**H**eimsferðir bjóða nú í fyrsta sinn sólarferðir til strandbæjanna **Tolo** og **Loutraki** á meginlandi Grikklands. Tolo er fallegur strandbær á Pelópsskaganum sem býður ekta gríska stemmningu. Eitt af einkennum Grikklands er nálægð við sjóinn og fegurðin þar lætur engan ósnortinn en strendurnar í Grikklandi eru alveg einstaklega fallegar og góðar. Þessi fallegi strandbær hefur í gegnum árin haldið sínum einstaka gríska sjarma en Tolo kúrir við einstaklega fallega strandlengjuna annars vegar en umlukið fjöllum hins vegar. Hér eru sand- og steinvölustrendur en strendurnar og blár sjórinn skapa andstæður við landslagið en það hefur ávallt heillað sólþyrstan ferðalanginn. Hér getur þú notið lífsins í suðrænni sól, í rólegu og friðsælu umhverfi með yndislegum heimamönnum – fullkomið fyrir afslappandi frí!

## TOLO



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

**Asteria Hotel**

**Frá kr. 104.065 m/morgunmat innif.**  
Netverð á mann frá kr. 104.065 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 110.095 m.v. 2 fullorðna í gistingu.  
21. maí í 7 nætur



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

**John & George Hotel**

**Frá kr. 107.065 m/hálft fæði innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 107.065 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 113.695 m.v. 2 fullorðna í gistingu.  
21. maí í 7 nætur.



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

**Tolo Hotel**

**Frá kr. 110.095 m/hálft fæði innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 107.065 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 113.695 m.v. 2 fullorðna í gistingu.  
21. maí í 7 nætur.

Frá kr.  
**104.065**



Allt að  
**20.000 kr.**  
afsláttur á mann

Flugsæti frá kr.  
**89.900**  
báðar leiðir

# Í beinu flugi til Apenu

Loutraki er gamall og fallegur strandbær við Corinth-flóa en skammt frá kúrir Isthmia strandbærinn við Saronic-flóa. Hér er að finna ekta gríska stemmningu en strendurnar í Grikklandi eru alveg einstaklega fallegar og góðar. Sjórinn er einstaklega tær og blár á þessum slóðum en hér er töfrandi andrúmsloft og óvenjulegt landslag, sérstök náttúruvegurð og eitt besta loftslag í heiminum. Hér eru veitingastaðir á vogskornum klöppum meðfram strandlengjunni sem töfra fram Miðjarðarhafsrétti af sinni alkunnu snilld en Grikkir leggja mikið upp úr hollu fæði, góðum kryddum og olíum í matargerðinni. Þá er einnig að finna við strandlengjuna kaffihús, bari og lifandi tónlist má heyrna óma. Hér sækja ferðamenn í töfrandi umhverfi sem býr yfir óviðjafnanlegri náttúruvegurð, áhugaverðum stöðum, á sögulegum og mögnuðum slóðum.

## LOUTRAKI



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

**Wyndham Poseidon Resort**

**Frá kr. 122.795 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 122.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 149.695 m.v. 2 fullorðna í gistingu.  
21. maí í 7 nætur.



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

**Ramada Poseidon Resort**

**Frá kr. 112.995 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 112.995 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 145.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.  
21. maí í 7 nætur.



Allt að 20.000 kr. afsláttur á mann

**King Saron Hotel**

**Frá kr. 108.665 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 108.665 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í gistingu. Netverð á mann frá kr. 122.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.  
21. maí í 7 nætur.



Heimilisfang  
Kringlan 4-12, 4. hæð  
103 Reykjavík

FRÉTTASKOT  
512 7070  
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson  
Fræðsluformaður: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson  
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000  
Auglýsingar: 512 7050  
Ritstjórn: 512 7010

## Sandkorn



### Geislahverfið nötraði

Hávært andvarp og bölv heyrðist í Þorláksgeisla skömmu eftir miðnætti aðfaranótt síðasta miðvikudags. Segja má að Geislahverfið í Grafarholtinu hafi hreinlega nötrað af skelfingu og bræði. Á þriðju hæð í Þorláksgeisla býr **Gylfi Arnbjörnsson**, forseti ASÍ til tíu ára, og líklegast er tímasetning títtingsins ekki tilviljun þar sem ljóst var upp úr miðnætti á miðvikudag að **Sólveig Anna Jónsdóttir** yrði formaður Eflingar. Gylfi mun mæta á ársþing ASÍ næsta haust með Sólveigu Önnu og Ragnari Þór úr VR, en allt stefnir í að þetta verði hans síðasta ársþing þar sem Efling, VR, **Vilhjálmur Birgisson** á Akranesi og Aðalsteinn Baldursson á Húsavík eru með tæp 53 prósent atkvæða innan ASÍ.

### Það sem Vinstri - græn segja þér ekki

Vantrauststillagan á **Sigríði Andersen** dómismálaráðherra var felld í vikunni og voru andstaðingar ríkisstjórnarinnar fljótir að hrópa svik og segja VG hvítþvo syndir ráðherrans. VG-liðar segja lítið, taka helst undir með formanninum og forsætisráðherranum um að vantraust á dómismálaráðherra hafi litla þýðingu. Það sem Vinstri - græn vilja ekki segja opinberlega er að ástæðan fyrir traustinu á Sigríði Andersen sé ekki hrifning af henni heldur til að vernda eigin ráðherra. Ef þingmenn VG hefðu fylgt sannfæringu sinni og kosið með vantrausti myndi ekkert stöðva Sjálfstæðismenn í að lýsa yfir vantrausti á **Svandísi Svavarsdóttur** heilbrigðisráðherra og **Guðmund Inga Guðbrandsson** umhverfisráðherra, en segja má að þingmenn Sjálfstæðisflokks séu álíka hrifnir af þeim og Vinstri - græn af Sigríði Andersen.

# Ofbeldismennirnir og kerfið sem styður þá

## Leiðari

Kristján Kormákur Guðjónsson  
kristjon@dv.is

Síðastliðin 30 ár hafa tíu konur verið myrtar af mökum eða elskhugum. Þetta kemur fram í DV í dag þar sem fjallað er um ofbeldi og kvenmorð á Íslandi. DV hafði til hliðsjónar rannsókn Bjarndísar Hrannar Hönnudóttur en hún telur ljóst að úrræði vantar fyrir konur í ofbeldisfullum samböndum. Í DV í dag er einnig að finna viðtal við Hildi Þorsteinsdóttur sem tjáir sig um ofbeldi sem hún kveðst hafa sætt í fjölda ára.

Frásögn Hildar varpar ljósi á meingallað kerfi sem heldur áfram að beita konur ofbeldi eftir að þeim hefur með átaki loks tekist að brjótast út úr skelfilegum aðstæðum. Þrátt fyrir að hafa slitið sambandi sínu fyrir rúmum þremur árum er enn ekki búðið að skipta eignum Hildar og Magnúsar Jónssonar. Skiptastjóri úthlutaði einnig Magnúsi félögum sem í voru miklir fjármunir í stað þess að frysta þá. Hefur það valdið ómældu tjóni.

Hefur Magnúsi því tekist með aðstoð lögfræðinga að tefta

Frásögn Hildar varpar ljósi á meingallað kerfi sem heldur áfram að beita konur ofbeldi eftir að þeim hefur með átaki loks tekist að brjótast út úr skelfilegum aðstæðum.

málið nánast út í hið óendanlega. Í raun er um mannréttindabrot að ræða sem svífaseint kerfi tekur þátt í. Hildur fékk neyðarhnapp en ekki nálgunarbann! Hún er heppin að því leyti að hún á gott fólk að sem stendur vel fjárhagslega. Án þeirra hefði sambylismaðurinn fyrirverandi gengið glaðhlakalegur í burtu með meirihluta eigna þeirra.

Hildur lifði af til að segja sína sögu og er enn að byggja sig upp. Ekki eru allar konur svo heppnar. Eins og segir í ritgerð Bjarndísar þá er kvenmorð grófasta mynd ofbeldis gegn konum. Konur búa við ótal mismunandi gerðir af samfelldu ofbeldi, hvort sem er innan fjölskyldunnar, í

samfélaginu, eða af hálfu hins opinbera. Konur eru ekki myrtar skyndilega og að ástæðulausu, heldur er morðið yfirleitt endalok lengri atburðarásar sem ein-kennst hefur af miklu ofbeldi.

Það eru ekki aðeins konur sem þjást í ofbeldissamböndum. Í hverri einustu viku verða fimm til sex börn vitni að því þegar foreldrar beita hvort annað ofbeldi. Um 40 prósent þeirra þurfa á áfallameðferð að halda. Það eru tvö til þrjú börn í viku sem þurfa áfallahjálpu vegna þess að þau sjá mömmu sína eða pabba sæta ofbeldi. Ég hef sjálfur orðið vitni að heimilisofbeldi og sá ýmislegt sem ekkert barn á að verða vitni að og var á endanum tekinn af heimilinu. Mín minning er ömurlegasta minning æsku minnar og það á enginn skilið að drattast með slíkar minningar í gegnum lífið.

Í dag tek ég hatt minn ofan fyrir Hildi fyrir að segja sína sögu og um leið fagna ég því að í gær stigu konur fram til að greina frá ofbeldi í nánnum samböndum með herferðinni #Aldreiaftur.

Það er óskandi að þær konur hafi hátt og rödd þeirra berist sem víðast. ■

## ORÐIÐ Á GÖTUNNI



### Sigmundur Davíð fluttur í Gardabæinn

Lögheimili Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Miðflokksins, er nú skráð í Reykjavík að Skráðási 7 í Gardabæ. Þar býr Sigmundur ásamt Önnu Sigurlaugu Pálsdóttur í 370 fermetra glæsihýsi en húsið er í eigu foreldra Önnu. Samkvæmt heimildum DV færdu lögfræðingar Þjóðskrár lögheimili Sigmundar um síðustu mánaðamót. Sigmundur var áður skráður til heimilis á Hrafnabjörgum III í Jökulsárhlíð. Í desember í fyrra flutti hann svo lögheimilið til Akureyrar eftir að fyrri lögheimilisráning var kærð. Þetta þýðir að Sigmundur ætti því ekki að fá greiðslur vegna húsnæðis upp á 134 þúsund krónur skattfrjálst.

Orðið á götunni er að Steingrímur J. Sigrússon sé næstur í röðinni og verði færður í glæsihýsið sitt í Breiðholti þar sem hann hefur búði í fjölda ára.



## MEÐ OG Á MÓTI VANTRAUST Á SIGRÍÐI ANDERSEN

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar

Ég tel að það sé nauðsynlegt til þess að auka tiltrú á hinu nýja dómstigi í landinu, Landsrétti. Dómismálaráðherra hefur í tvígang verið dæmdur í Hæstarétti fyrir ólögsmæta embættisfærslu. Það er fyrirséð og hefur nú þegar hafist að málaferli verða í gangi um nokkurt skeið vegna hennar starfa. Hennar ólögsmætu embættisfærslur hafa þegar valdið skattgreiðendum miklu fjárhagstjóni, ófyrirséð er hversu langan tíma málaferlin taka og hversu mikið fjárhagstjón verður þegar upp er staðið.



MEÐ

Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri - grænna

Ég lít á það þannig að ef það er samþykkt vantraust á staka ráðherra þá þýðir það í raun að ríkisstjórnin er ekki lengur starfhæf. Í samsteypustjórnnum er hver flokkur ábyrgur fyrir skipan sinnar ráðherra, en með því að ganga til samstarfs yfirleitt lýsa hinir flokkarnir stuðningi við hver annan og slíkt er í raun forsenda samstarfsins. Vinstri - græn voru ekki sammála embættisfærslu í tengslum við skipan Landsréttar á síðasta kjörtímabili en ákváðu engu að síður að mynda ríkisstjórn með Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki eftir kosningar. Sú ákvörðun stendur.



Á MÓTI

## Spurning vikunnar

Styður þú Ragnar Þór Ingólfsson eða Gylfa Arnbjörnsson sem málsvara verkalýðsins?



„Gylfa Arnbjörnsson, mér list betur á hann.“

Sigurbára Sigurdardóttir



„Ég styð Gylfa því mér finnst hann allt í lagi.“

Brynjar Örn Bragason



„Ragnar Þór í VR. Mér finnst kominn tími á nýliðun og Gylfa út.“

Þorbjörg Karlsdóttir



„Örugglega ekki Gylfa Arnbjörnsson.“

Ingi Ragnar Pálmason



# Brot af því besta

9. mars 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



## Fjölskyldufyrirtæki í áratugi

### ÚTFARARÞJÓNUSTA RÚNARS GEIRMUNDSSONAR

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu. Rúnar hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Elís og Sigurður, þar ásamt föður sínum.

Orðsporið skiptir útfararþjónustu miklu. „Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út," segir Rúnar sem hefur þrjátíu ára reynslu af útfararþjónustu. „Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu gegn greiðslu en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni," segir hann.

#### Formaður Félags íslenskra útfararstjóra

Ásamt daglegum störfum við hefðbundna útfararþjónustu er Rúnar Geirmundsson formaður Félags íslenskra útfararstjóra. Félagið hefur verið starfrækt í yfir áratug og hefur Rúnar verið formaður þess allt frá upphafi. Aðaltilgangur félagsins er

skapa vettvang til að halda utan um siðareglur útfararstjóra. „Starf mitt sem formaður felst aðallega í því að halda utan um fundastarf og framfylgja reglum og samþykktum aðalfunda. Ég sæki einnig fundi erlendis enda á félagið í talsverðum erlendum samskiptum. Siðareglur evrópskra útfararstjóra eru til að mynda grunnur íslensku siðareglanna," segir Rúnar. Ekki er lagaleg skylda að útfararstjóra séu í félaginu en nánast allir starfandi útfararstjórar eru þó félagsmenn og hafa undirritað siðareglur félagsins.

#### Virðing og alúð

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðunum og síðan í eigin fyrirtæki. Aðspurður segist hann hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljýja, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.

Þegar andlát ber að garði er mikilvægt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst," segir Rúnar. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna.

#### Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest eða athafnarstjóra og síðan að tímasetja allar athafnir og bóka grafartöku eða bálför. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut að sinna en við sjáum um allt er lýtur að undirbúningi og framkvæmd útfara. Til að mynda höldum við utan um öll samskipti við aðstandendur, tónlistarfólk, kirkjur, blómabúðir, kirkjugarða og alla þá sem koma að útför.

#### Íslensk hönnun og handverk

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar leggur mikið upp úr því að vera með fallegar kistur á góðu verði sem standast ströngustu kröfur um umhverfisvernd. Algengastar eru hinar hefðbundnu hvítu kistur

en alltaf er eitthvað um að fólk vilji harðviðar kistur, til dæmis eik eða mahóni. Val á kistum getur vafist fyrir aðstandendum enda úrvalið nokkuð. „Við eignum umhverfisvænar og fallegar hefðbundnar hvítar kistur, sem eru algengastar, en einnig töluvert úrval af viðarkistum." Í fyrsta sinn á Íslandi hefur Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar nú látið hanna og smíða íslenskar kistur úr íslenskum við í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson trésmið. „Við höfum hannað sérstaka kistu og duftker út frá hugmyndinni um íslenska kistu úr alíslenskum við til brennslu og jarðsetningar," útskýrir Rúnar. Kisturnar eru úr við sem er unninn og þurrkaður í Hallormsstaðarskógi. „Þessi kista er mjög falleg, úr grófum við og ólökkuð eða máluð á náttúrulegan máta."

Nánari upplýsingar er að finna á [utfarir.is](http://utfarir.is) eða í síma 567-9110 allan sólarhringinn, alla daga ársins.



Annar eigandinn, Jaroon Nuamnui frá Sukhothai í Tailandi, sker pizzurnar.



## Gallery Pizza byggir á gömlum grunni

GALLERY PIZZA,  
HVOLSVEGI 29, HVOLSVELLI

**G**allery Pizza er gamalgróinn veitingastaður í hjarta Hvolsvallar, stofnaður upp úr 1990, af þeim Þorsteini Jónssyni og Ingólfi Ingólfssyni. Núverandi eigendur staðarins, hjónin Sigurður B. Guðmundsson og Jaroon Nuamnui, keyptu reksturinn árið 2012 og hafa kappkostað að halda í þær venjur sem fært hafa staðnum vinsældir í gegnum tíðina, ásamt því að byggja hann upp og þróa áfram.

„Hér eru margir fastir viðskiptavinir, t.d. fólk úr sveitinni, og heimamenn eru afskaplega duglegir að stunda þennan stað. Þess vegna hefur verið hægt að hafa hann opinn allt árið um kring í gegnum árin. Erlendir ferða-

menn eru síðan mikil viðbót. En fólk kann vel að meta að hér sé haldið í hefðirnar sem sköpuðust fyrstu árin, sem lýsir sér meðal annars í kjör-orðinu „matarmikið og vel útilátið“. Svona í bændastíl,” segir Sigurður B. Guðmundsson, en Gallery Pizza er þekktur fyrir í senn fjölbreyttan, vel útilátinn og bragðgóðan mat.


„En um leið og við höldum í hefðirnar þá byggjum við líka upp og mætum aukinni aðsókn sem hefur verið undanfarnin ár enda mikil uppbygging og gróska í héraðinu sem við njótum góðs af. Til dæmis byggðum við hér huggulega útiaðstöðu sem er mikið notuð á sumrin,” segir Sigurður.

Á Gallery Pizza eru yfir 20 tegundir

af pizzum í boði. „Síðan velur fólk sér líka oft það sem það vill á sína pizzu og setur hana þannig saman sjálf. En það má nefna til sögunnar þrjár pizzur sem hafa notið gífurlegra vinsælda í gegnum tíðina og heita allar dálítið sérstökum nöfnum. Ein sú frægasta er Hraun – Lava, sem er afskaplega vinsæl, en á henni er pepperóni, sveppir, hvítlaukur, jalapeno, rjómaostur og grænar ólífur. Gallery Djúsi er önnur fræg, hún er með pepperóni, sveppum, lauk, ananas og piparosti. Síðan er hér fornfræg pizza sem heitir Fjallamjólk og er mjög vinsæl í sveitinni. Hún er með pepperóni, ananas, beikoni og chili-kryddi. Sjávarréttapizzan er líka

afar vinsæl,” segir Sigurður. Pizzurnar á Gallery Pizza hafa sín sérkenni sem finnast ekki annars staðar: „Þetta eru alvörupizzur. Við gerum allt frá grunni og samkvæmt uppskriftunum sem voru hér í upphafi. Botninn er millipykkur og eins og karlarnir segja oft þegar þeir hringja og panta: „Hafðu þetta vel útilátið á köntunum.“ Pizzurnar okkar eru bragðmiklar og matarmiklar og Jaroon handsker allt grænmetið til að ferskleikinn haldi sér sem best.“

Margvíslegir aðrir réttir eru á boðstólum hjá Gallery Pizza, til dæmis kjúklingasalát, sjávarréttasalát, hamborgarar, lambakótelettur og subsamlokur. Þá eru fiskréttir vinsælir á staðnum. Í hádeginu á virkum dögum eru alltaf tilboð og en fast hádegisverðartilboð á föstudögum er pizza-hlaðborð á 1.600 krónur. „Það er líf og fjör í hádeginu hér á föstudögum. Hér hittist margt fólk úr sveitinni, bændur og hestamenn, því hér eru hestabúgarðar í kring. Stemningin er afskapleg góð. Einnig er vinsælt hjá hópum að hringja, panta sér pizza-hlaðborð og koma hér saman,” segir Sigurður.



## Yoga Shala: Fjölbreyttir jógatímar og innrauður hiti

**É**g hef upplifað það margfalt að jóga breytir lífi fólks og það er yndislegt að verða vitni að því. Jógaíðkun fer stöðugt vaxandi og þetta er engin bóla,” segir Ingibjörg Stefánsdóttir hjá Yoga Shala. Stöðin flutti í Skeifuna 7, 3. hæð, í janúar árið 2017 en hefur verið starfandi allar götur frá 2005.

„Það eru til svo margar aðferðir við að iðka jóga, það er að þróa eins og allt annað. Það eru komnir margir stílar og þú getur í raun bara valið það sem hentar þér. Það þarf ekki alltaf að vera líkamlega krefjandi,” segir Ingibjörg sem hefur upplifað mikla þróun í faginu og fylgist vel með.

„Við bjóðum upp á fjölbreytta jóga-tíma. Meðal annars bjóðum við upp á svokallað Ashtanga vinyasa jóga sem er grunnurinn að mörgu annars konar jóga eins og t.d. kraftjóga og jógaflæði sem hefur fylgt í kjölfarið.

Þetta er nokkuð líkamlegt afbrigði af jóga en hugleiðslan er alltaf með, öndun og slökun. Við bjóðum einnig upp á jógaflæði, jóga nidra djúpslökun, Baptiste kraftjóga og skemmtilega viðburði. Einnig erum við með opna grunntíma sem hægt er að koma í hvenær sem er.“

Ingibjörg segir að líkamlegur ávinningur af jógaíðkun sé styrkur, mýkt og liðleiki. Andlegi ávinningurinn er m.a. minni streita og kvíði, aukin andleg vellíðan, meiri núvitund og jákvæðni.

### Innrauður hiti slær í gegn

„Við erum fyrsta stöðin sem fór að nota innrauðan hita í salnum. Í stað þess að dæla heitu lofti inn í salinn erum við með hitapanela í loftinu sem eru hljóðlausir og verma salinn á þann hátt að það er verið að hita þig en ekki loftið í kringum þig. Notkun á innrauð-

um hita hefur þau áhrif að blóðflæði eykst til allra vefja líkamans sem hefur jákvæð áhrif á einstaklinga með t.d. vöðvabólgu og gigt. Innrauði hitinn er hjálpa mörgum og hefur slegið rækilega í gegn,” segir Ingibjörg.

Fjölbreytt námskeið eru í boði hjá Yoga Shala og allir geta fundið eitt-hvað við sitt hæfi. Ingibjörg segir að námskeiðið Stirðir strákar hafi slegið rækilega í gegn og er það fullbókað hvað eftir annað. „Kyrrðarjóga fyrir konur hefur líka slegið í gegn þar sem lögd er áhersla á hugleiðslu og djúpslökun með aðferðum jóga nidra. Hver sem er getur stundað þessa tegund af jóga því aðferðin er í raun áreynslulaus streitulosun þar sem um liggjandi, leidda hugleiðslu og djúpslökun er að ræða.

200 stunda jógakennaranám hefst núna í mars. Það eru margir sem

hafa áhuga á kenna jóga. Við veljum fáa inn – fólk sem hefur verið að iðka jóga og er tilbúið að koma í spennandi fróðlegt jógaferðalag. Sumir velja að kenna fljótlega eftir námið, aðrir koma í námið eingöngu fyrir sig, til að dýpka sína jógaíðkun.“

### Yoga Shala Reykjavík – APPIÐ

„Við erum komin með app. Hægt er að hlaða því niður, bóka tíma og fylgjast með hvað er í gangi.“

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á vefsíðunni [yogashala.is](http://yogashala.is) og Facebook-síðu [Yoga Shala Reykjavík](https://www.facebook.com/YogaShalaReykjavik). Einnig eru upplýsingar veittar í síma 553-0203 eða í gegnum tölvupóst á [netfangið.yoga@yogashala.is](mailto:netfangið.yoga@yogashala.is).

# PROLAN

PROTECTIVE LANOLIN



Prolan  
Medium

Ertu  
viss  
um að  
þú sért  
með  
réttu  
efnið?



FYRIR



EFTIR



FYRIR



EFTIR

[WWW.SMARIHOLM.COM](http://WWW.SMARIHOLM.COM)



HUMARSALAN: ÁVALLT MEÐ FYRSTA FLOKKS HUMAR

# Spríklandi ferskur fiskur beint á veitingastaði

**F**erskir þorsknakkur og þorskbítar eru vinsæl afurð frá okkur, sem við sækjum nú daglega í ferskfiskvinnslu Skinneyjar Þinganes í Þorlákshöfn. Þar veiða menn og vinna hágæða ferskan fisk alla daga frá bátum útgerðarinnar. Humarsalan hóf nýlega að bjóða viðskiptavinum sínum upp á þessa brakandi fersku afurð sem við dreifum daglega inn á veitingastaði og mótuneyti um allt land," segir Jakob Hermansson, sölustjóri Humarsölunnar.

Humarsalan sérhæfir sig í

sölu á spríklandi ferskum fiski, humri og öðrum skelfiski fyrir verslanir, veitingahús, veislubjónustur og einstaklinga. „Humarinn og fersku þorsknakkarnir eru langvinsælastir en við erum sérfræðingar í sjávarfangi og bjóðum aðeins upp á hágæða hráefni," segir Jakob.



**Humarsalan: Tákn um gæði** Humarsalan var stofnuð í janúar 2004. „Markmið okkar er ávallt að bjóða upp á fyrsta flokks fisk allt árið um kring og veita fyrirtaksþjónustu," segir Jakob. Fljótlega eftir stofnun fyrirtækisins var viðskiptavinum einnig boðið upp á steinbíts- og skötuselskinnar, sem njóta gríðarlegra vinsælda. „Orðstír fyrirtækisins hefur vaxið jafnt og þétt og má með sanni segja að merki Humarsölunnar sé tákn um gæði," segir Jakob.



## Íslenskt hráefni í hæsta klassa

„Við bjóðum aðeins upp á hráefni í hæsta klassa frá öflugustu humarútgerð landsins, en það hefur löngum löðað við Hornafjörð að þar sé besta humarinn að fá," segir Jakob. Humarsalan selur einnig aðrar afurðir Skinneyjar-Þinganes. „Steinbítskinnar og léttsaltaðar þorsklundir njóta orðið sífellt aukinna vinsælda, og finnum við fyrir miklum áhuga á íslensku sjávarfangi jafnt hjá veitingastöðum og hinum almenna neytanda."

## Mikið af nýjungum í gegnum árin

Humarsalan býður upp á mjög mikið úrval af humri

með skel og án skeljar, og hefur skelfletti humarinn orðið sífellt vinsælli. „Fólk er farið að nota skelfletta humarinn í ótrúlegustu matargerð eins og t.d. ommelettur, pítur, samlokur og margt fleira. Einnig hafa aðrar íslenskar sjávarafurðir eins og steinbítskinnar, skötuselskinnar, léttsaltaðar þorsklundir, ásamt innfluttu sjávarfangi eins og risarækju, hörpuskel, túnfiski og fleiru, verið mjög vinsælar. Á vörulista Humarsölunnar hafa verið að bæstast við nýjungar í gegnum árin og koma viðskiptavinir Humarsölunnar víða að. Við erum því bjartsýn og sjáum mikið af tækifærum," segir Jakob að lokum.

Í vefverslun fyrirtækisins, humarsalan.is, er að finna gott yfirlit yfir vöruúrvalið. Einnig má finna þar fjölmargar uppskriftir af humar- og fiskréttum.

Sími: 867-6677 Netfang: [humarsalan@humarsalan.is](mailto:humarsalan@humarsalan.is)



Þjónusta og gæði ásamt stöðugleika í afhendingum er okkar leiðarljós hjá Humarsölnni!



# Skemmtilegu tómstundagræjurnar og frábærar fermingargjafir

## PINGPONG.IS

Éitt það jákvæðasta sem fólk sér við að gefa krökkunum sínum þessi tæki er sú að þau fá krakkana frá tölvuskjánum og til að hreyfa sig," segir Sigurður Valur Sverrisson, eigandi verslunarinnar Pingpong.is en þar er mikið úrval af klassískum tómstundatækjum, til dæmis billjardborð, borðtennisborð, pílukastsvörur, fótboltaspil og þyðhokkiborð. Mörg af þessum tækjum henta vel til fermingargjafa og þeim fylgir allt sem þarf til að stunda þessa leiki, svo sem spaðar og kjuðar.

Ein afar vinsæl græja í Pinpong.is er hinn stórskemmtilegi Borðtennisvinur (Buddy), tæki sem dælir borðtenniskúlum út úr sér. Kostar aðeins 28.500 kr.

„Billjardinn er vinsælastur hjá mér núna en ég er með gott úrval af billj-

ardborðum, meðal annars meðfæri-leg borð sem henta í heimahús og eru góðar fermingargjafir. Ég er til dæmis með sex feta eða 180 cm billjardborð sem hægt er að reisa upp að vegg þegar það er ekki í notkun og því fylgir líka borðtennisplata, þannig að þetta er sambyggð billjard- og borðtennisgræja. Í settinu er allt meðfylgjandi sem þarf, til dæmis billjardkjuðar og borðtennispaðar. Þessi græja kostar 73.000 krónur," segir Sigurður.

Pingpong.is er með toppmerki í billjardvörum, til dæmis Riley og Buffalo.

Pílukast er afar vinsæll leikur sem hefur verið að sækja mjög í sig veðrið aftur á undanföllum árum. Pingpong.is er með pílukastsskifur frá hinum þekktu framleiðanda Unicorn. Pílukastsskifur eru fyrirferðarlitlar og auðvelt að festa upp í heimahúsum en Pingpong.is býður líka upp á frístandandi skifur sem ekki þarf að

festa á vegg. Pílukastsettin (spjald og pílur) kosta á bilinu 12–30 þúsund krónur. Borðtennisborð og meðfylgjandi sett kosta síðan á bilinu 50 til 140 þúsund.

Gömlu fótboltaspilin með stöngunum eru sigild og njóta enn mikilla vinsælda.


Sigurður Valur er fyrrverandi formaður Borðtennissambandsins og hefur góð tengsl inn í íþróttahreyfinguna. „Pingpong er með mjög breytt úrval af borðtennisvörum sem henta fyrir jafnt byrjendur sem keppnisfólk en flest keppnisfólk hér á landi kaupir spaðana sína í Pingpong.is enda erum við með mjög góð og þekkt merki – Butterfly- STIGA- DHS og JOOLA.“

Pingpong.is hefur starfað í yfir 30 ár og hefur þann tíma ávallt lagt



áherslu á að hafa allt fánlegt sem þarf í félagsmiðstöðvar. Félagsmiðstöðvarnar eru góðir kunnar verslunarinnar og kunna jafnframt vel að meta það sem þar er á boðstólum og ekki síður þjónustuna, en hægt er að fá varahluti í þau tæki sem bila, til dæmis stangir í fótboltaspilin og ef kúlan tynist færð þú nýja í Pingpong.is Það er líka hægt að fá nýjan dúk á billjardborðið og margt fleira sem kann að slitna og skemmast eftir mikla notkun.

*Pingpong.is er til húsa að Síðumúla 35 (gengið inn að aftanverðu). Verslunin er opin virka daga frá kl. 12.30 til 18. Símanúmer er 568-3920 og netfang pingpong@pingpong.is. Vefsíða er á slóðinni pingpong.is.*



# Hvað er rómantiskara en rauðar rósir?

## SEGIR DIDDA Í 18 RAUÐUM RÓSUM

**18** Rauðar Rósir er gamalgróin blómaverslun í hjarta Kópavogs. Búðin var stofnuð þann 20. október árið 2006 og varð því 11 ára á dögum. Af því tilefni er tilboð á íslenskum rósum í versluninni út mánuðinn.

„Hvað er rómantiskara en rauðar rósir?“ spyr Sigríður I. Gunnarsdóttir, eða Didda eins og hún er oftast kölluð. „Almennt eru Íslendingar að verða rómantiskari og gefa gjarnan rósir og allavega blóm, jafnvel líka konfekt, enda varla hægt að hugsa sér rómantiskari gjafir.“

18 Rauðar rósir býður einnig upp á heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Hverjum þykir

ekki gaman að fá óvæntar blómastendingar?

Didda býr yfir áratugareynslu í blómabransanum. „Við höfum alltaf lagt ríka áherslu á að bjóða upp á glæsilegt úrval á íslenskum blómum og gjafavörum sem hentar við öll tækifæri,“ segir Didda. Ásamt því sem starfsmenn kappkosta að veita viðskiptavinum sínum persónulega og faglega þjónustu, býður búðin upp á fjölbreytta og glæsilega gjafavöru.

Meðal þeirra íslensku hönnuða sem 18 Rauðar rósir selur vörur fyrir eru: AUNTS DESIGN, Flóki & Co., IHANNA HOME, heklaislandi, SveinBjörg, Þóra Sigurþórs, Jónsdóttir & Co., Magga myndlist, Elísabet Ásberg, Krista Des-

ign, JB art, Hjartalag og hið sívinsæla konfekt frá Hafliða Ragnarssyni í Mosfellsbakaríi. Fuzzy-kollurinn fæst einnig í 18 Rauðum rósum. Að auki er að finna stórbrotið úrval erlendra framleiðenda og þar á meðal eru gómsætar franskar sælkeravörur frá Nicolas Vahé.


18 Rauðar rósir er til húsa að Hamraborg 3, 200 Kópavogi. Hafa má samband í síma 554-4818 eða í gegnum tölvupóst í 18raudarrosir@18raudarrosir.is.

*Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu 18 Rauðra rósa, www.18raudarrosir.is og á Facebook-síðu verslunarinnar.*





Við íslenskar aðstæður getur verið nauðsynlegt að byggja yfir þök meðan á framkvæmdum stendur.



Undirþrýstingur myndaður með Hepa-blásurum sem hreinsa 99,997% af ögnum yfir 0,3 mikrómetra að stærð áður en dælt er út um glugga.



Sorpgámar þrífir og innsiglaðir áður en farið er með þá út í gegnum sameign.

# Heilbrigð húsi ehf. – Sérfræðingar í raka- og mygluvandamálum

Við vinnum mikið fyrir fyrirtæki og stofnanir þar sem þessi vandamál eru fyrir hendi og stúkum þá verksvæðið vel af og myndum undirþrýsting með blásurum, útbúnum Hepafilter, svo ekki berist ryk frá framkvæmdasvæðinu. Þannig getur starfsemi haldið áfram annars staðar í húsinu. Þetta gerum við einnig þegar við tökum að okkur almenn trésmíðaverk til að takmarka þríf eftir aðgerðir," segir Ágúst Bjarnason húsmíðameistari en hann hefur sérhæft sig í úrlausn á raka- og mygluvandamálum í húsnæði undanfarið ár.

Ágúst rekur fyrirtækið Heilbrigð húsi ehf. sem tekur að sér alla almenna smíðavinnu og sérhæfir sig í viðgerðum á húsnæði með raka- og mygluvandamálum. Eins og Ágúst lýsir hér að framan leggur fyrirtækið mikið upp úr því að takmarka allt iðnaðar-

ryk og hefur mikið unnið í fyrirtækjum og aðstæðum sem krefjast snyrtimennsku og góðrar umgengni.

Heilbrigð húsi ehf. hefur starfað í tvö ár en Ágúst Bjarnason tók að sérhæfa sig í mygluvandamálum fyrir um fjórum árum. Hann hefur verið starfandi smíður í 12 ár. Hjá Heilbrigðum húsum eru 4–6 smíðir hverju sinni í fullu starfi.

Heilbrigð húsi hafa yfir að ráða mikilli þekkingu á raka- og mygluvandamálum í húsum og hafa allan þann tækjabúnað sem þarf við hreinsun á myglusveppi í stóru og smáu húsnæði.

„Ég tel að mygluvandamál séu ekki mikið meiri núna en hér áður fyrr heldur er fólk orðið betur upplýst um vandamálið og áhrifin sem það getur haft á heilsu þess," segir Ágúst, en ljóst er af umræðu undanfarið að mjög mikil þörf er fyrir þjónustu

manna eins og hans, sem hafa sérhæft sig í þessum vanda. Auk mygluviðgerða sinnir Heilbrigð húsi ehf. almennu viðhaldi og trésmíði.

„Við sinnum almennu viðhaldi húsnæðis, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Við erum hins vegar lítið í nýbyggingum þótt það sé á langtímaplaninu að byggja heilbrigð húsi. Mygluvandamál og almennt viðhald tvinnast oft saman þar sem oft er ákveðið að ráðast í viðhald vegna leka, til dæmis leka frá gluggum, og þakviðgerðir. Í slíkum tilvikum kemur reynsla okkar að góðum notum," segir Ágúst.

**Heilbrigð húsi ehf. sinnir meðal annars eftirtöldum verkþáttum:**

- Viðgerðir á húsnæði með raka- og mygluvandamál
- Frágangur og úttekt á rakavarnarlagi

- Timburhúsi
- Skjólveggir
- Uppsetning hurða
- Parketlögn
- Innréttingar
- Milliveggir
- Þakviðgerðir
- Utanhússklæðningar

Fyrirtækið leggur mikla áherslu á endurmenntun og hafa starfsmenn þess sótt fjölmörg námskeið sem snúa að betri byggingum og meðhöndlun mygluvandamála í húsum hjá lðunni fræðslusetri og Endurmenntun Háskóla Íslands. Heilbrigð húsi ehf. er aðili að Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði, MIH.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið veitir Ágúst Bjarnason húsmíðameistari í tölvupósti [gustismidur@gmail.com](mailto:gustismidur@gmail.com).



Önnur myndin var prentuð með bleki frá óþekktum framleiðanda (tv) og hin með bleki frá G&G Ninestar (th).



Geymslubox í úrvali – gott verð



Möppur í miklu úrvali á góðu verði



## Betra verð á skrifstofu- og skólavörum

PRENTVÖRUR EHF. OPNAR NÝJA VEFVERSLUN: [WWW.SKRFSTOFUVORUR.IS](http://WWW.SKRFSTOFUVORUR.IS)

Skrifstofuvörur.is selur ýmsar skrifstofu- og skólavörur á betra verði en Íslendingar eiga að venjast. Lágt listaverð fyrir alla er stefnan og hagræðis gætt í hvívetna við að bjóða viðskiptavinum gott verð. Skrifstofuvörur bjóða upp á þekktar vörur eins og Leitz, Bic, Pentel, 3M og fleiri, en einnig er hægt að kaupa minna þekktar vörur sem eru jafnframt talsvert ódýrari.

### Gjörnýtum tæknina

„Með því að nýta okkur samkeyrslu upplýsinga getum við leyft okkur að hámarka veltuhraða og minnka rekstrarkostnað," segir Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri. Öll virðisdeðjan er svo að segja sjálfvirk, allt frá því að viðskiptavinurinn pantar þar til hann

fær vörurnar í hendurnar. „Skrifstofu- og skólavörur eru hlutir sem okkur vantar iðulega aldrei strax í gær, þetta eru vörur sem við getum skipulagt innkaup á," segir Jón. „Þegar við seljendur fáum svigrúm náum við að skipuleggja innkaupin betur og getum þar af leiðandi boðið betra verð.

Við opnuðum vefverslunina sl. nóvember með um 2.000 vörum, nú eru þær yfir 8.000 talsins. Þegar við tökum inn nýjar vörur þá kemur vöruheiti og lýsing beint úr erlendum gagnagrunni, það tekur einhvern tíma að þýða öll vöruheiti en það klárast, þetta er langhlaup hjá okkur," segir Jón.

**Ódýrara blek og tóner frá G&G** Skrifstofuvörur eru með einkaumboð hér á landi fyrir blek og tóner

frá Ninestar Image Tech Limited Ink Factory. Allt frá árinu 2001 hefur Ninestar sérhæft sig í framleiðslu á hágæði bleki og á fjölda einkaleyfa í blek- og tónerframleiðslu.

„Í júní 2016 prentuðum við út tvær myndir með tveimur Canon IP7250 prenturum. Önnur myndin var prentuð með bleki frá óþekktum framleiðanda (t.v.) og hin með bleki frá G&G Ninestar sem er samheitablekið sem við seljum (t.h.). Blekið frá G&G Ninestar dofnaði ekki með tímanum. „Það er mikilvægt að nota blek sem dofna ekki í prentarann þinn," segir Jón.

„Ríkiskaup vita hvar er hagstæðast að versla. Í nóvember sl. skrifuðum við undir rammisamning við Ríkiskaup varðandi skrifstofuvörur en

fyrir vorum við með rammisamning varðandi samheita prenthylki," segir Jón. Rammisamningurinn gildir til ársins 2020.

### 1.000 króna kynningarafsláttur í mars

Vantar þig penna, strokleður, heftara eða möppu? „Ef þú kaupir vörur á netversluninni okkar í mars færðu 1.000 kr. í afslátt þegar þú notar afsláttarkóðann B1000 og kaupir fyrir 5.000 krónur eða meira. Við meira að segja bjóðum fría heimsendingu á vörum þegar keypt er fyrir 5.000 kall eða meira," segir Jón enn fremur.



# Vegamálun GÍH: Bílastæðamálun um allt land

**V**egamálun GÍH annast bílastæðamálun og aðrar tengdar gatnamerkingar. Fyrirtækið er með margra ára reynslu í vegmerkingum og hefur tekið þátt í hinum ýmsu verkefnum. „Við búum yfir fagþekkingu í bílastæðamálun sem nauðsynlegt er að hafa til þess að ná sem bestri nýtni úr bílplaninu,”

segir Gautur Ívar Halldórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Kostnaður við að mála eitt dæmigert húsfélagsplan er oft minni en fólk heldur. Metraverð fer eftir fjölda; því fleiri metrar því lægra einingarverð,” segir Gautur Ívar aðspurður um kostnað við framkvæmdir sem þessar. „Áreiðanleg og góð þjónusta er okkar helsta

markmið og að viðskiptavinurinn verði fyrir sem minnstum óþægindum á framkvæmdatíma.”

## Kostar ekkert að fá tilboð í bílplanið

Fyrirtækið er búið að vaxa ár frá ári og er stefnt á að bæta við vélum og tækjum í flotann til að geta annast

fleiri verkefni,” segir Gautur Ívar að lokum.

*Það er fritt að fá tilboð í bílplanið, hægt er að óska eftir tilboðum á heimasíðu fyrirtækisins [www.bilastadamalun.is](http://www.bilastadamalun.is), í gegnum netfangið [gih@gih.is](mailto:gih@gih.is) eða í síma 894-1500.*



Fyrir



Eftir



# Lítið Mál fyrir stór og lítil verk

MÁLNINGARVINNA, MÚRVIÐGERÐIR, GLUGGAVIÐGERÐIR, TILBOÐSGERÐ OG MARGT FLEIRA

**L**ítið Mál ehf. er lítið málningar- og viðhaldsþjónustufyrirtæki í eigu Sigurðar H. Engilbertssonar, sem starfar á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið leggur áherslu á toppþjónustu og fagleg vinnubrögð sem uppfylla þarfir viðskiptavina. Til að tryggja góða endingu eru eingöngu notuð gæðaeftirlit og þá helst íslensk framleiðsla, en einnig erlend ef svo ber undir.

Lítið Mál sinnir jafnt litlum breytingum sem stórum viðhaldsverkefnum. Fyrirtækið býður upp á alla almenna málningarþjónustu og gerir alhliða tilboð vegna viðhalds og endurnýjunar jafnt utanhúss sem innan. Þannig veitir Lítið Mál ehf. fullkomna þjónustu varðandi viðhald eigna, sinnir múr-

viðgerðum, sinnir gluggaviðgerðum, býður upp á ástandsmat eigna jafnt utanhúss sem innan, gerir útboðslýsingar vegna útboðs viðhaldsvinnu við fasteignir og margt fleira.

Í málningarvinnu og viðhaldsvinnu býr Lítið Mál að áratuga reynslu Sigurðar H. Engilbertssonar og löngu samstarfi hans við aðra verktaka og birgja. Fyrirtækið hefur skapað sér sérstöðu fyrir vönduð vinnubrögð

sem tryggja endingu verka. Lítið Mál kappkostar að nota alltaf bestu fánlegu efni sem til eru á markaðnum og bjóða upp á toppvinnu á samkeppnishæfu verði.

Múrviðgerðir eru framkvæmdar í samræmi við ástandsmat, þannig að ástand húseignarinnar er metið og gerð tilboð í samræmi við það. Enn fremur tekur fyrirtækið að sér allsherjar viðhald á húsum, háþrýsti-

þvott, steypuviðgerðir, almennar húsaviðgerðir og margt fleira.


Lítið Mál tekur að sér tilboðsgerðir fyrir almenna málningarvinnu, múrviðgerðir, gluggaviðgerðir og ástandsmat að innan sem utan.

*Nánari upplýsingar veitir Sigurður í síma 896 5758 og upplýsingar eru einnig á vefsíðunni [www.litidmal.com](http://www.litidmal.com).*

## Lítið Mál ehf.

Málningar- og viðhaldsverktaki





# Gardínupvottur sparar fé og er umhverfisvænn

## NÝJA TÆKNIHREINSUNIN

**F**ólk gerir sér oft ekki grein fyrir því hvað gardínupvottur getur sparað mikla peninga. Fyrirtæki eru stundum að henda sérsaum- uðum gardinum sem kosta 40.000 krónur stykkið á meðan það kostar aðeins 3.000 krónur að þvo þær svo þær verði alveg eins og nýjar. Þetta er bæði sóun á peningum og plasti," segir Íris Eiríksdóttir hjá fyrirtækinu Nýja tæknihreinsunin sem sérhæfir sig í gardínupvotti.

Nýja tæknihreinsunin sinnir bæði gardínupvotti fyrir einstaklinga,

fyrirtæki og stofnanir. Almennur kemur gjarnan með gardinur í þvott fyrir jólin en verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir eru stærri og reglulegri. Íris segir að gott sé að þvo gardinur á að minnsta kosti tveggja ár fresti: „Sólin eyðileggur þetta svo mikið ef ekki er þvegið," segir hún.

Nýja tæknihreinsunin er með fóst verkefni í gardínupvotti fyrir Alþingi, Landspítalann, Össur og fleiri stóra aðila. Notast er við eina stóra vél fyrir verkin, sem er innflutt frá Bandaríkjunum, en vélin er sérhönnuð fyrir gard-

ínupvott og gerð úr sérsmíðuðu stáli. Í vélin er síðan sett sérstök náttúruvæn sápa sem hentar fyrir gardinur.

„Fyrirtækið hefur starfað í 20 ár en ég og maðurinn minn tókum við rekstrinum af tengdaforeldrum mínum síðastliðinn maí. Við fluttum reksturinn frá Selfossi og í Kópavoginn og síðan um verslunarmannahelgina má segja að þetta hafi sprungið út og verkefnum hefur fjölgað gífurlega," segir Íris.

„Við höfum líka sérhæft okkur í sóttgreinsun á gardinum fyrir myglu. Þannig tókum við fyrir allt Bugl-húsið hjá Landspítalanum í samvinnu við

verkfræðistofuna Eflu. Sambærileg verkefni standa nú yfir fyrir aðra aðila."

*Nýja tæknihreinsunin er til húsa að Askalind 4 í Kópavogi. Símanúmer 897-3634.*



# Býr til sinn eigin ís

**V**ið gerum ísinn sjálfir, bæði í Ögurhvarfi og á Selfossi, og það er enginn með þennan ís nema við. Við erum með alvöru rjómaís, mjög góðan, og síðan erum við með þennan gamla, kalda ís, sem er vatnskenndur, en hann er mjög vinsæll hjá unga fólkinu," segir Jón Magnússon, eigandi Skalla í Ögurhvarfi.

Ísinn hefur ávallt verið aðalsmerki Skalla og stendur alltaf fyrir sínu og nýtur alltaf jafnmikilla vinsælda. „Ef það bara rétt glittir í sólina þá bókstaflega fyllist allt hérna, sólin fyllir alla lífsgleði og allir vilja fá sér ís," segir Atli Jónsson, sonur Jóns Magnússonar. Þeir feðgar reka Skalla

í Ögurhvarfi. Skalli er líka á Selfossi, þar eru aðrir eigendur en náði samstarf er á milli staðanna og á Selfossi er sami góði Skallaísinn einnig búinn til frá grunni á staðnum. Skalli er líka vinsæll vegna mikils úrvals góðra skyndirétta og er í senn veitingastaður og ísbúð. Íssalan tekur mikinn kipp á sumrin, ekki sist ef sést til sólar, eins og fyrr segir. Girnilegur, fjölbreyttur og ferskur nammibar spillir þar ekki fyrir.

Skalli á sér langa sögu og hóf starfsemi sem sjoppa og ísbúð í Lækjargötu árið 1973. Það voru í raun nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík sem gáfu staðnum nafn.

„Í Lækjargötu var sjoppa áður en

Skalli var opnaður en hana rak sköllóttur maður. Menntaskólakrakkarnir töluðu um að kíkja á skalla þegar þeir fóru í þá sjoppu og þar með varð nafnið til," segir Atli.

Eins og mörg góð fyrirtæki hvílir Skalli á gömlum grunni en þróast jafnframt í takt við tímann og er sívinsæll. Sem fyrr segir er Skalli á tveimur stöðum, í Ögurhvarfi 2 í Kópavogi og á Austurvegi 46 á Selfossi.

Á báðum stöðunum er ísinn aðalsmerkið en fjölbreytt úrval góðra skyndibita nýtur einnig mikilla vinsælda.



**Skalli**  
*sá svalasti í bænum*



# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu



# „ÞESS VEGNA SEGI EG SÖGUNA“

■ Kerfið styður ofbeldismanninn  
■ Fékk neyðarhnapp en ekki nálgunarbann

Kristjón Kormákur Guðjónsson  
Guðrún Ósk Guðjónsdóttir  
kristjon@dv.is / gudrunosk@dv.is

Þú ert 22 ára. Þú stendur í röð fyrir utan Hótel Ísland ásamt vinkonum þínum. Sumri er tekið að halla og það er aðeins svalt. Sólin rúllar eftir sjóndeildarhringnum og brátt slökkvirk nott dag. Ein vinsælasta hljómsveit landsins, Sálín hans Jóns míns mun fljótlega stíga á svið.

Árið er 1997.

Þú veist ekki að í kvöld mun líf þitt breytast til frambúðar. Þið farid inn hlæjandi og fullar tilhlökkunar. Svo kemur þú auga á hann. Ungan og ljóshærðan. Þú veist ekki að á þessari stundu ertu að horfa á manninn sem verður sambylismaður þinn. Faðir barnanna þinna. Þið verðið saman í tvo áratugi. Börnin verða þrjú, ljósgeislar í lífi þínu og foreldra þinna. Þú átt eftir að verða svo ástfangin. Þú munt aldrei trúna neinu slæmu upp á hann.

Par til hann fer að berja þig.

Og þá hrynur heimurinn. Þú finnur líkamlegan sársauka en það er sálín sem rotast og ástin deyr.

Undir hvítri skyrtunni er svört brynja full af myrkri. Þú veist ekki á þessari stundu, þar sem þú stendur á dansgólfinu á Hótel Íslandi, að þessi maður á eftir að gera þig skelfingu lostna. Þér hefði aldrei dottið í hug að hann myndi elta þig með hníf á lofti eins og í hryllingsmynd.

Þegar þér loksins, mörgum, mörgum árum síðar tekst að fylla þig hugrekki til að flýja með börnin bregst kerfið okkar þér. Kerfið sem á að passa upp á þig. Þremur árum síðar er kerfið enn að bregðast þér.

Þú færð ekki nálgunarbann, þrátt fyrir að bera neyðarhnapp. Þremur árum eftir flóttann mikla á enn eftir að skipta eignum ykkar þrátt fyrir að dómstólar hafi dæmt þér í vil. Hann ferðast um heiminn, leikur sér og tefur málið með lögfræðingum.

Eftir að þú skilur við manninn á hann eftir að verða þjóðþekktur þegar hann er kærður og grunaður um að beita aðra konu skelfilegu ofbeldi í Texas. Er hann kalladur Texas-hrottinn í fjölmiðlum. Það samband stendur stutt yfir. Sú kona fær nálgunarbann, ekki þú. Hún fær bætur, ekki þú. Þú missir næstum trúna á réttlætið en neitar svo að gefast upp. Þú ákveður að stíga fram og segja sögu þína.

Fyrir þig og fyrir aðrar konur.

## Lífið snerist um skíði

„Ekkert skipti var samt jafn slæmt og kvöldið sem hann reyndi að kyrkja mig. Ég man það eins og það hafi gerst í gær. Hvernig ég barðist á móti, sá brjálædisglampann í augunum á honum, hélt að þetta væri mitt síðasta. Ég hugsaði til ykkar, að þið yrðuð móðurlausar. Ætli það hafi ekki gefið mér þann fítons kraft sem ég fékk til að losa hann ofan af mér.“

„Þegar ég kom inn í anddyri og sá stelpurnar náfölar af hræðslu sneri ég mér við og spurði: „Ætlar þú að drepa mig hér fyrir framan börnin?“

Þetta skrifaði Hildur Þorsteinsdóttir meðal annars í löngu átakanlegu bréfi til barna sinna eftir að hún hafði flúið Magnús Jónsson, sambylismann sinn til sautján ára. Hildur kveðst hafa mátt þola skelfilegt, andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi af hálfu Magnúsar. Magnús hafnar alfarið öllum ásökunum.

Þegar Hildur kynntist Magnúsi Jónssyni, sem oft er kenndur við Atorku, var hún búsett á Akureyri ásamt foreldrum sínum og systkinum. Magnús hefur verið fastagestur á síðum fjölmiðla eftir að hann var handtekinn í Texas, grunaður um að beita þáverandi kærustu sína ofbeldi.

Faðir Hildar er Þorsteinn Vilhelmsson sem hefur verið umsvifamikill í íslensku viðskiptalífi en móðir hennar er Þóra Hildur Jónsdóttir. Foreldrar hennar lýsa henni sem glaðlyndu barni sem

var hugfangið af skíðaíþróttinni. Hún var bæði í unglinga- og fullorðinslandsliðinu í íþróttinni þrátt fyrir ungan aldur. Bládamadur hitti Hildi, Þorstein föður hennar og Laufeyju systur hennar á heimili foreldranna. Saga Hildar er átakanleg og varpar ljósi á meingallað kerfi sem bregst konum þegar þær þurfa hvað mest á hjálp að halda. Eftir að Hildi hafði loks tekist að öðlast kjark eftir sautján ára eldfimt samband hélt ofbeldið áfram, nema nú var það kerfið sem braut á henni með grófum hætti.

„Þegar ég kynntist Magnúsi var ég búin að vera erlendis í skíðaskóla þar sem ég bæði keppti og æfði af kappi. Ég meiddist sem varð til þess að ég lagði skíðin á hilluna. Líf mitt hafði snúist um skíði og vonbrigðin voru mikil. Á þessum tímupunkti fékk ég upp í kok og fór ekki á skíði aftur fyrir en níu árum síðar.“

## Opinberaði sig fyrir fjölskyldunni

Það var í júní 2010 sem Magnús opinberaði sig fyrir tengdajölskyldunni. Foreldrar Hildar og börn þeirra og makar höfðu ákveðið að eiga glaðan dag í sumarabústað norður í Eyjafirði. Hlýtt var í veðri, krakkarnir voru í leikjum og til stóð að grilla ofan í liðið.

Segir Laufey að Magnús hafi sparkað í barnakerru, en í henni lá eins árs gamall sonur Hildar og Magnúsar þar sem börnin voru að horfa á sjónvarpið, sem hentist utan

í vegg. Varð uppi fótur og fit þegar fólkið reyndi að róa Magnús niður.

„Hann reyndi að rífa af mér lyklana og ætlaði að keyra í bæinn. Ég neitaði að láta hann hafa þá þar sem hann var drukkinn. Þá braut hann hliðarspegil í bræði sinni á bílnum okkar,” segir Hildur. Þorsteinn faðir hennar bætir við að hann hafi haft samband við yfirvöld en þegar lögregla kom á svæðið var Magnús búinn að panta leigubíl til að aka honum Reykjavíkur en það tekur minnst fjóra klukkutíma að keyra í bæinn. Eftir sat fjölskyldan í áfalli.

„Þarna opinberaði hann sig fyrir fjölskyldunni,” segir Laufey. „Þegar hann verður reiður, augun svört og hann umbreytist. Í því ástandi er Magnús til alls vís,” bætir hún við.

„Ég fékk sjálf bara taugaáfall,” segir Hildur. „Ég sagði þarna frá hluta af því sem hafði átt sér stað í sambandinu,” segir hún.

„Hann einangraði þig samt. Við misstum nánast af þér í fjögur ár,” segir Þorsteinn, faðir hennar.

**BRÉF TIL DÆTRA** „Ég átta mig ekki á því fyrir en nýlega að líf mitt snerist að mestu leyti um að halda honum góðum og að reyna að gera hann hamingjusaman og glaðan. Það var mikil vinna fólgin í því.“

**Hildur Þorsteinsdóttir**  
Flúði Magnús eftir 17 ára samband. Hún er enn að vinna í að ná bata.

Aðspurð hvort Magnús hafi beitt hana ofbeldi á þessum árum svarar Hildur að líkamlegt ofbeldi hafi ekki átt sér stað en margir orðið vitni að grimmu andlegu ofbeldi.

„Ég áttaði mig á hversu sjúkt sambandið var eftir að ég fór frá honum. Ég gerði mér ekki grein fyrir öllu ofbeldinu og þar sem ég var brotin niður smám saman áttaði ég mig ekki á að hlutir sem mér fannst eðlilegir þá voru í raun helsjúkir. Hann byrjaði ekki á að berja mig en hann braut mig smám saman niður. Dæmi um minni atríði voru að ef ég bauð stelpunum upp á pítsu langaði hann kannski í naut og þá var hvort tveggja eldað,“ segir Hildur og kveðst vera hætt að geta eldað kjöt með sósu og kartöflum. „Ef hann vildi það sama og við í matinn var dansað í kringum hann af gleði af meðvirkni. Síðan kom það fyrir að ég eldaði handa honum mat sem hann langaði í og annað fyrir mig og krakkana. Stundum þótti honum það ekki gott sem ég bauð upp á, svo ég fór aftur í eldhúsið að útbúa nýjan rétt fyrir hann. Síðan borðaði ég minn mat á eftir, kaldan. Hann varð að hafa stjórnina, í stóru og smá.“

Hildur kveðst hafa orðið snemma meðvirk og fest í neti ofbeldismanns sem hafi brotið hana markvisst niður. „Hin ljóta framkoma byrjaði rólega og vatt upp á sig með árunum og endaði í hrottalegu ofbeldi þar sem ég var barin sundur og saman fyrir fram- an börnin og ógnað með vopnum. Ég hélt að ég myndi ekki lifa þetta samband af.“

Hildur telur að sambandið hafi staðið yfir í tvö ár þegar Magnús lagði fyrst á hana hendur.

„Ég var sár og reið. Hann byrjaði strax að segja að þetta myndi aldrei gerast aftur og hvað honum líði illa.“ Til að reyna bæta fyrir ofbeldið gaf Magnús Hildi gjafir, armbandsúr og skartgrip. Og á næstu árum stækkaði skartgripasafnið ört, en börnin fengu leikföng af öllum stærðum og gerðum í staðinn fyrir það sem þau máttu horfa upp á á heimilinu.

*Hugsadur þú um að fara á þessum tímupunkti?*

„Í gegnum árin hótadi hann mér. Hann kvaðst þekka alla bestu lögfræðingana á landinu. Undir niðri vissi ég að það myndi aldrei gerast en á móti kom að þá var hann valdamikill og hvað ef honum tækist ætlunarverkið og næði af mér börnunum. Þetta er fjarstæðukennt, en mitt í þessum aðstæðum og niðurbroti nær ofbeldismaðurinn tókum á þér og þú trúir ótrúlegustu hlutum.“

Hildur bætir við: „Hann sagði: Ég mun segja öllum að þú sért geðveik. Það mun enginn trúa þér.“ Á hverjum morgni var hann að biðjast afsökunar á hegðun sinni og orðið fyrirgefðu varð á endanum innihaldslaus.“

Andlegt ofbeldi var mikið að sögn Hildur.

„Á hverjum einasta degi kallaði hann mig ljótum nöfnum, hóru, tussu, lygara og illa innrætta,“ segir Hildur: „Þetta er það sem ég man eftir. Þetta var á hverjum degi, frá maninum sem á að elska mig og virða, en ég var kölluð andskotans tussa. Ég var kölluð helvítis hóra. Það mátti ég þola daglega síðustu árin.“

**Hélt vöku fyrir fjölskyldunni**

Haustið 2001 hóf Magnús störf fyrir tengdabörðum sinn og sá um fyrirtækið Ránarborg. Það varð síðar að Afli í samstarfi við Landsbankann og MP verðbréf. Seinna sameinaðist Afl Atorku og átti það félag eftir að verða áberandi í íslensku viðskiptalífi.

**Þetta er lífsreynsla sem enginn á að upplifa. Þess vegna segi ég þessa sögu, fyrir mig. Fyrir aðrar konur.**

„Þegar ég réð hann hafði hann verið aðstoðarforstjóri Straums,“ segir Þorsteinn. „Hann staldraði stutt við þar, í tvo þrjá mánuði. Hann var rekinn frá Straumi og Kaupþingi en það fékk ég ekki að vita fyrr en eftir skilnað þeirra árið 2015. Þá fóru menn að tjá sig við mig.“

Hildur segir að á sama tíma og Magnús hafi halað inn peninga hafi áfengisneyslan og ofbeldið aukist. Þá hafi Magnús drukkið mikið einn heima og haldið vöku fyrir henni og börnunum með tónlist sem hafi verið spiluð nánast á hæsta styrk.

„Hann hlustaði einn, á allt frá rokki og poppi niður í rólega og rómantíska tónlist, stundum sama lagið aftur og aftur. Ef ég fór fram og lækkaði brjáláðist hann og hækkaði aftur. Ég tók stelpurnar upp í til mín og svo lá ég og hélt fyrir eyrun á Söru svo hún gæti sofið. Í nokkur ár gat ég ekki hugsað mér að hlusta á tónlist því það kveikti vondar minningar.“

Hildur segir að tónlistartímabilið hafi staðið yfir í nokkur ár en þegar því lauk tók ekki betra við að hennar sögn.

„Hann elti mig inn í rúm á kvöldin. Oft byrjaði hann á að láta renna í bað en þaðherbergi var inn af hjónaherberginu. Þá kveikti hann á sjónvarpinu og lagðist upp í rúm með áfengisflösku. Síðan potaði hann í öxlina á mér til að spyrja hvort ég væri vakandi og það gerði hann hvað eftir annað og hélt mér vakandi í marga klukkutíma. Ef ég flúði inn til barnanna kom hann og barði á dyrnar þar til ég kom aftur inn í hjónaherbergi til að hann vekti ekki börnin. Hann drakk stundum 4–6 flöskur af léttvíni yfir nóttina og jafnvel nokkrar bjórdósir með. Þetta stóð yfir í sjö til átta ár. Eftirköstin af þessu eru að það má ekki pota í mig, þá rýk ég upp, eins er ég alltaf að leggja mig. Þá þarf ég stöðugt að reyna næla mér í auka blund, ef ég skyldi ekki fá nægan svefn,“ segir Hildur og telur að líkamleg eftirköst vegna þessa ofbeldis sé vanhæfur skjaldkirtill en undir það síðasta í sambandinu var Hildur algjörlega orkulaus.

**BRÉF TIL DÆTRA** „Ég nennti ekki að fá hann upp á móti mér. Það voru ófá skiptin sem ég grét undan honum á nóttunni að reyna að halda Söru sofandi og hélt jafnvel fyrir eyrun á henni svo að hún gæti sofið og hugsaði með mér að við ættum þetta ekki skilið. Ég fór svo auðvitað á fætur með ykkur á morgnana undan- tekningarlaus alveg svefn- laus meðan hann svaf úr sér áfengið fram á dag.“

**Óttast um líf sitt**

Magnús og Hildur fóru reglulega til útlanda með börnin. Eftir eina slíka ferð til New York í kringum 2006 óttadist Hildur um líf sitt. Fjölskyldan hafði lent í Keflavík klukkan sex um morguninn. Þegar heim var komið segir Hildur að Magnús hafi viljað slá upp eins

**MAGNÚS Í FJÖLMÍÐLUM**

- Þann 14. mars 2017 greinir DV.is frá því að íslenskur karlmaður á fertugsaldri hafi verið handtekinn af lögreglunni í Austin í Texas fyrir að beita fjölskyldumeðlim ofbeldi.
- Þann 6. apríl 2017 birtist frétt á Vísu um að Magnús hefði verið handtekinn í Borgarnesi vegna gruns um ölvun við akstur.
- Í apríl 2017 greinir DV frá því að Magnús hafi farið í áfengismeðferð á Vogu í apríl.
- Þann 11. apríl 2017 birtir Magnús opinbera afsökunarbeiðni til Þorsteins Vilhelmssonar.
- Þann 22. maí 2017 stígur Hanna Kristín fram í viðtali og segir frá ofbeldinu af hálfu Magnúsar, sýndi myndir og áverkavottorð.
- Þann 29. júlí 2017 greinir Hanna Kristín frá því á Facebook að Magnús hafi stefnt henni fyrir meiðdyrd.
- Þann 8. ágúst 2017 greinir DV frá því að Magnús hafi verið handtekinn vikuna áður vegna umferðaróhapps. Hann var grunaður um ölvun við akstur.
- Þann 24. ágúst 2017 greindi DV frá, að beiðni Hönnu Kristínar, að nálgunarbann á hendur Magnúsi hefði verið hafnað af lögreglunni.
- Þann 11. september 2017 greinir DV frá því að Magnús hafi brotið gegn nálgunarbanni og sent Hönnu Kristínu sms rúmlega viku eftir að dómur féll í Hæstarétti.
- Þann 12. febrúar 2018 greinir DV frá því að Magnús hafi samþykkt að greiða Hönnu Kristínu samtals 1,6 milljónir króna í dómsátt.



manns samkvæmi í húsinu með tónlist og áfengi við hönd. Hún og börnin vildu hvíla lúin bein eftir langt flug. „Magnús hafði drukkið í fluginu alla leiðina heim. Hann kom heim og setti útvarpið í botn. Ég sagði að þetta væri ekki í boði og slökkti á útvarpinu. Þá sá ég hann allt í einu koma með risastóran hníf. Í húsinu okkar var langur gangur, ég hljóp á undan honum fram ganginn skelfingu lostin. Þegar ég kom inn í anddyri og sá stelpurnar náfólar af hræðslu sneri ég mér við og spurði: „Ætlar þú að drepa mig hér fyrir framan börnin?“ Þá lagði hann hnífinn niður og sagði: „Guð minn góður, hvað er ég að gera.“ Þá var hann í svo mikilli bræði að hann áttaði sig ekki á alvarleika málsins. Ef þær hefðu ekki verið þarna hefði hann örugglega stungið mig.“

**Alvarlegt atvik í New York og kynferðislegt ofbeldi**

Þegar Hildur var spurð hvort hún væri samingjusöm var svarið alltaf það sama. Lífið var gott og hún hélt ástandinu heima fyrir leyndu. Þegar þau voru erlendis og Hildur var óttaslegin og vildi hringja heim segir hún Magnús hafa brotið síma hennar. Það hafi gerst ítrekað. Sú frásögn rímar við frásögn annarrar konu, Hönnu Kristínar Skaptadóttur, sem Magnús átti í stuttu sambandi við eftir skilnað Hildur og Magnúsar. „Það gerðist alltaf eitthvað í hverri ferð. Ég veit ekki hvað hann braut marga síma.“  
*Varst þú oft hrædd?*  
„Já, erfiðasta atvikið var líklega í New York en það gerðist úti á götu fyrir framan hóp af fólki. Við höfðum farið út að borða. Magnús var ofurölvi og á leiðinni heim hafði hann farið inn á bar að pissa og kom út með björglas. Sonur þeirra var á fyrsta ári og bar Hildur hann í fanginu. Þá sagði Sunna greyið, sem var bara sex ára: „Pabbi þarftu að drekka meira? Og hún var eitthvað að skammast í pabba sínum og skyndilega á Broadway „down town“ New York og það var mikil umferð á þessum tíma, varð honum nóg boðið yfir að stelpan væri að tuða yfir drykkjunni. Hann tók hana upp og hristi hana,“ segir Hildur og bætir við að á sama augnabliki hafi bílstjórar stöðvað bifreiðir sínar og fólk kallað að einhver ætti að óska eftir aðstoð lögreglu.  
„Þetta var svo yfirþyrmandi og meðvirknin tók fram fyrir hend-

urnar á mér. Ég hrópaði á móti að það væri allt í lagi, en auðvitað hefði ég átt að láta lögregluna hirða hann.“

Í ferðinni í New York var sonur þeirra aðeins tveggja mánaða. Eftir að vegfarendur skiptu sér af héldu Magnús og Hildur upp á hótél. Segir Hildur að stúlkurnar þeirra tvær hafi grátbedið föður sinn að beita ekki móður þeirra ofbeldi.

„Þar trylltist Magnús aftur og hrífsaði drenginn úr fangi mínu og fór með hann eins og dúkku. Ég náði honum loks af honum en þorði ekki að sofna því ég var hrædd um að hann myndi taka barnið aftur af mér. Daginn eftir tók það sama við, að biðjast afsökunar,“ segir Hildur. Fjölskyldan ferðaðist töluvert en Hildur kveðst yfirleitt hafa komið úrvinda heim.

„Í öllum fríum átti ég að vakna með honum fram á morgun til að halda honum félagsskap og svo átti ég að vakna með börnunum.“

Þá segir Hildur: „Oft þröngvaði hann sér á mig á nóttunni þegar ég var að reyna að sofa.“ Hún bætir við: „Hann fór inn í mig aftan frá, ofan á drykkjuna, pikkið og potið. Ég var löngu hætt að reyna að mótmæla, lá bara kyrr a meðan hann lauk sér af.“

**BRÉF TIL DÆTRA** „Þegar ég slökkti á tónlistinni og sagði honum að það yrði engin tónlist spiluð þennan morguninn að þið þyrftuð að fá að leggja ykkur tromp- aðist hann, sótti eldhúshníf og hljóp á eftir mér út ganginn inn í forstofu og hótadi að drepa mig. Ef þið hefðuð ekki staðið í anddyrinu grátandi og hræddar hefði hann kannski gengið alla leið, hver veit? Ég væri þá ekki hér.“

**Með hnefann á lofti**

Í London, fyrir nærri tíu árum, sakar Hildur Magnús um að hafa ráðist á hana með offorsi. Hann hafi reynt að kyrkja hana. Starfsmannafélag Atorku var þá í ferð í London. „Þetta voru svo mikil átök og ég var að missa andann. Ég náði að draga hnén upp undir mig og þrýsta honum frá mér,“ segir Hildur sem hringdi svo strax í móttöku hótelsins.



Magnús, betur þekktur sem Sassnús

Hvað með móður ykkar og ALLA hennar skíta svínafjölskyldu? Með Brynju í fararbroddi!! Þetta pakk er svo lítils virði að þegar það drepst sem vonandi gerist fyrr en síðar þá mun ég fara að gröfum þeirra og skíta yfir þær.

Ætlaði að skíta á grafir skyldmenna barna sinna  
Magnús sendir barni sínu skilaboð.

lau., 23. maí, 19:04

Takk og verði þér að góðu 😊😊😊😊😊😊😊😊😊😊

👉👈👉👈

Sem betur fer er skilnaðar ferlið rétt að byrja 😊. Knús á þig krúsíðullan mín 🍷🍷🍷🍷🍷🍷

Ég sá að Bónus er að auglýsa eftir duglegu fólki eins og þér. Ég vorkenni þér svo mikið elskan mín 😊

Magnús, betur þekktur sem Sassnús  
Ég veit en ég er búinn að undirbúa hitt síðasta hála árið 😊

Sunna sem þakkar framföngunum  
Hitt hvað?

Magnús, betur þekktur sem Sassnús  
Flott þú þekkirðu mig ekki. Auga fyrir auga tönn fyrir tönn. Þannig tek ég á þessum svinum.  
Hvað hafa þessi "svin" verið að gera þér undanfarið?

**Auga fyrir auga, tönn fyrir tönn**  
Magnús hyggur á hefnd.

Laufey, systir Hildar, lýsir þessum örlagaríka degi og greinir frá því að hún hafði boðið yngri dóttur Magnúsar og Hildar í mat. Stúlkan hafði áður búið í nokkrar vikur hjá Laufeyju og var það hugsað til að hún gæti breytt um umhverfi. Var Magnús að sögn Laufeyjar ósáttur við að stúlkan væri á heimili hennar.

„Hann tilkynnti að hann væri kominn að sækja stelpuna. Hann var froðufellandi svo ég taldi rétt að hafa samband við Hildi og maðurinn minn hringdi í hana og pabba sem óku undir eins hingað,“ segir Laufey. Þorsteinn bætir við að hús Laufeyjar sé í botnlanga og tók hann þá ákvörðun um að leggja þvert til að hindra að Magnús kæmist burt.

„Hann hafði áður framið húsbrót og ég ætlaði ekki að láta hann sleppa enn einu sinni áður en löggan kæmi á vettvang,“ segir Þorsteinn. Hildur bætir við: „Ég vissi að hann myndi ekki þola að vera lokaður inni, að hafa ekki völdin og komast ekki burt. Sonur okkar var í bílnum hjá honum og ég reyndi að ná honum út og koma honum inn í skjól.“

DV hefur undir höndum upptöku sem tekin var þennan dag. Þar má heyra Hildi hella sér yfir Magnús. Segir Hildur að hún hafi skyndilega öðlast kraft og loks þorað að segja meiningu sína af fullum þunga, eithvað sem hún hafði ekki þorað áður. Á upptökunni má heyra Hildi hrópa að Magnús fái aldrei að berja hana aftur, að reyna að kyrja hana. Beita hana hrottalegu ofbeldi.

„Vá, hvað ég er ánægð með mig þarna,“ segir Hildur og brosir þar sem hún situr á móti blaðamanni og hlustar á upptökuna frá þessum örlagaríka degi. Síðan má heyra Hildi á upptökunni breista í grát, en hrópa svo á ný.

„Þegar starfsmaðurinn kom þá stóð Magnús á bak við hurðina með hnefann á lofti. Ég sagði að allt væri í góðu lagi. Þá kom einnig meðvirknin upp í mér og ég hugsaði: „Guð, hvað mun fólk halda ef ég fer í annað herbergi og allt starfsfólkið hans Magnúsar heyrir af því.“

Þegar Hildur vaknaði svo um morguninn var hún sárkvalin. „Ég gat ekki hreyft mig og rétt náði að leggjast í það. Ég var í sjúkráþjálfun í marga mánuði eftir árásina.“

### Marin í Barcelona

Fjölskyldan bjó í Barcelona 2013 til 2014. Hildur segir að á þessu ári sem þau voru búsett á Spáni hafi hún oft á næturnar reynt að flýja í önnur herbergi til að fá svefn. „Hann mætti þá á dyrnar öskrandi og bankandi. Það endaði með að því ég gafst upp og færði mig inn í hjónaherbergi,“ segir Hildur og heldur áfram:

„Þar varð ég fyrir árás sem ég hélt að myndi binda enda á líf mitt. Hann réðst á mig fyrir framman börnin. Hann kýldi mig alla og sparkaði í mig og það blæddi úr eyranu á mér á eftir.

Hann reif úr mér eyralokk og var svo trylltur og reiður að hann beyglaði eyralokkana með handaflí. Ég lá á gólfinu og hann sparkaði og kýldi og krakkarnir stóðu þarna rétt hjá. Sonur okkar hljóp inn í vinnuherbergi og faldi sig undir stól, enda bara fjögurra ára og skelfingu lostinn og í áfalli en Magnús hætti ekkert. Stelpurnar okkar voru 11 og 14 ára. Það er sárt til þess að vita að þær hafi séð föður sinn fara svona með

mömmu þeirra. Á meðan ég lá á gólfinu og horfði á hann berja mig hugsaði ég að hann væri búinn að gúgla hvernig hann ætti að valda sem mestum skaða. Ég var hrikalega aum í kringum magasvæðið og óttaðist að ég væri með innvortis blæðingar. Þarna var ég hrædd um að deyja, að ég fengi aldrei að sjá börnin mín aftur.“

### Kornið sem fyllti mælinn

Hvað varð til þess að þú fékkst alveg nóg?

„Við höfðum verið á Akureyri og leigt hús og ætluðum að vera á skíðum. Það átti að vera internet í húsinu en svo var ekki. Svo fannst Magnúsi allir veitingastaðir á Akureyri ömurlegir og ekkert almennilegt var hægt að kaupa í matvörubúðum heldur til að elda. Þá meina ég gæðakjöt og svona gúrme mat. Það fannst Magnúsi ómögulegt og eftir nokkra daga fór hann til Reykjavíkur. Við vorum bara fegin. Við ætluðum að vera fram á sunnudag en á laugar dag hafði hann samband og vildi að við kæmum heim. Við pökkuðum saman og héldum heim á leið í trylltum stormi. Það var Eurovision í sjónvarpinu og hann vildi hafa fjölskylduna hjá sér.“ Hildur og börnin komust heim við illan leik. Á móti þeim tók Magnús og það geisadi stormur í hausnum á honum.

„Hann var leiðinlegur yfir Eurovision og svo um nóttina barði hann mig illa. Þá hugsaði ég: Þetta er í síðasta skipti sem hann ber mig. Ég var margofit búin að segja við hann: „Það kemur að þeim tímum að ég get ekki

meira og þá fer ég.“ Þetta kvöld brotnaði Hildur saman og lét foreldra sína vita að hún ætlaði loks að yfirgefa Magnús.

**BRÉF TIL DÆTRA** „Ég flúði upp á efri hæðina með ykkur, hann elti og hótaði mér öllu illu og endaði svo á að beita mig ofbeldi, barði mig meðal annars með belt. Þið urðuð vitni að þessu, grétuð og voruð hræddar og grátbáðuð hann um að hætta.“

### Leiðin heim

Hildur lá í rúminu og hvísalaði að dóttur sinni. „Þegar við vöknum í fyrramálið, farið þið í skólann og við komum ekki heim aftur.“ Hún treysti sér ekki til að fara þá um kvöldið. Taldi hún öruggi síns og barnanna vegna að best væri að yfirgefa Magnús um morguninn því hann var vanur að sofa til tvö þrjú um daginn. Léttirinn yfir að hafa tekið ákvörðunina var ólýsanlegur.

„Hún lét okkur vita að hún kæmi um morguninn þegar Magnús væri sofandi,“ segir Þorsteinn faðir Hildar. „Það voru bestu fréttir sem við höfðum fengið, sérstaklega fyrir konuna mína.“

Næstu vikur og mánuði reyndi Magnús ítrekað að fá Hildi aftur heim. Hildur bjó fyrsta mánuðinn hjá foreldrum sínum. Magnús hætti að drekka um tíma en hóf neyslu á ný þegar hann áttaði sig á að Hildur myndi standa föst á sínu. Það rann upp fyrir honum að

sambandið var búið og fór Magnús aftur að drekka. Í kjölfarið fékk Hildur ótal ljót skilaboð en DV hefur afrit af samskiptum Hildar og Magnúsar sem staðfesta frá-sögn hennar.

„Ég ákvað strax að svara ekki skilaboðunum,“ segir Hildur. „Hann hótaði handrúkkurum og Guð má vita hvað,“ segir Þorsteinn. „Ég sef með golfkyflu heima og sonur minn líka.“

Ég hef kært ótal sinnum og oft talað við lögregluna út af ofbeldinu. Í hvert sinn sem mér bárust ný skilaboð fór ég með þau til lögreglunnar,“ segir Hildur.

### Hvað gerði lögreglan?

„Það hefur ekkert komið út úr þessu, ekki neitt,“ segir Þorsteinn.

### Þá sneri ég hann niður

„Hann hefur brotist inn hjá dóttur okkar, hann hefur gert húsbrót hjá annarri dóttur minni og reyndi að keyra hana niður í tvígang,“ segir Þorsteinn og rifjar upp atvik frá hausti 2016. „Fyrir það hefur hann verið kærður. Þetta eru nokkur dæmi af mörgum. Hann keyrði á bílinn minn og niður tré í næsta húsi. Hann var með son sinn í bílnum og stoppaði úti á miðri götu. Við reyndum að ná stráknunum úr bílnum og hann var froðufellandi af reiði og ætlaði að berja Hildi,“ segir Þorsteinn. „Þá sneri ég hann niður. Ég sagði við lögregluna að ég ætlaði ekki að horfa upp á hann berja hana. Hann væri búinn að berja hana nóg. En auðvitað kærði Magnús mig fyrir að brjóta gleraugun hans!“

**BRÉF TIL DÆTRA** „Hann vissi nákvæmlega hvar hann myndi hitta á mína veikustu punkta og það eruð þið börnin mín. Að hótta því að ég myndi missa forræðið yfir ykkur, að hann myndi gera mig eignalaus, að allir myndu trúa honum og halda að ég væri veik á geði og óhæf um að hugsa um ykkur og þar fram eftir götunum. Ég trúði virkilega að hann væri svona máttugur og að hann myndi standa við orð sín.“

*Vinnum  
fyrir öll  
tryggingafélög*

**BÍLRÚÐU  
MEISTARINN**

*Sérhæft bílrúðuverkstæði með bílasmíðameistara*

3 ára  
ábyrgð á  
framrúðu  
ísetningum

Dalveggi 18, Kópavogi / Sími: 571 1133 / [brm@brm.is](mailto:brm@brm.is)

Sími 445-9555

**Alamír**

*HairDoo*

Dalvegur 18





Sjáðu úrvalið  
á [goddi.is](http://goddi.is)

**MARGAR  
GERÐIR**


# Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



# GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

# Hvalveiðar Tímavélin



## Gamla auglýsingin

Morgunblaðið 7. mars 1987



Halldór flensar hval Vísir, 9. september 1967.

## Halldór Blöndal skar hval í 20 ár

Halldór Blöndal var alþingismaður í hartnær þrjú áratugi fyrir Sjálfstæðisflokkinn og gegndi meðal annars embætti landbúnaðar- og samgönguráðherra. Sem ungur maður bjó Halldór á Akureyri og sextán ára gamall fór hann í fyrsta skipti á vertíð í hvalveiðistöðinni í Hvalfirði. Alls starfaði hann þar við hvalskurð fram á miðjan fertugsaldur samhliða námi og öðrum störfum. Vísir heimsótti stöðina haustið 1967 og var Halldór þá að flensa hval. Á þeim tíma unnu hátt í hundrad manns á vertíð við að verka tæplega 400 skepnur í lýsi, mjöl, kjöt og súputeninga. Þegar Halldór var kjörinn á þing var hann einn dyggasti stuðningsmaður hvalveiða.



Baskíslenska Blendingismál talað af hvalveiðimönnum.

## Baskíslenska

Baskneskt íslenskt blendingismál var tungumál sem talað var hér á landi á 17. og 18. öld á milli baskneskra hvalveiðimanna en einnig að einhverju leyti af Íslendingum sjálfum. Íslenskar heimildir um tungumálið koma frá Vestfjörðum þar sem hvalveiðimennirnir voru staðsettir. Pólverjinn Dawid Kubicki heldur uppi áhugamannasíðu um þessa útdauðu tungu sem er blanda af basknesku, spænsku, frönsku og þýsku. Íslenska kemur hvergi nærri. „Þetta byrjaði sem brandari en fólk er mjög áhugasamt um þetta.“ Tungan er að miklu leyti glötuð en meðal orða sem hafa varðveist eru balia (hvalur), cammisola (blússa) og fenchia (að stunda hjúskaparbrot).



Höfðaoddi (Framnes) í Dýrafirði 1891  
Úr bókinni Stórhvalveiðar við Ísland til 1915.

# Hvalveiðar á Íslandi: „Fyrsta vélvædda stóriðjan“

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Hvalveiðar hafa verið samofnar sögu þjóðarinnar frá landnámi en haft mismikið vægi í gegnum aldirnar. Í kringum aldamótin 1600 fóru erlendar þjóðir að hafa áhuga á hvölum við Íslandsstrendur og ráku þær stórutgerð héðan fram á 20. öldina. Smári Geirsson í Neskaupstað skrifaði sögu stórhvalveiða á Íslandi og ræddi við DV um málefnið.

### Baskar ruddu brautina

Svo virðist vera sem Íslendingar hafi veitt hval frá upphafi byggðar og flutt með sér kunnáttuna frá Noregi. Í Grágás, fyrstu lögbók Íslendinga, segir: „Ef hval rekur á land manns, og á hann allan, en ef skot er í, þá á sá hvalinn hálfan er skot á í, ef hann kemur til að skera.“ Í aldir sátu Íslendingar einir að þessum veiðum enda voru hvalveiðar ekki eiginlegur atvinnuvegur heldur búbot.

Í kringum aldamótin 1600 fóru baskneskir hvalveiðimenn að venja komur sínar hingað en talið er að þeir séu ein fyrsta þjóðin til að stunda hvalveiðar sem atvinnuveg. Smári segir: „Menn grunar að Hollendingar hafi einnig verið á ferðinni hér á 17. öld, þótt menn hafi ekki fulla vitneskju um það. Fornleifarannsóknir benda til þess en ekki eru til skriflegar heimildir.“ Vitað er að Baskar reistu að minnsta kosti þrjár hvalveiðistöðvar á Vestfjörðum og er saga þeirra alþekkt vegna Spánverjavígganna svokölluðu árið 1615.

Um miðja 19. öld hófust hvalveiðar af miklum mót við Ísland að nýju. Að

mestu leyti voru það Norðmenn sem veiddu hval við Íslandsstrendur en aðrar þjóðir stunduðu hér tilraunaveiðar, þar á meðal Bandaríkjamenn sem reistu verksmiðju á Vestdalseyri við Seyðisfjörð. „Bandaríkjamenn komu hingað árið 1863 og stunduðu veiðar til 1867. Þeir reistu fyrstu vélvædda hvalstöðina í veraldarsögunni. En sú útgerð gekk ekki.“ Einnig reyndu Danir og Hollendingar fyrir sér um miðja öldina í kjölfarið. Eiginleg gullöld hvalveiða hófst árið 1883 og var hún drifin áfram af Norðmönnum.

### Hættulegt starf

Á 19. öld prófuðu hvalveiðimenn sig áfram með nýjar aðferðir, sérstaklega sprengiskutulinn sem skotið var úr byssu. En fram að þeim tíma höfðu veiðimenn skutlað hvalinn með handafli.

#### Var þetta ekki hættulegt starf?

„Jú, sérstaklega þegar skutlað var með frumstæðum aðferðum og það eru til ágætis frásagnir frá þeim veiðum. Það var hættu á að hvalirnir gætu dregið bátana með sér niður. Þegar menn fóru að sigla á stórum hvalveiðiskipum voru veiðarnar sjálfar stundaðar með litlum róðrabátum. Það eru ekki til miklar heimildir um mannskaða en það hlýtur þó samt að hafa verið.“

#### Hvaða tegundir voru veiddar?

„Fyrst og fremst var það sléttbakurinn. En um upp miðri 19. öld stigu menn fyrstu skrefin í því að veiða reyðarhvali; langreyði, sandreyði og steypireyði. En það reyndist erfitt því að reyðarhvalirnir eru miklu erfiðari viðfangs en sléttbakarnir. Sléttbakarnir eru svolítið kubslegir og feitir og hafa þá náttúrulegu eiginleika að fljóta þegar þeir drepast. En reyðarhvalirnir sökkva, þannig að það þurfti miklu meiri búnað til að ná þeim.“

### Fyrsta vélvædda stóriðjan

Smári segir að efnahagsleg áhrif erlendra hvalveiða á Íslendinga hafi verið nokkur og ekki síst á þeim stöðum þar sem veiðarnar voru stundaðar, Vestfjörðum og Austfjörðum. Íslendingar fengu atvinnu af starfsemiinni að einhverju leyti en mismikið eftir



Varanger sem Hans Ellefsen gerði út  
Úr bókinni Stórhvalveiðar við Ísland til 1915.

stöðvum. Þegar hvalveiðar voru í hvað mestum blóma störfuðu Norðmenn á öllum hvalstöðvum, líka þeim sem voru í sameiginlegri eigu Dana og Íslendinga og í eigu Þjóðverja.

#### Var ekki verslun í kringum þessa starfsemi?

„Jú, hvalveiðimenn keyptu landbúnaðarvörur og annað, en svo voru samfelldar skipaferðir milli Íslands og annarra landa, sérstaklega Skotlands. Því fengu veiðimennirnir mikið af sínum nauðsynjum annars staðar frá.“ Ef frá eru talin Spánverjavíggin voru samskipti Íslendinga og erlendra hvalveiðimanna yfirleitt mjög góð. Sérstaklega átti þetta við Norðmennina, frændur okkar, sem áttu mjög auðvelt með að laga sig að samfélaginu. „Þeir tóku þátt í ýmsum samfélagsverkefnum og veittu atvinnu upp að vissu marki. En vera þeirra setti mjög mikinn svip á þá staði þar sem hvalstöðvarnar voru. Þetta voru mikil umsvif og fyrsta vélvædda stóriðjan hér á landi.“ Flestir hvalir voru veiddir við Íslandsstrendur árið 1902, 1.305 talsins.

### Töldu hvalinn aðstoða við síldveiðar

Hvalveiðar voru bannaðar með lögum árið 1913 og tók bannið gildi tveimur árum síðar. Meginástæðan fyrir banninu var sú að fólk trúði því að hvalirnir gegndu því hlutverki að reka fisk, sér í lagi síld, upp að landinu svo hann varð veiðanlegur. Kenningin hefur verið kölluð hvalrekstrarkennning og á sér enga stöð í vísindum. „Menn trúðu þessu og ekki einungis hér á landi heldur í Noregi einnig. Þessi viðhorf voru í raun innflutt þaðan og margir

lögðust hart gegn hvalveiðum vegna þeirra. Á Alþingi deildu þingmenn um hvort starfsemin ætti að vera leyfð og á endanum var samþykkt að banna hvalveiðar.“

Reyndar höfðu hvalveiðar verið á undanhaldi við Ísland áður en lögin voru sett og þegar bannið var samþykkt var einungis ein stöð enn í notkun. Ástæðan var sú að umsvifin höfðu færst að miklu leyti að suðurhveli jarðar. Til að mynda hafði Hans Ellefsen flutt sína miklu útgerð frá Mjóafirði suður til Suður-Afríku. Skoska fyrirtækið Salvesen, sem keypti hér fjórar stöðvar, flutti sína starfsemi til Falklandseyja og Suður-Georgíu.

### Hvalur hf. tók við

Árið 1935 hófust hvalveiðar að nýju þegar Tálknfirðingar riðu á vaðið. Eftir það voru hvalveiðar við Ísland alfarið í höndum heimamanna. Árið 1948 hóf þekktasta hvalveiðiútgerð landsins, Hvalur hf., útgerð frá Hvalfirði og voru Norðmenn fengnir til að stýra tveimur af fjórum bátum félagsins. Hvalstöðin var reist þar sem áður var flotastöð á stríðsárunum og var hluti af mannvirkjum flotans nýtt.

Veiðarnar hjá Hval hf. gengu illa fyrstu árin en glæddust svo með betri bátum og breyttum veiðiaðferðum. Á áttunda áratugnum hófust mótmæli gegn hvalveiðum af umhverfis- og mannúðarástæðum og var veiðin loks bönnuð af Alþjóða hvalveiðiráðinu árið 1986. Árið 2003 hófust hvalveiðar á Íslandi á ný í vísindaskyni og í atvinnuskyni árið 2006. Vegna skorts á mörkuðum fyrir hvalaafurðir hætti Hvalur hf. veiðum árið 2016. ■



Smári Geirsson „Það eru ekki til miklar heimildir um mannskaða en það hlýtur þó samt að hafa verið.“





Hvalur 6 og 7 á botni Reykjavíkurhafnar. DV, 10. nóvember 1986.

# Sökkti tveimur hvalveiðibátum í Reykjavíkurhöfn

**K**anadíski hvalfríðunarmaðurinn Paul Watson og samtök hans Sea Shepherd komust í deigluna hér á Íslandi árið 1986 þegar þau sökktu tveimur hvalveiðibátum í Reykjavíkurhöfn. Síðan þá hefur Watson verið uppnefndur hryðjuverka- maður og einn helsti óvinur Íslands.

## Hótaði Íslendingum eftir töf á olíudælu

Fyrsta andófið sem Watson sýndi var árið 1969 þegar hann mótmælti kjarnorkutilraunum á Amchitka-eyju í Alaska, þá 19 ára gamall. Skömmu síðar hélt hann á hafið til að taka þátt í dýraverndunaraðgerðum Greenpeace

og síðar klofningshóps síns, Sea Shepherd. Þessar aðgerðir hafa ekki alltaf verið fríðsamlegar heldur haft það markmið að trufla og valda tjóni líkt og aðgerðin á Íslandi.

Á áttunda áratugnum var sjónum hans að miklu leyti beint að selveiðum en um miðjan níunda áratuginn urðu Færeyingar fyrir bardinu á honum vegna grindhvalaveiða. Í ágúst árið 1985 kom skip hans við í Reykjavíkurhöfn til að taka olíu til að komast til Færeyja. Vegna tafa á afgreiðslu Olís sagði Watson að eðlilegast væri að Íslendingar sjálfir yrðu næst fyrir bardinu á Sea Shepherd. Stóð hann við þessa hótun ári seinna.

## Vísað úr landi eftir „hryðjuverk“

Þann 9. nóvember árið 1986 blasti ógnvænleg sjón við starfsmönnum Hvals hf. þegar þeir komu að bátum sínum í Reykjavíkurhöfn. Botnlokurnar höfðu verið losaðar og lágu bátarnir sokknir í höfninni. Einnig höfðu verið unnin skemmdarverk á skrifstofum og kjötvinnslustöð Hvals hf. í Hvalfirði. Engar hótanir höfðu borist Hval hf. fyrir skemmdarverkin en Watson lýsti samstundis yfir ábyrgð á þeim.

Watson og maður að nafni David Howlitt, einnig úr samtökunum, höfðu flogið til Íslands og þótt vera ferðamenn. Þeir brutu allt og brömluðu í hvalstöðinni með sleggjum og keyrðu svo að

Reykjavíkurhöfn þar sem þeir losuðu botnlokur bátanna tveggja. Í kjölfarið flugu þeir úr landi til Lúxemborgar.

Lýst var eftir sökudólgunum sem uppnefndir voru hryðjuverkamenn í fjölmiðlum. Watson sagðist þá reiðubúinn að mæta ákæru og rúmu ári síðar kom hann til lands til að verja sig. Þá var honum vísað úr landi og neit- að um endurkomu en var aldrei ákærður fyrir verknadinn. Þrátt fyrir að hafa sloppið við fangelsisdóm virðist málið hafa snúist í höndunum á honum því að verknadurinn fékk mjög slæma umfjöllun í fjölmiðlum en Íslendingar og Hvalur hf. fengu samúð. ■



Bubbi á sviði DV, 8. nóvember 1986

## Er nauðsynlegt að skjóta þá?

**Á**núnda áratugnum stóðu miklar deilur um hvalveiðar, bæði á Íslandi og erlendis. Fór svo að Alþjóða hvalveiðiráðið bannaði veiðarnar árið 1986. Það sama ár virtist Bubbi Morthens gagnrýna hvalveiðar með beittum texta lagsins Er nauðsynlegt að skjóta þá, af plötunni Frelsi til sölu. „Seðlar stjórna lífinu auma hvíslar brotin rödd, hvor trúir á drauma trúir á draumsins heimsku rödd?“ Í myndbandi lagsins mátti sjá Bubba í fjör- unni við Þorlákshöfn ásamt myndbrotum frá hvalveiðum. Í viðtali við Vikuna ári síðar sagðist Bubbi ekki al- farið á móti hvalveiðum „heldur varpaði ég aðeins fram spurningu um hvort það væri nauðsynlegt að drepa þá.“



17. aldar skip Tíminn 1. apríl 1989.

# Notuðu hvalinn sem skjöld

**Á**rið 1627 áttu Englendingar og Frakkar í einu af sínum endalausum stríðum og teygði það anga sína til Íslands- miða. Franskt hvalveiðiskip lá við akkeri úti fyrir Látrabjargi þegar tvö ensk herskip, Huuk og Trille, komu aðvífandi. Vildu enskir gera skipið og stóran hval upptækan en þeir frönsku snerust til varnar. Englendingar skutu en hvalveiði-

mennirnir hífðu hvalinn upp með skipssíðunni og notuðu sem skjöld. Eftir tveggja daga orrustu tóku hermennirnir hvalveiðiskip- ið en Frakkarnir flúðu upp á land og voru tveir þeirra skotnir á flótt- anum. Var málið leyst í Ísafirði og tók Jón Ólafsson Indíafari þátt í því. Var svo slegið upp veislu í boði Englendinga. ■

HIPLÖK

## ÖRUGGAR VEGGFESTINGAR MEÐ LÆSINGU

Verk og vit 2018  
Staðsett á bás A84

HJÓLALAUSNIR

hjolalausnir.is

# Helgarkrossgátan

			2 eins		fuglana	ljóðskáld	mjög	
			þvala					
			fótmál					
			eyddar		elg trúa			
Teikning: Halldur Andri eftirprentun bönnuð	krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510	útbyggingarnar	röð	fjall	sef hallann	3	brambolta	
			6				án afláts atvinnuveg	
þrengslin								
varðandi		túlka þjónn			langa 4 eins	8		
tíu			kært			viðkvæma 9	ólogið	
óviljug			4	ávöxtur vitstola				
elska			storm		fengur	ana		
tugginn						röð	númer	
tæmd				kyn	gljálaut skankana			
		stefnunni	7	spýjan sturluð		keyrið 5	erfð	
	áauki unaður					kefla ýttir		
tagl					bröt band			
fæðan				munna			spotti	
deig			ávöxt vakin	1			næstum	
álpast				stæðuna auli				
	laða	kappnæg vökva				áverki	gjamm fisk	
forviða					bréf-spjaldid slæm			
		egndir geimvera				áttund 2	möndull 10	
gogg			líkamshluti					
skítugt				batna				

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

# Sudoku

## Auðveld

	8			6	4	9	1	5
5		9			1			
4								8
		7	8	2			5	1
	4	2			5		9	
8				7		3	6	
					3	6	8	
9	6	5						
							2	

## Erfið

	7	5		8				6
				5			4	9
1	3						5	
2		7						
	5			1	8			2
	9			6				
				5			4	7
				3	9		8	
	2						3	

# Verðlaunagáta

## Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



FORLAGIÐ

www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

**Jónína Hallsdóttir**

**Þverás 1**

**110 Reykjavík**

Lausnarorð **GAGN OG GAMAN**

**Jónína hlýtur að launum bókina Núvitund – hagnýt leiðsögn til að finna frið í hamstola heimilis**

**Jónína Leósdóttir**



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin Óvelkomni maðurinn

## Óvelkomni maðurinn: Eddumál #3 Höfundur: Jónína Leósdóttir

Á þjartri sumarnóttu fellur þekktur athafnamaður fram af svölum blokkaribúðar þar sem erlent verkafólk situr að drykkju. Edda getur ekki annað en skipt sér af málinu, enda býr hún í húsinu og þekkir einn af útlendingunum.

Þar að auki veit hún ýmislegt misjafnt um manninn sem datt – eða var honum hrínt? Sömu nótt kveikir grandvar snyrtifæðingur í íbúð sinni við Vesturgötu. Brennivargurinn reynist vera mamma Viktors, tengdasonar Eddu, sem biður hana um aðstoð við að upplýsa undarlega hegðun móður sinnar.

Óvelkomni maðurinn er þriðja bók Jónínu Leósdóttur um eftirlaunakonuna Eddu, glímu hennar við að leysa flókin sakamál og samskipti hennar við fjölskylduna sem eru sist einfaldari.

Jónína Leósdóttir er þekkt fyrir skáldsögur sínar, fullar af hlýju og húmor. Glæpasögur hennar bera sömu einkenni og ríghalda lesanda allt til enda.

# Íslenska kísilsteinefnið sem slegið hefur í gegn

## Nýtt frá geoSilica



### Kísill Íslenskt kísilsteinefni

Kísill er okkur lífsnauðsynlegur og hefur oft verið kallaður hið gleymda næringarefni. Hann er eitt algengasta steinefni jarðar og gegnir mikilvægu hlutverki í myndun og styrkingu bandvefs. Bandvefur getur t.d. verið beinvefur, sinar, liðbönd og húð. Kísilsteinefni geoSilica er unnið úr 100% náttúrulegum jarðhitakísli úr hreinu íslensku vatni og inniheldur því engin aukaefti.



### Recover Fyrir vöðva og taugar

Kísilsteinefni styrkir allan bandvef líkamans t.d. brjóska, sinar og liðbönd. Þannig getur **geoSilica Recover** dregið úr tíðni meiðsla hjá íþróttafólki og þeim sem stunda reglulega hreyfingu. **geoSilica Recover** er magnesíumbætt, en magnesíum er lífsnauðsynlegt steinefni sem dregur úr þreytu, gefur aukna orku og styður við eðlilega starfsemi taugakerfisins.



### Renew Fyrir húð, hár og neglur

Rannsóknir\* sýna að kísill stuðlar að skilvirkari myndun kollagens í líkamanum. Þannig getur **geoSilica Renew** styrkt húðina og gert hana stinnari. **geoSilica Renew** getur einnig grynnað örhrökkur og lagað húðskemmdir af völdum of mikils sólarljóss. **geoSilica Renew** er sink- og koparbætt. Sink og kopar eru lífsnauðsynleg steinefni en rannsóknir\* sýna að þau stuðla að styrkingu nagla og hárs auk þess að minnka hárlós og klofna enda.



### Repair Fyrir bein og liði

**geoSilica Repair** getur aukið beinþéttni en rannsóknir\* sýna að dagleg inntaka kísils getur dregið úr beinþynningu og jafnvel hægt á henni á byrjunarstigi, sérstaklega hjá konum. **geoSilica Repair** er manganbætt en það á ríkan þátt í að viðhalda eðlilegum beinvexti s.s. myndum brjósks og liðvökva og er nauðsynlegt heilbrigði tauga og ónæmiskerfis.

\*<http://instituteofmineralresearch.org/mineral-elements>

**Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum,  
Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.**

Nánari upplýsingar má finna á [www.geosilica.is](http://www.geosilica.is)

**geoSilica**  
ICELAND



Myndin tengist fréttinni ekki. Valur er eitt af þeim liðum sem standa við gerða samninga.

MYND BRANDURJ

# Félög fara í kringum leyfiskerfi KSÍ til að fá keppnisleyfi

■ Ekki öll félög sem standa við gerða samninga ■ Skulda oft marga mánuði

Hörður Snævar Jónsson  
hoddii@433.is



Leyfiskerfi KSÍ er hlutur sem félög í efstu deild karla og 1. deild karla þurfa að gangast undir. UEFA ákvað að öll félög sem taka þátt í Evrópukeppni frá og með haustinu 2004 skyldu hafa útgengið leyfi frá knattspyrnusambandi sínu. Í kerfinu verða félög að mæta lágmarkskröfum UEFA á fimm sviðum.

Knattspyrnusamband Íslands ákvað í kjölfarið að taka upp leyfiskerfi í efstu deild 2003 þannig að þau félög sem ynnu sér rétt til að leika í Evrópukeppni hefðu tilskilið leyfi KSÍ. Fyrir keppnistímabilið 2007 var leyfiskerfið síðan útvíkkað, þannig að það náði einnig til 1. deilda og undirgangast nú tvær efstu deildir Íslandsmóts karla kerfið. Leyfiskerfið á að gera félögum kleift að bæta skipulag sitt samkvæmt viðurkenndum lágmarksviðmiðum, gera fjármál íþróttarinnar sýnilegri sem ætti að leiða til aukinnar tiltrúar fjárfesta og meiri fjárfestinga utanaðkomandi aðila í íþróttinni, og bæta öryggi og ánægju áhorfenda á leið til leiks, meðan á leik stendur og að honum loknum.

## Félög fara á bak við kerfið

Galli virðist hins vegar vera í kerfi-

„Það þarf að koma staðfesting frá félögum um að engin vanskil séu við starfsmenn þeirra

inu þegar kemur að fjármálum og því hvernig félög standa skil á gerðum samningum. Til að fá keppnisleyfi á hverju ári þarf lið í Pepsi-deild karla og 1. deild karla að fá alla sanningsbundna leikmenn til að skrifa undir bréf þar sem leikmaður staðfestir að félagið hafi staðið við gerða samninga, að félagið hafi greitt öll laun og bónusa og að leikmaður eigi ekkert inni hjá félaginu. Undir þetta skrifa hins vegar leikmenn þrátt fyrir að félög í báðum deildum skuldi þeim fjármuni. Félagið biður leikmenn um það svo að það haldi keppnisleyfi sínu hjá KSÍ. Ekki þarf að leggja fram nein frekari gögn en staðfestingu leikmanns um að enginn vanskil séu til starfsmanna.

## Boginn spenntur of hátt

Í dag ríkir góðæri á Íslandi og knattspyrnufélög hér á landi hafa tekið þátt í því, sum hafa hins vegar

## Kröfur og markmið leyfiskerfis

Leyfiskerfi KSÍ tekur mið af lágmarkskröfum UEFA nema þar sem UEFA hefur samþykkt undanþágu, en undanþága er aðeins veitt til eins árs í senn.

Með leyfiskerfi í efstu tveimur deildum Íslandsmóts meistaraflokks karla er leitast við að ná fram ákveðnum markmiðum.

Mælanleg markmið eru sett á ári hverju í tengslum við árlegt endurmat.

Með Leyfiskerfi KSÍ (og Leyfiskerfi UEFA) leitast UEFA og KSÍ við að ná eftirfarandi markmiðum:

- a) Að efla frekar og auka sífellt gæði á öllum sviðum knattspyrnunnar á Íslandi (og í Evrópu), ásamt aukinni áherslu á uppeldi ungra leikmanna.
- b) Að tryggja framvindu Evrópukeppna félagsliða yfir keppnistímabilið.
- c) Að fylgjast með því að sanngirni og heiðarleiki hvað varðar fjármál sé hafður að leiðarljósi í mótunum.
- d) Að þróa samræmd viðmið fyrir félagslið hvað varðar fjárhagslegar, knattspyrnu- og lagalegar, starfsmannahaldslegar, stjórnanarlegar og mannvirkjalegar forsendur um alla Evrópu.
- e) Að tryggja að stjórnun og skipulag hvers félags sé traust.
- f) Að bæta knattspyrnumannvirki félaga til að sjá leikmönnum, áhorfendum og fulltrúum fjölmörgu fyrir vel búnum, vel staðsettum og öruggum leikvöngum, sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
- g) Að efnahagsleg og fjárhagsleg geta félaga batni, gegnsæi og trúverðugleiki þeirra aukist, og nauðsynleg áhersla sé lögð á að félögin standi skil á skuldbindingum sínum.

spennt boga sinn of hátt og geta ekki staðið við skuldbindingar. Sum félög í Pepsi-deild karla skulda til að mynda leikmönnum sínum margra mánaða laun. DV ræddi við nokkra leikmenn í deildinni sem hafa verið í þessari stöðu síðustu ár. Þeir hafa skrifað undir að félagið skuldi þeim ekkert þrátt fyrir að svo sé, félagið lofar að greiðslur berist innan tíðar en ef leikmaður neitar að skrifa undir getur félagið misst kepp-

isleyfi sitt á komandi leiktíð. Leikmenn gera þetta oft í góðri trú um að fjárhagur félagsins verði betri og hægt verði að standa við gerða samninga, einn leikmaður sem skipti um félag í Pepsi-deildinni í vetur hefur til að mynda ekki fengið laun sem hann átti inni hjá sínu gamla félagi þrátt fyrir að nú séu fimm mánuðir frá því að hann yfirgaf félagið. Leikmenn skrifa hins vegar undir svo félag þeirra fái keppnisleyfi.

## Leikmenn hafa samband við KSÍ

Haukur Hinriksson er lögfræðingur hjá KSÍ og sér um leyfiskerfið. „Það þarf að koma staðfesting frá félögum um að engin vanskil séu við starfsmenn þeirra. Fyrir fund leyfiskerfis skila ég inn gögnum um það og þá með athugasemdum ef við á. Félagin þurfa að sýna staðfestingu á þessu og gera það á mismunandi hátt. Það eru leikmenn sem hafa haft samband við mig og spurt út í þetta, ég segi þeim að kvitta ekki undir ef eitthvað vantar. Félagin hafa út mánuðinn til að skila gögnum,“ sagði Haukur um málið þegar DV leitaði til hans.

## Flest félög til fyrirmyndar

Þrátt fyrir að sum félög séu að spenna boga sinn allt of hátt eru flest félög í deildunum tveimur sem standa við gerða samninga, heimur fótoltans á Íslandi hefur breyst en hér áður fyrir treystu leikmenn ekki eins mikið á tekjur frá knattspyrnufélögum. Oftar en ekki var um að ræða aukapening og leikmenn voru yfirleitt í starfi, í dag eru hins vegar breyttir tímar þar sem margir leikmenn eru aðeins í starfi sem fótoltamenn og treysta því á laun frá félögum til þess að borga reikninga. ■

# GULRÆTUR HANDAN VIÐ HORNID FYRIR FYRIRLIÐANN

- 99 dagar í fyrsta leik á HM
- Hefur ekkert spilað á árinu

Hörður Snævar Jónsson  
hoddi@433.is



Aron Einar Gunnarsson, miðjumaður Cardiff og fyrirlíði íslenska landsliðsins í fótbolta, hefur ekki stigið inn á knattspyrnuvöllinn á þessu ári. Aron fór í aðgerð á fæti fyrir jólin en um var að ræða meiðsli í ökkla sem höfðu angrað fyrirlíða landsliðsins. Í fyrstu var talið að Aron yrði leikfær í febrúar en endurhæfingin hefur tekið ögn lengri tíma en búist var við í fyrstu. Aron er hins vegar á réttri leið og er endurhæfingin á síðustu metrunum og stutt er í er að þessi öflugli leiðtogi verði leikfær. Fram undan eru mikilvægar vikur og mánuðir, Cardiff er í frábæri stöðu til að tryggja sér sæti í ensku úrvalsdeildinni og þá er íslenska landsliðið á leið á HM. Þar vill Aron vera í toppstandi.

„Þetta gengur mjög vel og ég er búinn að vera núna í eina og hálfu viku úti á grasi, ég er byrjaður að keyra upp hraðann og hingað til hefur ökklinn brugðist mjög vel við. Eftir svona stóra aðgerð er ég á fínu róli. Núna snýst þetta fyrst og fremst um að koma mér í betra form, ég þarf að bæta formið og

það er það sem við erum að vinna í núna. Þegar ég var skorinn upp þá bjuggust menn við að þetta væri minna, en þegar ökklinn var opn- aður þá var augljóst að þetta var tímabær aðgerð. Það er fínt að hafa komið því frá og núna er að koma sér á völinn og tækla síðasta hluta tímabilsins og vonandi klára það með því að fara upp um deild með Cardiff,” sagði Aron þegar DV ræddi við hann en Cardiff situr í öðru sæti næst efstu deildar á Englandi.

#### Erfitt og einmanalegt

Aron vorkennir sér ekki þrátt fyrir

að hafa verið lengi á hliðarlínunni, staðreyndin er hins vegar sú að hver einasti íþróttamaður þolir ekki vera á sjúkrahösknum. „Þetta er búið að vera ágætlega langur tími, stundum erfiður og einmanalegur. Það er gott að hafa stráka hérna í liðinu sem hafa farið í svipaðar aðgerðir þannig að maður veit meira hvernig þetta er. Það getur verið erfitt að vera meiddur og sérstaklega fyrir hausinn, maður getur samt ekki legið og kvartað. Það þurfti að framkvæma þessa aðgerð og núna snýst þetta um hvernig ég kem til baka.”

#### Fer með landsliðinu til Bandaríkjanna

Íslenska landsliðið heldur til Bandaríkjanna seinna í mars og þrátt fyrir að Aron verði ekki byrjaður að spila með Cardiff fer hann með. Ekki er öruggt að hann spili. „Ég er ekki 100 prósent viss um hvenær ég get spilað aftur, ég byrja að æfa með liðinu eftir helgi og þá er bara spurning hvernig ökklinn bregst við fullu álagi, þegar maður þarf að snúa hratt og slíkir hlutir. Ég fer með landsliðinu til Bandaríkjanna, Cardiff hefur hug á því að ég fái einhverjar mínútur þar

til að koma mér í form. Við spilum þetta eftir eyranu, það er ekkert stress.“

#### Gulrætur handan við hornið

Aron vonast til þess að spila sem fyrst, hjálpa Cardiff upp um deild áður en HM hefist. „Það hefur drifið mann áfram og komið í veg fyrir að maður geri þetta með hangandi haus, það eru gulrætur handan við hornið. Ég hlakka til að spila aftur og það hefur verið gott að Cardiff hefur gengið vel og því ekki verið pressa á mér að drífa mig inn á völinn.“ ■



MYNDAVIÐ ÞÓRVALDUR JÓNSSON

## Sjálfímandi hnífaparaskorður

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálfímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

# Gullkistan

Frakkastíg 10 | Sími 551 3160 | gullkistan@vortex.is | www.thjodbuningasilfur.is

SENDUM  
Í PÓST-  
KRÖFU



# SAKAMÁL



**30** ára dóm fékk belgíska konan Els Clottemans í október 2010. Els var sakfelld fyrir að hafa, 18. nóvember 2006, í afbrýðisemi unnið skemmdarverk á fallhlíf vinkonu sinnar, Els Van Doren, með þeim afleiðingum að hún hrapaði til bana. Els Van Doren var 38 ára, gift og tveggja barna móðir. Það kom þó ekki í veg fyrir að hún stæði í kynferðislegu sambandi við fallhlífarsökkuvara að nafni Marcel Somers. Slíkt hið sama gerði Clottemans og vildi hún ekki deila Marcel með nöfnu sinni Van Doren. Því fór sem fór.

# SÁRASÓTT OG SJÁLFSVÖRN

■ James átti eyndarlíf í æsku ■ Lenti snemma uppi á kant við lögin

Þann 30. mars, 1960, var James W. Rodgers leiddur fyrir aftökusveit í Utah í Bandaríkjunum. James þessi kom í heiminn 3. ágúst, 1910, í Lubbock í Texas og var elstur ellefu systkina; fimm bræðra og sex systra.

Skólagöngu James lauk um átta ára aldur og tólf ára gamall sagði hann skilið við æskustöðvarnar þar sem faðir hans þrælaði börnunum út.

Sextán ára var hann bendlaður við ólöglega sprúttframleiðslu og -sölu og í særðist á fótleggjum vegna vélbyssuskothríðar í tengslum við þá iðju. Svo fór að James tók þátt í vopnuðu ráni og dvaldi um tuttugu ára skeið á bak við lás og slá.

## Léttvæg deila

Vindur nú sögunni fram til ársins 1957. Það ár kom James frá Nýju-Mexíkó til La Sal í Utah. Þar hafði hann fengið hlutastarf sem öryggisvörður við Rattlesnake úrannámu Continental Uranium Company.

Þann 19. júní sama ár sló í brýnu með James og námamanninum Charles Merrifield. Þegar upp var staðið, eða þannig séð, lést Charles Merrifield, enda erfitt að halda í tórana eftir að hafa verið skotinn ótal skotum í höfuð, handleggi og bringu. Deiluefnið var ekki merkilegt; hvernig átti að bera áburð á skóflu gröfu til að koma í veg fyrir að jarðvegur festist við hana.

## Fannst sér ógnað

James lagði á flótta á jeppanum sínum en var gripinn í Colorado og skilað í fangelsið í San Juan í Utah. Hann útskýrði gjörðir sínar á þann veg að honum hefði fundist sér ógnað af Charles og verið hræddur um að Charles myndi „berja hann í kássu“. Hann hefði



Dómhús San-Juan-sýslu. Hér voru órlög James W. Rodgers ráðin.

því gripið til byssunnar og skotið hann þegar Charles óð að honum með stóran skiptilykil að vopni.

James var leiddur fyrir rétt undir lok júní 1957 og formlega ákærður fyrir morð.

## Bar við sárásótt og sjálfsvörn

James bar því við að hann væri með sárásótt og ekki sakhæfur vegna geðveiki. Einnig sagðist hann hafa orðið Charles að bana í sjálfsvörn, en það þótti hæpin útskýring því Charles hafði verið undir stýri stórrar gröfu við námuna þegar James raðaði í hann skotunum.

James var sakfelldur og dæmd-

ur til dauða. Honum voru boðnir tveir kostir; aftökusveit eða henging. Hann valdi aftökusveitina og sagðist ekki hafa áhyggjur því sárásóttin myndi draga hann til dauða áður en að aftökunni kæmi. Það reyndist rangt því lækni skoðun leiddi í ljós að hann glímdi ekki við sárásótt.

James áfrýjaði dómnum í þrjú gang en hafði ekki erindi sem erfíði.

## Á leið á hlýjan stað

Charles var í ríkisfangelsi Utah síðustu tvö ár ævi sinnar og var fyrirmyndarfangi. Sem fyrr segir stóð hann frammi fyrir aftökusveit 30.

mars, 1960, við sól-arupprás. „Ég hef nú þegar lagt fram mína hinstu ósk... skothelt vesti,“ sagði hann.

Hann var íklæddur gallafatnaði og var boðinn frakki sem hann afþakkaði með orðunum: „Engar áhyggjur, brátt verð ég kominn á heitan stað.“

Aftökusveitin samanstóð af fimm karlmönnum. Einn þeirra, enginn vissi hver, var með ríffil hlaðinn púðurskoti. Þannig var komið í veg fyrir að þeir gætu vitað

með vissu hverjir skutu banaskotunum. Sautján ár liðu frá aftöku James W. Rodgers þar til aftökusveit var beitt aftur við aftökur í Bandaríkjunum. ■



James W. Rodgers Reiknaði ekki með að standa frammi fyrir aftökusveit.

# Banabiti í Blenheim

■ Morfíníkn herjaði á herlækninn fyrrverandi ■ Fjárhagsvandann varð að leysa

Einu sinni var læknir að nafni George Henry Lamson. Hann var enskur og hafði dvalið um skeið utan landsteinanna og sinnt lækni- og sýslumálum á vegum breska hersins.

Um síðir sneri hann þó heim til Englands, kvæntist og árið 1880 fjárfesti hann í eigin lækna- og sýslumálum í Bournemouth. Lækna- og sýslumálum kostaði hann með því að seilast í

þyngju eiginkonu sinnar, en hún og bræður hennar tveir höfðu erfir eignir foreldra sinna og voru ekki á nástrái.

Árið 1879 dó annar bræðranna og með einhverjum hætti rataði arfur hans, 700 sterlingspund, í vasa lækni- og sýslumálum.

## Morfíníknill

Lækna- og sýslumálum reyndist slæm fjár-

festing. Svo litlu skiluðu lækni- og sýslumálum að Lamson seldi stofuna. Til að bæta gráu ofan á svart hafði Lamson ánetjast morfíni þegar hann var herlæknir á Balkanskaganum. Svo mikið kreppti skóinn fjárhagslega að hann neyddist til að veðsetja sitt lítið af hverju, þar á meðal lækni- og sýslumálum sín og úr. Þegar þarna var komið sögu var Lamson um þrjúgt.

## Lausn í augsýn

Lamson taldi sig þó sjá leið út úr ógöngunum. Þannig var mál með vexti að eftirlifandi bróðir eiginkonu Lamson, Percy John, 18 ára, var bæklaður og notaðist við hjólastól. Percy John stundaði nám í Blenheim House-skólanum í Wimbledon og 2. desember, 1881, sendi Lamson honum bréf. Í því boðaði komu sína daginn eftir;

hann vildi aðeins sjá drenginn áður en hann sjálfur héldi til Frakklands.

## Ein sneið á mann

Klukkan sjö að kvöldi næsta dags bankaði Lamson upp á í Blenheim House. John Percy var borinn í hjólastólnum upp í matsalinn þar sem Lamson beið hans. Innan skamms bættist skólástjórinn

**3** fjölskyldumeðlimir Erin Caffey voru skotmörk tveggja ungra manna sem réðust inn á heimili Caffey-fjölskyldunnar í Alba í Texas 1. mars 2008. Móðir Erin, Penny Caffey, og tveir bræður Erin, Matthew, 13 ára, og Tyler, 8 ára, voru skotin til bana, en fjölskyldufóðurnum, Terry Caffey, tókst illan særðum að klifra út um þaðherbergisgluggann. Erin hafði lagt á ráðin um morðin og fengið félagá sína til að framkvæma þau. Hún fékk tvöfaldan lífstíðardóm og 25 ár að auki.



# VÁGESTUR Í VOLKSWAGEN

■ Dæmdur fyrir tvö morð ■ Grunaður um fleiri

**A**rið 2000 var Þjóðverjinn Ulrich Muenstermann sakfelldur í Þýskalandi og dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir morð á ungru konu árið 1983. Á þeim sautján árum sem liðu frá morðinu til sakfellingar var Ulrich á ferðinni, og öðrum þræði á flóttu, allra enda á milli á meginlandi Evrópu, aðallega á bláum og hvítum Volkswagen-húsbíl.

Þegar lögregla hóf leit að honum var það ekki eingöngu vegna morðsins heldur einnig í tengslum við rannsókn á að minnsta kosti þremur nauðgunum.

## Úr mörgum morðum að móða

Ekki voru þó öll kurl komin til grafar þrátt fyrir handtöku hans og dóm. Mörgum árum síðar lá lögregla í fimm Evrópulöndum yfir skýrslum Interpol í von um að geta hent reiður á gjörðum Þjóðverjans, sem þá var í einangrun í frönsku fangelsi. Fannst lögreglu ýmislegt benda til að Ulrich kynni að eiga hlut að máli í allt að fimmtán óupplýstum morðum hér og hvar í Evrópu.

## Þögull sem gröfin

Í mars 2007 uppgötvaði lögreglan í Wiesbaden í Þýskalandi að lífsýni gætu mögulega tengt Ulrich við morð sem framið hafði verið í Avallo, í Mið-Frakklandi, í maí 1989. Fórnarlambið var frönsk námskona að nafni Sylvie Baton. Í kjölfar þessa nýja vinkils var Ulrich framseldur frönskum yfirvöldum og var síðar sakfelldur fyrir morðið á Sylvie Baton.

„Það er engu líkara en samfélagið þarfnist skrímsla og því eru þau jafnvel uppdiktuð.“



Á yngri árum Ulrich var kannski afkastameiri en fjöldi dóma gefur til kynna.

Ulrich þessum, rafvirkja að mennt, hefur verið lýst sem „menningarlegum“ en það sem gerði lögreglu erfitt um vik að finna týnd stykki í púslíð var að hann reyndist ekki maður margra orða. Hann var reyndar þögull sem gröfin.

## Morð og mannhvörf

Það lá þó fyrir að Ulrich hafði borið niður í Plymouth í Bretlandi, eða þar í grennd árið 1983. Einnig var vitað að 1992 var hann kominn aftur til Þýskalands, þar aflánaði hann dóm vegna nokkurra



Sylvie Baton Var myrt árið 1989.

nauðgana. Honum var síðan sleppt árið 1995.

Á meðal þeirra mála sem Ulrich var jafnvel talinn viðriðinn voru morð á tveimur konum og hvarf tveggja frænka.

Nathalie Maire var kyrkt með rafmagnsleiðslu og barin til bana með kútskafti í Burgundy í september 1997 og Christelle Blétry var stungin til bana, 113 sinnum, á sömu slóðum í desember árið áður.

Marie-Agnès Cordonnier og Françoise Bruyère, 22 ára frænkur frá Liège í Belgíu, hurfu af yfirborði jarðar árið 1984. Þær sáu síðast á lífi við brú yfir ána Ron við Macon í Frakklandi.



Sylvie Aubert Var myrt 1986 og fannst líkið af henni árið 1987.

## Ekki Slátrarin frá Mons

Á tímabili var belgíska lögreglan sannfærð um að Ulrich og morðingi sem fékk viðurnefnið Slátrarin frá Mons væru einn og sama maðurinn. Sá var þekktur fyrir að skera fórnarlömb í bita sem hann síðan henti í svörtum ruslapokum. Vitni gat þó kollvarpað þeirri kenningu því Slátrarin talaði víst frönsku sem Ulrich Muenstermann getur ekki.

Lögmanni Ulrichs þótti nóg um kappsemi lögreglunnar og hafði á orði að það væri „aðeins of langt gengið að reyna að klína öllum óupplýstum morðum á hann [Ulrich]. Það er engu líkara en samfélagið þarfnist skrímsla og því eru þau jafnvel uppdiktuð.“

## Kannski þriðja fórnarlambið

Hvað sem þessum orðum líður þá hljóp hugsanlega á snærið hjá lögreglunni í Dijon í Frakklandi árið 2017. Lögreglan telur rökstuddan grun um að Ulrich hafi átt hlut að máli í morði á Sylvie Aubert, 23 ára konu sem hvarf árið 1986. Sylvie var á heimleið að loknum vinnudegi í stórmarkaði í Chalon-sur-Saone til býlis foreldra sinna á Saint-Loup-de-Varennes. Lík hennar fannst í apríl 1987 í ánni Dheune.

Grunur lögreglunnar byggir á vitnisburði um að bíll hafi sést á þessum slóðum, hvítur og blár Volkswagen-húsbíll sem tilheyrir hafi sjónvarpsviðgerðarmanni. Einnig er vitað að Ulrich dvaldi þá í Chalon í um þriggja mánaða skeið. Niðurstaða hefur ekki fengist, en Ulrich dvelur enn á bak við lás og slá. ■

„Lamson hafði komið færandi hendi og dró úr pússi sínu þrjár sneiðar af Dundee-köku.“



William Marwood Böðull hennar háttignar smeygði lykkjunni um háls læknsins.

í hópinn og yfir sérrigli ræddu þeir lífsins gagn og nauðsynjar.

Lamson hafði komið færandi hendi og dró úr pússi sínu þrjár sneiðar af Dundee-köku. Hann rétti skólastjóranum eina sneið, Percy John eina og gæddi sér sjálfur á þeirri þriðju.

## Lyfjahylki og sykur

Lamson var einnig með tólm lyfja-

hylki sem hann sagðist vilja gefa skólanum. Þá yrði hægara um vik að gefa drengjunum lyf ef nauðsyn krefði.

Til að sýna hve þægileg þessi hylki væru í notkun bað hann skólastjóran og koma með smávægis af sykri. Setti hann síðan sykurni í hylkið og sagði Percy John að gleypa það, sem hann og gerði.

Nú en Lamson var ekki til setunnar boðið, að eigin sögn, þurfti enda að ná ferjunni til Frakklands. Bað hann því skólastjóran og Percy John vel að lifa og kvaddi.

## Grunur um eitrun

Tíu mínútum síðar var ljóst að velfarnaðarkveðjur læknsins náðu ekki til unga mannsins. Percy John varð fárveikur og fjórum tímum síðar kaldur nár.

Þegar lögreglu bar að garði viðruðu lækna skólans þær grunsemdir sínar að Percy John hefði verið byrlluð ólyfjan og óhjálkæmlega datt lögreglunni Lamson fyrst í hug.

Lamson kom til Englands fimm dögum síðar, frá Frakklandi, og fór beina leið til Scotland Yard og sagðist vilja leiðrétta einhvern misskilning. Lamson var handtekinn með það sama.

## Tveir plús tveir

Það sem Lamson ekki vissi var að á meðan hann var fjarverandi hafði fyrirtæki nokkuð sem hafði útvegað honum akonítín, eitruð unnið úr blóminu bláhlámi, sett sig í samband við lögregluna. Þar á bæ höfðu starfsmenn lesið um málið í dagblöðum og lagt saman tvo og tvo.

Það taldist litlum vafa undir-



Læknirinn lævisi George Henry Lamson hélt sig hafa komist upp með morð.

orpið að Lamson hefði laum að eitruni á sneið Percy John, enda hefði hann komist yfir 1.500 sterlingspund ef hann geispaði gólu.

## Gekkt við glæpnum

Lyfjahylkið hafði Lamson hugsað til að afvegaleiða rannsóknarlögregluna, en það hafði mistekist með öllu. Réttáð var yfir George Henry Lamson í Old Bailey og hann sakfelldur fyrir morðið á Percy John.

Síðar gekkst hann við glæp sínum og 28. apríl, 1882, sá böðullinn William Marwood um að smeygja lykkjunni um háls hans. ■





# Á einu og hálfu ári



Guðný Júlíana Jóhannsdóttir  
Ótrúlegur árangur Guðnýjar.

tónlist með P!nk og hún róaði mig niður og þegar ég fór aftur inn í salinn þá, mér til mikillar undrunar, var enginn sem sagði mér að ég ætti ekki heima þarna. Það var enginn sem starði og enginn sem hló. Ræktin var í upphafi afskaplega ógnvekjandi staður en er í dag mitt annað heimili, það er yndislegt að vera þar, afskaplega góður andi, allir vingjarnlegir og hjálpfúsir. Ég æfi að meðaltali í tvo klukkutíma á dag, sex daga vikunnar og oftast fer ég í um klukkutíma göngu á kvöldin líka.“

Guðný telur að hún hafi jafnvel verið of ströng á mataræðinu í upphafi og breytingarnar komið frekar ört.

## Leið yfir hana í ræktinni

„Líkaminn var ekkert voðalega sáttur fyrstu vikurnar og mér gekk til dæmis illa að sofa þar til ég setti inn auka máltíð á kvöldin, auk þess var maginn allur undinn og snúinn og lét mig heyra það. Ég komst svo að því á erfiða máttann að góð næring er nauðsynleg, en stundum átti ég það til að ganga of langt hvað varðar hitaeiningafjölda. Tvisvar sinnum endaði það með yfirliði, annað skiptið í ræktinni, þar sem ég vaknaði kolrugluð á gólfinu með Jónu stumrandi yfir mér og dró þá ályktun að ég hlyti að hafa verið að gera magaæfingar og ætlaði að halda því áfram þegar Jóna þjálfari sagði mér hvað hefði komið fyrir og að hún hefði grip-ið mig og lagt á gólfíð. Gamla ég hefði hætt þarna vegna þess hve mikið ég skammaðist mín, en ég mætti aftur daginn eftir og vonaði að ef einhver hefði tekið eftir þessu þá væri sá hinn sami búinn að gleyma því. En líklega tók enginn eftir því.“

Þann 1. ágúst árið 2016 var Guðný rúmlega 140 kíló og leið mjög illa á marga vegu, líkamleg geta hennar var lítil, hún átti erfitt með að standa upp af gólfinu, varð móð og sveitt þegar hún gekk upp eina hæð og var oft aum í hnján-um.

„Í september árið 2017 var ég komin niður í 82 kíló og þá var mér sagt að það væri komið nóg. Síðan þá hafa þó nokkur kíló farið í rólegheitum og í dag er ég 77 kíló eða um það bil 63 kílóum léttari en ég var. Það er erfitt að lýsa því hversu miklu betur mér líður í dag. Ég geng, ég hleyp, ég hjóla, sem ég

Ég taldi einfaldlega að ég væri allt of feit fyrir ræktina.

hef ekki getað gert síðan ég var tuttugu og tveggja ára. Ég hef enga stoðverki lengur, ég borða hollt, ég fer í ræktina sex sinnum í viku og hlusta áfram á P!nk sem kom mér í gegnum fyrstu æfinguna. Þetta er alveg nýtt líf. Næsta skref er svo að fara í aðgerð núna 20. mars þar sem laus húð verður fjarlægð, því að sjálfsögðu er töluvert laust eftir svona mikið þyngdartap. Húð sem kemur ekki til með að ganga til baka og veldur mér ama. Eftir aðgerðina ætla ég að jafna mig og eftir það er bara að lifa nýju góðu lífi, með nýjar hefðir.“

## Munu alltaf vera fitufordómar

Guðný segir fordóma og neikvæðni vera í gangi varðandi of feitt fólk og að það sé alltaf einhver sem reyni að vera fyndinn á kostnað annarra.

„Við þurfum bara að reyna að láta það ekki hafa áhrif á okkur, það er erfitt stundum, ég veit það. En jákvæða, hjálpsama og hvetjandi fólk er líka þarna, ég komst að því. Ég viðurkenni að þetta er erfitt, en þetta er hægt og ávinningurinn er svo mikill. Ekki gefast upp við að ná markmiðunum og láta draumana rætast. Þrátt fyrir að síðasta tilraun hafi farið úrskaiðis þá þarf sú næsta ekki að gera það líka. Hún var ekki til einskis heldur góð reynsla í reynslubankann sem læra má af. Hafðu trú á sjálfum þér, þú getur það sem þú ætlar þér. Við þurfum að setja okkur markmið sem er ekki ómögulegt að ná en samt þannig að þau séu áskorun.“

Guðný segir að í gegnum ferlið hafi hún lært að skyndilausnir virka ekki, heldur þurfi að brjóta upp gamlar, slæmar hefðir og búa til nýjar.

„Til að mynda kemur alltaf sá dagur að maður nennir ekki að fara í ræktina en það er samt mikilvægt að fara og gera bara eitt-hvað smávegis, það þarf ekki að vera merkilegt. Það að fara gerir að



Guðný Júlíana Jóhannsdóttir í dag.

Þetta er hægt og ávinningurinn er svo mikill.

verkum að líklegra er að nýtt hegðunarmunstur verði til, að þetta verði hluti af lífinu líkt og að klæða sig á morgnana. Það þarf líka að velja sér hreyfingu sem hentar manni vel því ef manni finnst æfingin skemmtileg þá er líklegra að manni langi að fara á æfingu. Mataræðið skiptir svakalega miklu máli en ef fólk telur að það sé að

gera allt rétt í mataræði og hreyfingu en er samt ekki að léttast þá er mikilvægt að láta athuga það.“

## Myndir og málband segja meira en vigtin

Guðný segir að myndir og málband segi oft meira en vigtin og hún vildi óska þess að hún hefði hugsað meira um það í upphafi.

„Vigtin var það eina sem ég hugsaði um á þeim tíma - skítt með heilsuna, áfram með vigtina, var hugsunin, en sú hugsun er svo röng á alla vegu. Það er heilsa og líðan sem skiptir máli, en ekki vigtin. Það gleymist líka stundum að það sem hentar einum þarf ekki endilega að vera rétta leiðin

fyrir þann næsta og við þurfum að hlusta á líkamann, hann segir oft margt en við hlustum ekki nógu vel.“

Guðný segir einnig frá því að mikilvægt sé að hrósa.

„Ég man þegar einhver ókun-ugur hrósaði mér í fyrsta skiptið á degi þar sem ég var einmitt engan veginn að nenna í ræktina, engan veginn að nenna þessu öllu saman því það var ekkert að ganga. Ég sveif á skýi allan daginn og æfingin gjörsamlega breyttist og í stað þess að hún væri leiðinleg og allt ómögulegt, varð úr skemmtileg og krefjandi æfing. Eitt lítið hrós eða bros getur breytt erfiðum degi í góðan.“ ■

# G-BLETTSNUDDARINN, FRAMHJÁHALDARINN OG VÆNDISKAUPANDINN

► Umdeildar greinar ► Mikil kynorka og þörf fyrir viðurkenningu

Ragnheiður Eiríksdóttir  
skrifar



Það fer að líða að 20 ára starfstíðarafmæli ykkar einlægrar sem kynlífspenna. Ævintýrið hófst á Degi Tímanum, þar sem fyrsti kynlífspistillinn birtist laugardaginn 16. janúar árið 1999, en hann fjallaði um blæti/munautnir/munalosta: „Jóni getur fundist einn og einn nælonsokkur skemmtilegt svefnherbergskrydd á meðan séra Jóni rís ekki hold nema gengið sé yfir hann á pinna-hælum,“ er meðal þess sem þar er ritað. Pistillinn dvelur þar á raf-rænu formi í góðum félagsskap annars prentefnis Íslandssögunnar. Á ferlinum hef ég komið víða við, tekið viðtöl við ógrynni af hugrökku og athyglisverðu fólki, skrifað um efni sem flokkast hafa undir tabú, og svarað óteljandi spurningum sem lesendur hafa sent inn.

Í tilefni opunar vefjar míns, raggaeiriks.com, þar sem hægt er að nálgast greinar mínar frá ýmsum tímabilum, sem og upplýsingar um önnur verkefni, ákvað ég að grafa mig ofan í hrúguna og birta brot úr nokkrum greinum sem vöktu mikla athygli þegar þær komu út. Greinarnar má finna í heild sinni á raggaeiriks.com. Gjörði svo vel!

## „KONUR ERU MIKLU MEIRI TEPRUR Í KYNLÍFI“

Við Sæmundur (dulnefni) spjöll-uðum um kynlíf hans með karlmönnum. Hann stundar það reglulega en er þó ekki hommi: „Auðvitað hef ég fengið að heyra að ég sé hommi og þori ekki út úr skápnum. En þannig upplifi ég sjálfan mig ekki – ég hlýt að fá að skilgreina sjálfan mig. Ég þekki mig betur en einhver annar.“

Sæmundur lýsir muninum á körlum og konum svona:

„Þegar um karlmenn er að ræða er nákvæmlega ekkert mál að hittast bara til að ríða – og forsendurnar eru skýrar frá byrjun. Það þarf ekki einhvern söng og dans á undan, og enginn er hræddur við að fá á sig druslustimpil. Stelpur eru yfirleitt ekki tilbúnar að hittast strax til að stunda kynlíf, nema á djamminu – og maður nennir nú ekki alltaf að vera fullur til að geta farið að veiða fullar stelpur. Það væri líka smá krípí að vera edrú og fara út að veiða fullar stelpur. Fólk getur verið svo feimið en svo með áfenginu fara allar hömlur. Þetta er ekki nógu gott.“

Fyrst birt á Kynlífspressunni 2016

## G-BLETTSNUDD Í KÓPAVOGI

G-blettsmaðurinn kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2014 þegar viðtal mitt við hann birtist í Man magasín. Herra G er bara venjulegur gaur með óvenjulegt áhuga-

mál – að nudda G-bletti kvenna sem til hans leita, veita þeim fullnægingar og í mörgum tilfellum kenna þeim að hafa saflát. Sitt sýndist hverjum um ágæti iðjunnar, sumir hrópuðu VENDI, en þess ber að geta að herra G hefur aldrei þegið greiðslur fyrir. Kaffistofurnar loguðu og margir þóttu-st vissir um hvern væri talað. Grípum niður í viðtalið þar sem hann lýsir heimsóknum kvennanna:

„Ég hitti konurnar yfirleitt á netinu, Einkamálum, Facebook eða þá að einhver sem þekkir til bendir þeim á að hafa samband við mig. Eftir dálítið spjall segi ég þeim frá því hvað ég geri og finn fljótlega hvort þær eru spennar eða ekki. Ef þær hafa áhuga plönnum við hitting, annaðhvort heima hjá þeim eða mér. Sumum finnst þægilegra að vera á heimavelli, þetta er auðvitað spurning um traust og ég skil vel að það geti verið ákveðinn þröskuldur að mæta heim til ókunnugs manns í bakhús í Kópavoginum. Heima er ég yfirleitt búinn að kveikja á kertum og skapa notalega stemningu, ég byrja auðvitað á að heilsa og kynna mig og býð dömunni að afklæðast og leggjast á rúmið. Ef hún vill vera í nærboxum er það í góðu lagi en ég er oftast í bol og stuttboxum. Fyrst nudda ég bak-ið og axlir vel og lengi með olíu. Ég er mjög nálægt henni, snerti hana með líkama mínum og fer stundum úr að ofan og læt bringuhárin og skeggið kitla. Þetta fer allt eftir viðbrögðum hennar og tengingunni sem ég finn.“

Lýsingar G á aðförum eru



Delta White Guðmundur hitti Deltu White í London.



„Ég hugsaði bara, hversu

margir geta státað af því að hafa sofið hjá uppáhaldsklám-myndastjörnunni sinni, þess vegna sló ég til.“

mjög kynferðislegar, þó segist hann sjaldnast stunda hefðbund-ið kynlíf með konunum þrátt fyrir að örvast mikið: „Hjartslátturinn fer upp úr öllu valdi og ég er grjótharður allan tímann en samt er langalgengast að ég einbeiti mér algerlega að þeirra fullnægingu og það leiði ekki til neins meira. Ég get alltaf fengið fullnægingu, það er ekki málið, og í raun er mér frekar illa við að gefa af mér. Þetta er mín aðferð til að fá nándina og nálægð við konur án þess að stofna til nánari kynna.“

## MIKIL KYNORKA OG ÞÖRF FYRIR VIÐURKENNINGU

Viðtalið við raðfrámhjáaldarann Guðmund vakti mikla athygli. Þar sagði íslenskur karlmaður á opin-skáan hátt frá ferli sínum sem framhjáaldari og dró ekkert undan.

„Ég hef ekki tölu á því hversu oft ég hef haldið framhjá. Flest tilvikin eru eitt skipti, á djammi eða í vinnuferðum í útlöndum, en það eru líka nokkur lengri sambönd sem ég hef átt í. Þetta krefst fáránlega mikillar orku, því ég er mjög harður á því að það komist aldrei neitt upp. Ef svona kemst upp, eða ef fólk er svo vitlaust að játa fyrir makanum í einhverju samviskubitskasti, þá verður það bara til að særa og eyðileggja. Það gildir einu þó að þú ætlir að enda sambandið. Ef endalokin eru komin þá áttu bara að ganga frá þínum málum og skilja, án þess að blanda framhjáaldi eða játningum í umræðuna. Fólk sem gerir það lendir í kvöl og rifrildum og svoleiðis getur haft slæm áhrif

„KONUR ERU MIKLU MEIRI TEPRUR Í KYNLÍFI“

á samskiptin það sem eftir er – já, og bitnað á börnunum.“

Sumum þóttu lýsingar hans á bellibrögðum og lygum varla prenthæfar og vændu greinarhöfundum um að hvetja með birtingu hennar til framhjáalds.

## STEFÁN OG DELTA WHITE

Frásögn Stefáns sem keypti vændi af af uppáhaldsklám-myndaleikkonunni sinni, henni Deltu White, og birt var á Pressunni árið 2015 vakti gríðarlega athygli. Þess ber að geta að Stefán heitir raunar ekki Stefán en hann afþakkaði að koma fram undir sínu rétta nafni af ótta við að vera dæmdur af samfélaginu.

Ragga hitti Stefán á kaffihúsi þar sem hann opnaði sig um hvernig það kom til að hann borgaði klám-myndakonu fyrir vændi. Delta býr í lítilli íbúð í miðborg London.

„Eiginlega gerðist þetta fyrir tilviljun. Ég hef ekki keypt kynlíf nema einu sinni áður, úti á Tenerife í einhverju greddukasti, og er enginn sérstakur áhugamaður um kynlífskaup. Ég var búinn að plana ferð til að heimsækja félagi minn sem býr í London, þegar ég komst að því fyrir tilviljun að uppáhaldið mitt, hún Delta White, ynni líka sem escort-stúlka.“

„Já það er fínt orð yfir vændiskonu, ekki satt,“ skaut Ragga inn í. Stefán borgaði sem samsvarar 60 þúsund íslenskum krónum.

„Ég hugsaði bara, hversu margir geta státað af því að hafa sofið hjá uppáhaldsklám-myndastjörnunni sinni, þess vegna sló ég til.“

Viðtalið var eins og áður óvenjulegt og umdeilt. Á meðan sumir fögnuðu því og þótti það áhugavert voru aðrir sem fordæmdu að Stefáni væri gefin rödd. Viðtalið sjálft má nálgast í fullri lengd á Pressunni.

Verið velkomin á nýja vefinn minn, raggaeiriks.com. Þar má finna upplýsingar um námskeiðin mín, fyrirlestra, ráðgjöf á stofu, nýja hlaðvarpið mitt og að sjálfsgöðu greinar sem birst hafa í ýmsum fjölmiðlum frá janúar 1999 og til dagsins í dag.



**et**  
EHF.

**VERSLUN**

**FRÁBÆRT ÚRVAL  
DÍÓÐU (LED)  
VÖRUBÍLA OG KERRU-  
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík  
S: 5682130 • Fax: 5680844 • [www.et.is](http://www.et.is)





# „HÚN ER EKKI BARA STJÚP- MÓÐIR. HÚN ER SAMMÓÐIR“

► Flókin fjölskyldumynstur á Íslandi ► Vinna vel saman með hagsmuni barnanna að leiðarljósi

Steingerður Sonja Þórisdóttir  
steingerdur@dv.is



Íslenskar fjölskyldur geta verið flóknar. Á heimsvísu erum við með hæsta hlutfall barna sem fæðast utan hjónabands en hér er að sama skapi almennt jákvæðara viðhorf til einstæðra foreldra og hjónaskilnaða. Ein afleiðing þessa er fjöldi samsettra fjölskyldna, en lengi hefur sú hugmynd verið við lýði að afbrýðisemi, samskiptaleysi og almennt vandræði fylgi óhjákvæmilega þannig fjölskyldum. En það er svo sannarlega ekki alltaf þannig.

## VINNA VEL SAMAN

Jórunn Steinsson er í sambandi við Böðvar Rafn Reynisson en hann átti fyrir dótturina Emilíu með Önnu Dögg Emilsdóttur og soninn Eypór með Elísabetu Einarsdóttur. Þau eru skemmtilegt dæmi um það þegar samsett fjölskylda vinnur vel saman með það að allra mikilvægasta að leiðarljósi, velfarnað og hamingju barnanna. Í dag eru þær allar þrjár góðar vinur.

„Ég var bara 21 árs gömul og vissi í raun ekkert hvað ég var að fara út í. Það sem bjargaði mér alveg til að byrja með var Anna Dögg og að sjálfsgöðu krakkarnir og Böddi. Þau tóku mér strax eins og einni af fjölskyldunni og það sama má segja um foreldra Önnu Daggar. Ég var fljót að aðlagast

miðað við aðstæður, nýskriðin yfir tvítugt. Aðeins síðar kynntumst við Lísa, mamma Eypórs, og við tölum saman nánast á hverjum degi, um börnin eða um eitthvað allt annað,“ segir Jórunn.

## VISSI AÐ HENNI VÆRI TREYSTANDI

Jórunn kynntist Bödda fyrir átta árum en þá var Eypór að verða í tveggja ára og Emilía var fjögurra ára. Jórunn var ung en tók hugmyndinni um móðurhlutverkið opnum örmum og var staðráðin í að gera sitt besta.

„Ég man nákvæmlega hvenær ég vissi að Jórunni var alvara með nýja móðurhlutverkið. Það var þegar ég var að vafra á Facebook og sá hana bjóða í falleg barnaföt á sölusíðu. Þá vissi ég að þessari ungu konu var treystandi fyrir barninu mínu og hún ætlaði sér greinilega að hugsa vel um börnin,“

og ég og við ræðum reglulega saman um uppeldið. Dóttir mín, systir Eypórs, er þrjú ára og er komin í sína aðra lyfjameðferð. Alltaf hefur Jórunn verið til staðar og ég get leitað til hennar eftir ráðum. Þetta gengur allt eins og í sögu og við erum þrjár frábærar saman,“ segir Lísu.

Áður en Jórunn kom inn í líf Bödda kynntust Lísu og Anna Dögg, Emilía var tveggja ára gömul þegar Eypór fæddist.

„Ég dýrkaði Önnu Dögg strax. Hún er ofboðslega hress og glaðlynd svo erfitt er að líka ekki við þessa hjartahlýju konu. Við erum þrjár að ala upp þessi börn ásamt okkur Bödda og okkar mökum. Jórunn kom inn í líf Eypórs þegar hann var bara eins árs gamall. Fyrst var ég efins og sá bara eitthvert ofurmódel og hugsaði að hún myndi gefast upp strax. En hún fór ekki fet, hún er ekki bara stjúp móðir, hún er sammóðir,“ segir Lísu.

„Ég man nákvæmlega hvenær ég vissi að Jórunni var alvara með nýja móðurhlutverkið. Það var þegar ég var að vafra á Facebook og sá hana bjóða í falleg barnaföt á sölusíðu. Þá vissi ég að þessari ungu konu var treystandi fyrir barninu mínu og hún ætlaði sér greinilega að hugsa vel um börnin.“

og ég og við ræðum reglulega saman um uppeldið. Dóttir mín, systir Eypórs, er þrjú ára og er komin í sína aðra lyfjameðferð. Alltaf hefur Jórunn verið til staðar og ég get leitað til hennar eftir ráðum. Þetta gengur allt eins og í sögu og við erum þrjár frábærar saman,“ segir Lísu.

Áður en Jórunn kom inn í líf Bödda kynntust Lísu og Anna Dögg, Emilía var tveggja ára gömul þegar Eypór fæddist.

„Ég dýrkaði Önnu Dögg strax. Hún er ofboðslega hress og glaðlynd svo erfitt er að líka ekki við þessa hjartahlýju konu. Við erum þrjár að ala upp þessi börn ásamt okkur Bödda og okkar mökum. Jórunn kom inn í líf Eypórs þegar hann var bara eins árs gamall. Fyrst var ég efins og sá bara eitthvert ofurmódel og hugsaði að hún myndi gefast upp strax. En hún fór ekki fet, hún er ekki bara stjúp móðir, hún er sammóðir,“ segir Lísu.

## STJÚP-ORÐIÐ STINGUR

Sammæður er orð sem þær hafa tileinkað sér og nota mikið. Orðið virðist passa vel við samheldni og afstöðu þeirra allra.

„Já, þær byrjuðu á því einhvern tímann. Eða Lísu held ég, ég dýrkaði það strax. Stjúp-orðið hefur alltaf stungið mig smá. Sennilega „vonda stjúp“-tengingin, finnst það vera einhvers konar aftenging við barnið,“ segir Jórunn.

Eins og áður kom fram áttu Jórunn og Anna Dögg í samskiptum frá upphafi og hún tók henni strax sem sammóður, lét henni líða eins og hún gæti þetta og myndi ekki sjá eftir þessu stóra skrefi. Í raun umblyti þetta algjörlega lífsstefnu Jórunnar sem var ekki viss á þeim tíma hvort hana langaði yfirlétt að eignast börn.

„Það er langt síðan farið var að pressa á mig og Bödda að bæta við í barnaskarann. Fólk gengur svo langt að segja að ég sé bara

hreint ekkert móðir fyrir en ég hef komið einu stykki út úr sjálfri mér persónulega og það var sagt við mig síðast bara í janúar,“ segir Jórunn. „Sumir virðast telja sig þurfa að sannfæra mig um það að ást manns á manns „eigin“ barni sé alltaf meiri, en ég er hreinlega ósammála. Upphaflega planið mitt var aldrei að eignast börn, en lífið valdi annað og ég hef ekki fyrir mitt litla líf séð eftir því eða hugsað þetta öðruvísi,“ bætir hún svo við.

Jórunn nefnir að Böddi eigi líka mikinn þátt í hve tengslin eru góð.

„Já, maður reynir alveg að treysta barnsföður sínum að velja vel. Og það eina sem ég vissi um Jórunni á þessum tímupunkti var að mér fannst hún svakalega sæt!“ segir Anna Dögg og hlær. „En svo kom traustið, síðan þá hef ég sagt Bödda að ef hann heldur ekki vel í hana þessa sé mér að mæta,“ bætir hún við, enn þá kímín.

Hvað með allar ömmurnar og afana?

„Öll tuttugu?“ hlær Jórunn. „Það taka allar hlutverk sitt alvarlega. Mamma mín blómstrar alveg hreint. Hún skammar mig þegar hún fær ekki allar upplýsingar um öll börnin og tækifæri til að taka þátt í öllu, voða sætt,“ segir Jórunn.

„Uppeldisaðferðir eru ólíkar og virðing fyrir öllum fjölskyldueiningum er mikilvæg. Þannig forðumst við árekstra best,“ bætir Anna við að lokum.



# ÍBÚÐIR TIL LEIGU

## LAUGARVEGUR 59, KJÖRGARÐUR

Til leigu 8 íbúðir á 3.4. og 5. hæð við Laugaveg 59, Kjörgarður. Íbúðirnar eru allar nýjar og afhendast fullgrágengnar með öllum tækjum í eldhúsi, einnig þvottavél og þurrkara. Allur frágangur vandaður. Mikið útsýni úr íbúðunum.

Svalir á 3. og 4. hæðinni eru innbyggðar með svalalokun. Stórar þaksvalir eru á 5. hæðinni og eru heitir pottar á svölum stærri íbúðanna.

Bílastæði í bílageymslu Reykjavíkurborgar geta fylgt hverri íbúð.

Stærðir íbúða er 2ja, 3ja og 4ra herbergja. Stærðir frá 78fm. Til 138 fm. Verð frá 290 þús.

Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar.

**Uppl gefur Dan V S Wiium hdl. Og lögg.fasteignasali s: 896-4013**

**Akademísk rokkstjarna** Þessi 55 ára gamli sálfræðiprófessor frá Kanada er talinn vera sá sem hefur komist næst því að vera akademísk rokkstjarna á internetinu.

# Sálfræðiprófessor sem býður pólítískum rétttrúnaði byrginn

Gunnlaugur Jónsson náði að bóka Jordan Peterson til landsins örfáum vikum áður en hann sló algjörlega í gegn

**MARGRÉT H. GÚSTAVSDÓTTIR**  
margret@dv.is



Fyrir aðeins tveimur árum hafði varla nokkur maður heyrt minnst á kanadíska sálfræðiprófessorinn Jordan Peterson. Nú hefur bók eftir hann skotist á topp listans yfir vinsælustu bækur Amazon, milljónir horfa á myndböndin hans á YouTube á hverjum degi og hann hefur skapað sér sess sem einn dádasti, og um leið umdeildasti, fræðimaður heims.

Peterson er væntanlegur til landsins í sumar þar sem hann mun halda fyrirlestur í tengslum við bókina *12 rules for life – an antidote to chaos*, en sú er einmitt á metsölulistanum um þessar mundir og væntanleg í íslenski þýðingu innan skamms.

Í þessari óvanalegu og gríðarvinsælu sjálfhjálparbók fjallar Peterson meðal annars um hvað taugakerfi venjulegs humars getur sagt okkur um samhengi þess að rétta úr kútnum og ná árangri í lífinu. Hann útskýrir hvers vegna Egyptar til forna vegsömuðu hæfileika manneskjunnar til að veita athygli, hvernig fólk villist af leið þegar það fyllist biturð, hroka og hefndarþorsta og ástæðu þess að maður ætti alltaf að klappa ketti sem maður rekst á úti á götu.

Tengingar Jordans Peterson sameina á margan hátt forna vísu goðsagna og ævintýra og nýjustu rannsóknir vísindanna en hann leitir meðal annars í kenningar Carls Jung og Josephs Campbell og er undir áhrifum frá hugsuðum og heimspekingum á borð við Friedrich Nietzsche, Aleksandr Solzhenitsyn og Fyodor Dostoyevsky.

**BÝÐUR RÉTTTRÚNAÐAR-FÓLKINU BYRGINN**

Gunnlaugur Jónsson fram-

„Ein af hans allra frægustu setningum segir mönnum að taka til í herberginu sínu og eins og það hljómar nú hversdagslega og leiðinlega þá virðist sá boðskapur; að axla ábyrgð á lífi sínu og koma því í reglu, eiga mikið erindi við fólk í dag.

kvæmdastjóri er meðal þeirra fjölmörgu sem hafa hrifist af lífsspeki og kenningum Peterson en hann skipulagði komu Peterson til landsins og stendur fyrir viðburðinum sem fer fram í Silfurbergi í Hörpu þann 4. júní. Gunnlaugur má teljast bæði spáskyggn og heppinn að hafa náð að bóka hann í tæka tíð enda hafa vinsældir hans aukist með ótrúlegum hraða. Peterson er bókaður marga mánuði fram í tímann og slegist er um viðtöl við hann.

Sjálfur segist Gunnlaugur hafa uppgötvað fræðimanninn á YouTube og segist hafa verið fljótur að átta sig á að þarna sé gegnheill og góður gáfumaður.

„Ég sá fljótt að hann er alveg gegnheill og ekta á margan hátt. Maður sér það á mörgu. Hann hefur til dæmis ekki kiknað undan álaginu sem hefur verið á honum að undanförunum, hlustar sig alltaf í viðtölum, hlustar og ígrundar svörin sín vel og veit hvað hann er að tala um. Þekkir sitt svið. Hann talar af mikilli dýpt og sýnir gríðarlegt hugrekki og staðfestu í því hvernig hann stendur af sér

**Gunnlaugur Jónsson**  
Heillaðist af lífsspeki og kenningum Jordans Peterson og skipulagði komu hans til landsins. [mynd: Eva Björk fyrir VB]



ósanngjarnar árásir þeirra sem telja sig vera honum ósammála,“ útskýrir Gunnlaugur og bætir við að Jordan hafi einna helst verið umdeildur fyrir að bjóða pólítískum rétttrúnaði byrginn.

„Hann hefur verið sakaður um þröngsýni, karlrembu og kredduskap en ekkert af því stemmir við það sem hann hefur raunverulega fram að færa. Hins vegar hefur hann ögrað rétttrúnaðarstefnu í skoðunum mjög mikið enda segir hann fyrirbærið stórhættulegt og tengir meðal annars við alræðisbyggju sem getur haft mjög alvarlegar neikvæðar afleiðingar í för með sér. Svo tel ég líka að hann sé umdeildur, einfaldlega af því hann er mjög áhrifaríkur. Fólk tel-

ur sig kannski vera honum mjög ósammála en um leið og það hlustar á hann sjálft, án milliliða, þá heyrir það strax að hann er alls ekki þröngsýnn kreddukarl heldur auðmjúkur og áhugasamur um að láta gott af sér leiða. Hann er jafnframt mjög athugull hlustandi og hikað ekki við að skipta um skoðun ef hann telur að fólk hafi einhvern sannleika fram að færa. Þegar fólk finnur að það hafi kannski haft alveg rangt fyrir sér með hann, þá verður það stundum reitt enda verður hver sannleikanum sárreiðastur.“

**MEÐ YFIR EINA MILLJÓN FYLGJENDA Á YOUTUBE**

Eins og áður segir uppgötvaði

Gunnlaugur Jordan Peterson á YouTube. Hann byrjaði á að horfa á eitt stutt myndband en síðan segist hann vera kominn upp í meira en hundrað klukkustundir af efni; fyrirlestra, viðtöl, samtöl, kúrsa og erindi.

„Maps of meaning eru til dæmis frábærar upptökur úr fyrirlesturum sem Peterson hélt við háskólann í Toronto og þær taka marga klukkutíma. Í þessum kúrsu fjallar hann meðal annars um erkitýpur Jungs og tengir þær við nýlegri rannsóknir um markmiðasetningar, persónuleikasálfræði og fleira. Hann kemur einnig inn á alræðisbyggju um á ymsu tagi og tengir þar meðal annars við Disney-myndina um Gosa. Í raun er þetta svo umfangsmikið að það er ekki hægt að orða það í stuttu máli og því um að gera fyrir áhugasama að kíkja sjálfir á YouTube. Hópurinn sem fylgir honum þar hefur stækkað mjög hratt upp á síðkastið og nú er hann með um eina milljón áskrifendur sem er á við ríkissjónvarpsstöðvar í mörgum löndum,“ segir Gunnlaugur og bætir við að Peterson hafi afsannað allar kenningar um að myndbönd á YouTube þurfi nauðsynlega að vera stutt til að fólk haldi athyglinni.

„Hann er yfirleitt að tala í svona einn til tvo klukkutíma í þessum myndböndum og fólk virkilega hlustar enda höfðar efnið mjög sterkt til margra. Sjálfur segir hann að honum hafi komið skemmtilega á óvart hvað fólk leggur mikið við hlustir þegar hann fer að tala um persónulega ábyrgð, – en það fyrirbæri er í raun rauði þráðurinn í metsölubókinni um lífsreglurnar 12. Ein af hans allra frægustu setningum segir mönnum að taka til í herberginu sínu og eins og það hljómar nú hversdagslega og leiðinlega þá virðist sá boðskapur; að axla ábyrgð á lífi sínu og koma því í reglu, eiga mikið erindi við fólk í dag.“

# 2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



## Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðargetu, Sjónvarpsfestingu, gólfhita, Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi, einnig Markísur, uppblásin fortjöld, Alde, sólarcellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 770CL Landhús - 5.660.000 kr.

Fleiri gerðir einnig.

## Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrít 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

**INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.**

Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Ledurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

**Tilboð**

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA  
ÁBYRÐ**  
Afhentir í  
Reykjavík eða  
Egilsstöðum



f B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007

# HÚSBÍLAÆÐI !



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**  
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**  
**Verð nú 4.250.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**  
**Tilboð 3.350.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000,**  
**Tilboð 3.350.000.**



**Dacia Dokker 1.5 diesel**  
árg 2016 ekinn 28 þ km 5 gíra svefnpláss fyrir 2 sólarsetta og öndun á topp, klár í notkun **Verð 1.990.000**  
**Tilboð 1.700.000**



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**  
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**  
**Tilboð 4.450.000.**



**Carado húsbíll**  
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 **Verð 7.990.000.**  
**Tilboð 6.990.000**  
Bíllinn er í Keflavík  
Uppl. síma 776 7600



**Carado húsbíll**  
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 7.490.000.**  
**Tilboð 6.490.000**  
Bíllinn er í Keflavík  
Uppl. síma 776 7600  
Fiat Ducato 2.3 diesel



# TOURINGCARS

gummi@touringcars.eu

Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600  
Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

# Menning



„Ég vil bara segja, þetta er kærleikur og ást og tónlist kemur okkur öllum saman.“

Söngvarinn Ari Ólafsson lagði áherslu á sameiningarmátt tónlistarinnar í tilfinningaþrungið ræðu eftir að hann hafði sigrað í Söngvakeppni Sjónvarpsins með laginu Our choice um síðustu helgi. Þar með tryggði hann sér þátttökurétt í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fer fram í Portugal í maí.

# FÓLKIÐ Í BLOKKINNI

**David Barreiro** ljósmyndaði umhverfi og mannlíf löngu blokkarinnar í Efra-Breiðholti

Kristján Guðjónsson  
kristjan@dv.is



Breiðholtið var byggt á sjö- unda og áttunda áratugnum út frá hugsjón- um um byggingu ódýrs en góðs húsnæðis fyrir verka- og láglaunafólk í hinni ört stækkan- di höfuðborg. Hugmyndirnar átti móðernískur arkitektúr svo að gera að veruleika: nota til þess ný, ódýr byggingarefni, einföld form með engu óþarfa skrauti og gera einsleitar íbúðir sem hver íbúi átti þó að geta gert að sinni. Allir áttu skilið gott heimili og nútímalegur arkitektúr átti að sjá til þess.

Hverfið spratt ekki upp af sjálfu sér heldur var hver hluti þess skipulagður sem heild, út frá ný- ustu hugmyndum um hvernig lífvænlegt umhverfi væri – með grænum svæðum og aðskilnaði gangandi vegfarenda og bíla- umferðar. Eins og víða erlendis leiddu útópískar hugmyndir móðernistanna um gott en ódýrt húsnæði fyrir láglaunafólk til mik- illar samþjöppunar hinnar lægst settu í samfélaginu, láglaunafólks og innflytjenda.

Víða erlendis urðu hin nýju svæði að kaldranalegum blokka- hverfum í ómanneskjulegum stærðarskala, þar sem ýmis félags- leg vandamál urðu áberandi. Þó að Efra-Breiðholtið og Fellahverfið hafi stundum haft slíkt orð á sér er hverfið langt frá því að vera eymdar- legt. Án vafa er þar fjölbreyttasta hverfi borgarinnar, fjölmennin- garlegur suðupottur með ríkri men- ningu og auðugu samfélagi.

Þekktasta einstaka bygging hverfisins er 320 metra blokkar- lengja með tuttugu stigaganga og 200 íbúðir sem tilheyra ýmist Íðu- felli, Gyðufelli eða Fannarfelli – blokk sem er svo löng að hún er einfaldlega kölluð „langa blokk“ en hefur einnig fengið viðurnefnið „langavitleysa“. Blokkin er fjöl- þjóðlegt samfélag – líklega býr þar fólk af fleiri þjóðernum en í flest- um stærri bæjarfélögum landsins.

Spænski ljósmyndarinn David Barreiro hefur á undanförunum árum ljósmyndað löngu blokk- ina í Efra-Breiðholti að innan og utan, bæði bygginguna sjálfa og sál hennar – íbúana. Um þessar mundir eru ljósmyndirnar sýndar í Þjóðminjasafni Íslands, auk þess sem þær eru komnar út á bók sem gefin er út af safninu.

**EINS OG LANGUR VIRKISVEGGUR**  
„Ég hafði haft svolitinn áhuga á sögu og skipulagningu hverfis-



320 metrar Blokkin, sem er byggð árið 1974, minnir á vissan hátt á virkisvegg frá norðurhlíðinni, en sunnan- megin sést fjölbreytilegt mannlífið. MYNDIR DAVID BARREIRO

ins sjálfs. En eftir að hafa heim- sótt Breiðholtið og séð þessa byggingu fannst mér þetta miklu áhugaverðara,“ segir David sem hefur búið meira og minna á Ís- landi undanfarinn áratug, en nú stundar hann framhaldsnám í ljósmyndum og listum við Royal College of Art í London.

„Það sem kveikti áhuga minn var í fyrsta lagi fagurfræði byggingarinnar sjálfar. Hún er svo flöt en býr yfir svo miklu af mynstri – og svo er hún auðvitað svo of- boðslega löng,“ segir David.

Blokkin var byggð árið 1974 en hönnun hennar mótaðist meðal

” Hún er svo flöt en býr yfir svo miklu af mynstri – og svo er hún auðvitað svo ofboðslega löng.

annars af þeirri staðreynd að gaff- arnir voru dýrasti hluti hvernar byggingar og því var reynt að hafa sem fæsta gaffla í öllu hverfinu. Blokkin er algjörlega án uppbrota. Frá norðurhlíðinni, þar sem bíla-

stæðin eru staðsett og gengið er inn í stigagangana, skapar þetta henni kalda og innilokandi ásýnd, hún er eins og virkisveggur sem lokar hverfið af og verndar frá bíla- umferð.

Reynt er að brjóta upp virkis- vegginn með því að mála hann í mismunandi litum, einn sterkan lit á hvern stigagang. „Ég held að blokkin hafi ekki verið máluð þessum litum fyrr en á tíunda árat- ugunum. Litirnir búa til ákveðinn breytileika í bygginguna sem hægt er að nota til viðmiðunar – ef hún væri öll hvít væri nánast erfitt að finna tiltekinn stigagang.“

## STÝRING OG VIÐBRAGÐ

„Eftir að hafa skoðað framhliðina fór ég bak við og þá kom mér á óvart hvað bakhliðin var full af lífi, svalir íbúða voru ótrúlega ólíkar og það var augljóst að íbú- ar blokkarinnar voru virkilega fjöl- breyttur hópur. Maður sér það meðal annars af því hvernig íbúð- irnar eru skreyttar og upplýstar að flestir íbúanna hafa annan bak- grunn en íslenskan. Þetta er eitt- hvað sem ég hafði aldrei séð áður í úthverfum Reykjavíkur, sem eru yfirleitt mjög einsleit,“ segir David.

Ein ástæðan fyrir hinni miklu lengd blokkarinnar og skorti á





### Metsölulisti Eymundsson

Vikuna 28. febrúar til 7. mars.

- |   |   |
|---|---|
| 1 Mið-Austurlönd - Magnús Þorkell       | 6 Hulduheimar 3 Skýjaeyjan - Rosie Banks        |
| 2 Þorsti - Jo Nesbø                     | 7 Þitt annað líf - Raphaëlle Giordano           |
| 3 Það sem að baki býr - Merete P. Helle | 8 Elin, ýmislegt (kilja) - Kristín Eiríksdóttir |
| 4 Áttunda daubasyndin - Rebeck Edgren   | 9 Óvættaför 30 Amiktus - Adam Blade             |
| 5 Uppruni - Dan Brown                   | 10 Konan í glugganum - A.J. Finn                |



### Vinsælustu plöturnar

Vikuna 25. til 3. mars

- |                                  |                                     |
|----------------------------------|-------------------------------------|
| 1 Floni - Floni                  | 6 Post Malone - Stoney              |
| 2 JóiPé & Króli - GerviGíngur    | 7 Ed Sheeran - +                    |
| 3 Kendrick Lamar - Black Panther | 8 Migos - Culture II                |
| 4 Ýmsir - Söngvakeppnin 2018     | 9 6ix9ine - DAY69                   |
| 5 Herra Hnetusmjör - KÖPBOI      | 10 Sam Smith - The Thrill Of It All |



### Vinsælast í bíó

Helgina 2. til 4. mars

- |                               |                                  |
|-------------------------------|----------------------------------|
| 1 Black Panther               | 6 Bling                          |
| 2 Red Sparrow                 | 7 Early Man - Steinaldarmaðurinn |
| 3 Game Night                  | 8 The Shape of Water             |
| 4 Fullir vasar                | 9 Paddington 2                   |
| 5 Lói - Þú flýgur aldrei einn | 10 Deep (Ævintýri í Undirdjúpum) |



Dubravko Gregoric



Andrzej Michal Galinski og Julia



Nam Hong



David Barreiro Um þessar mundir sýnir spænski ljósmyndarinn myndir sínar af íbúum og umhverfi „löngu blokkarinnar“ í Efra-Breiðholti í Þjóðminjasafninu. MYND SIGTRYGGVARI

„Það sem mér sýnist hafa hvað mest áhrif á að fólk með ólíkan bakgrunn tengist og myndar raunverulegt samfélag eru börnin.“

#### FJÖLÞJÓÐLEGT SAMFÉLAG

Upphaflega tók hann bara myndir af byggingunni utan frá. En eftir að hafa hlotið styrk úr sjóði Hjalmarars R. Bárðarsonar til að mynda hana jafnt að utan sem innan varð hann að reyna að kynna fólkinn í blokkinni.

„Aðferðin var í raun einfaldlega að ganga um og taka myndir af húsinu. Oft var ég í raun bara að taka myndir til þess að skapa aðstæður þar sem fólk myndi nálgast mig. Ég var með stóra og frekar undarlega útlítandi myndavél og þegar maður er með svoleiðis græju veit maður að fólk mun verða forvitnið og byrja að spyrja hvað maður sé að gera. Það er það sem gerðist“, segir David.

„Þegar það var orðið of kalt til að hanga þarna fyrir utan að taka myndir í tíma og ótíma varð ég svo að finna aðrar leiðir til að nálgast fólk. Mér fannst of ágengt að hringja dyrabjöllunni hjá fólki eins og Vottar Jehóva. Ég prófaði að hringja í nokkra íbúa beint upp úr símaskránni en það gekk illa og

uppbroti í byggingunni er að markmiðið var að stýra umferð gangandi vegfarenda, en sunnan megin við blokkina er gangstígur í fjarlægð frá allri bílaumferð og leiðir hann alla íbúa hverfisins að gangbraut við Fellaskóla og tómsundasvæði hverfisins. Þetta er dæmi um hvernig borgarskipulag er notað til að reyna að stýra hegðun og hreyfingu fólks – en það er eitt af því sem David hafði áhuga á.

„Ég hugsaði svolítið um bygginguna eins og tæki ríkisvaldsins – ekki ósvipað skóla eða fangelsi – til að stýra fólki. Ég upplifði að það væri ákveðið vald fólgið í þessari byggingu. Það er verið að stýra fólki með nákvæmu skipulagi umhverfisins, hvernig sameiginleg rými eru nýtt og svo framvegis. Það sem

mér fannst sérstaklega áhugavert var spennan milli þessarar virkni arkitektúrsins og svo fölbreytileika mannlífsins sem var svo mikill í blokkinni“, segir hann, en bendir einnig á að andsvar við stýringunni birtist líka í fagurfræði umhverfisins.

„Eitt af því sem ég tók eftir var að í kringum alla bygginguna voru litlar rispúr í byggingunni eins og fólk gengi framhjá henni með lyklna uppi og rispaði hana. Mér fannst þessi árásargirni í garð umhverfisins svolítið áhugaverð. Það er stundum talað um að fólk sem búi í svona umhverfi hafi mjög mótsagnakenndar tilfinningar til þess, fólk lætur reiði sína bitna á þeim sem þeir finnst vera að ráðast á sig – og ég held að umhverfið geti stundum gegnt því hlutverki.“

eftir nokkur misheppnuð símtöl gafst ég upp á því. Þá reyndi ég að finna íbúa á samfélagsmiðlum og senda þeim skilaboð og það gekk betur.“

Íbúarnir sem David kynnist og fékk að ljósmynda voru með mjög mismunandi bakgrunn, áttu ættir að rekja til Víetnam, Filippseyja, Marokkó, Póllands og Serbíu svo eitthvað sé nefnt. Í stað þess að eitthvað sé nefnt. Í stað þess að nálgast þá eins og hefðbundinn heimildaljósmyndari sem fær að fylgjast með fólki og taka myndir af því í raunverulegum aðstæðum ákvað David að setja upp aðstæður ásamt fyrirsætunum.

„Ég ákvað að notast ekki við mjög náttúrulegt umhverfi heldur fara í algjörlega andstæða átt. Myndirnar eru mjög uppsett- ar. Mér fannst verkið á margan hátt fjalla um sjálfsmynd fólks þannig að mér fannst áhugavert að hafa myndirnar svolítið skáldaðar. Hver maður er alltaf einhvers konar skáldskapur. Ég hef smám saman misst trúna á algjöra hlut-

lægni í ljósmyndun. Ljósmyndun er ekki góð leið til að segja sannleikann – en hún getur verið frábær til að tala um ýmis mál.“

David segir að þótt orðspor hverfisins hafi ekki alltaf verið gott hafi hann fundið fyrir samkennd og samfélagi meðal íbúanna, þvert á bakgrunn og menningarheima. „Auðvitað er fólk mikið í sambandi við annað fólk af sama þjóðerni, en mér sýnist samt vera frekar gott samfélag í hverjum stigagangi. Í gegnum eina manneskju fékk maður tengingu við aðra af öðru þjóðerni og svo framvegis“, segir hann.

„Það sem mér sýnist hafa hvað mest áhrif á að fólk með ólíkan bakgrunn tengist og myndar raunverulegt samfélag eru börnin. Krakkarnir eru allir í sama skóla og eignast þar vini óháð uppruna foreldranna. Flestir krakkanna eru fæddir á Íslandi og velta ekkert mikið fyrir sér þessum mismun. Ég held að það séu fyrst og fremst börnin sem skapa samfélagið.“

Hver er munurinn á Íslendingum sem eru fæddir fyrir og eftir árið 1975 og af hverju er sjálfhverfa snjallsímakynslóðin svona þunglynd?

Margrét H. Gústavsdóttir  
margret@dv.is



“Hvað stefnir æska landsins!” Þessi klisja hefur ómað í gegnum aldirnar burtséð frá því hvernig kynslóð tekur við keflinu næst. Alltaf skulu pilsin vera of stutt og lætin of mikil í unga fólkinu ef marka má þessa klassísku kverúlanta. Ástæðuna má einna helst rekja til þess að ómeðvitað tengja flestir „góðu tímana“ og „gullöldina“ við áhyggjuleysið sem fylgdi eigin barnæsku. Foreldrarnir sáu jú um öll leiðindin og þar af leiðandi allt í toppstandi í hugum nostalgísku kverúlantanna. Svo taka þau undir með popúlistum og telja allt vera að fara til andskotans þegar þau ýmist skilja ekki, eða eiga erfitt með, að til-einka sér nýja lífnaðarhætti, menningu og tækni, (jafnvel þótt flest bendi til þess að lífs-gæði jarðarbúa fari sannarlega batnandi). Sennilega verður þetta samt alltaf svona, svo lengi sem kynslóðir og kverúlantar koma og fara.

#### HROGN, LIFUR OG ÓSKALÖG SJÚKLINGA

Engu að síður getur verið mjög skemmtilegt að skoða og bera saman menningarmun kynslóðanna sem í gegnum tíðina hefur verið mismikill og þá kannski sérstaklega hér á Íslandi þar sem menningin tók agnarsmá breytingarskref öldum saman fram að heimsstyrjöldinni síðari. Til dæmis er á margan hátt alveg óheyrilegur munur á Íslendingum sem eru fæddir fyrir og eftir árið 1975.

Þau sem fæddust fyrir árið 1975 voru flest alin á sama mat og kynslóðirnar sem komu á undan. Fiskur í flest mál, gellur, hrogn og lifur. Hjörtu og nýru voru einnig á boðstólum sem og steikt blóðmör, lifrarpýlsa og svið. Fyrirbæri sem sjaldan sjást á diskum nútíma Íslendinga. Þau sem fæddust fyrir árið 1975 muna eftir barnæsku þar sem aðeins var hægt að hlusta á eina útvarpsstöð, þessa sem var (og er) í eigu ríkisins. Á henni var dægurlagatónlist spiluð í sérstökum óskagalagáttum í um klukkustund í senn, þrisvar sinnum í viku. Þættirnir hétu Óskalög sjómanna, Óskalög sjúklunga og Lög unga fólksins. Fólkið í landinu gat sem sagt sent bréf eða hringt og beðið þáttastjórnendur um að spila fyrir sig sérstakt óskalag og senda með því kveðju, gjarna til einhvers sjómannsins eða illa þjakaðs sjúklings sem þráði að heyra eins og eitt ABBA-lag eða eitthvað gott með Villa Vil til að hressa upp á sálartetrið. Ef þú varst heppin var óskalagið spilað í þættinum og ef ekki þá var bara að bíða í heila viku eftir næsta þætti og vera

# Þráðlausar þjáningar og útrýming ímyndunar-aflsins

“Fólk þarf að hafa meira fyrir því að kveikja sér í sigarettu eða opna bjór en að tékka á Facebook

klár með kassetu-tækið til að taka það upp.

Þau sem eru fædd fyrir árið 1975 muna líka flest eftir júlímánuðum með engu sjónvarpi og fimmtudagskvöldum sem fóru oftast í að hlusta á útvarpsleikrit eða spila við fjölskylduna því þá var ekk-

ert í sjónvarpinu. Svo rifja þau upp furðulega skíðakennslu, samkvæmisdansa og syngjandi amerískar tuskubrúður sem þótti stórkostlega frábært afþreyingarefni í sjónvarpi. Flest voru send í sveit á sumrin, burt frá foreldrum og fjölskyldu, enda „þurfti fólk að læra að vinna“. Raka tún, stafla böggum upp á kerrur, taka á móti lömbum og gefa heimalningum pela. Handtök sem fæstir þurfa að kunna í dag nema stefnan sé tekin á að gerast bóndi.

#### ÖÐRUVÍSI ÆSKUMINNINGAR ÍSLENDINGA SEM FÆDDUST EFTIR 1975

Fólk fætt eftir árið 1975 á flest öðruvísi minningar um æskuna, bæði hvað varðar mat, uppeldi og afþreyingu þótt báðir hóparnir séu kenndir við sömu kynslóð, það er X-kynslóðina. Þau sem fæddust eftir árið 1975 voru jú orðin átta ára þegar Rás 2 fór í loftið og ellefu ára þegar Bylgjan byrjaði og því ómuðu dægurlögin allan daginn, alla daga og fram á nótt um helgar á þeirra æsku og unglingsárum. Þau fengu pítsur með ananas og hakki frá Ömmubakstri og skinka og kók voru engin sérstök munaðarvara. Þau gátu líka horft á sjónvarp alla vikuna, allan ársins

hring. Þau sátu aldrei og héldu niðri í sér andanum meðan þau ýttu á „REC“-takkann á kassetutækinu til að taka safna popptónlist á spólu og langfæst voru send eitthvert út í sveit til mis-fjarskyldra ættingja svo þau gætu lært að taka á móti lömbum og kálfum. Það sem X-kynslóðin á þó öll sameiginlegt er að hafa alist upp án farsíma, internets og samfélagsmiðla og út frá þeirri mótun liggur meðal annars stóri munurinn á þeirri kynslóð og kynslóðinni sem fæddist á árunum 1980 til 1994 og kennd er við aldamótin (e. millenials), bókstafinn ufsilon og síðast en ekki síst „snjókorinn“ – af því þau eru svo tilfinningalega viðkvæm.

#### HRÓSAÐ FYRIR ALLT OG EKKERT

Fyrir um það bil tveimur árum fór YouTube-viðtal við rithöfundinn Simon Sinek sem eldur í sinu um internetið. Í viðtalinu talar hann um Y-kynslóðina og atvinnulífið og vandamálin sem fylgja því að hafa þessa kynslóð, sem hann vill meina að sé frekar týnd, á vinnumarkaði.

Sumir hafa talað um að þessi kynslóð upplifi að hún hafi engar sérstakar skyldur á sínum herðum, en því meira af réttind-

**Miley Cyrus** Poppstjarnan villta er fædd árið 1992 og tilheyrir því síðasta hollinu af Y-kynslóðinni. Hún fer ekki leynt með ánægju sína af kannabisreykingum, er vegan og dýravinnur og hikar ekki við að koma nakin fram.



**Kokteill af fegurð og hæfileikum**  
Silvia Nott var tákngervingur fyrir innistæðulausa sjálfstýringu. Í dag má sjá ótal afbrigði af Silvíu Nott á hinum ýmsu samfélagsmiðlum svo segja má að þetta framúrsteftulega glens hafi á sama tíma verið ansi skörp framtíðarsýn því hvorki Instagram né SnapChat voru til árið 2006 þegar Silvia var á hátindi frægðarinnar.

Þessi iPad- og snjallsímakríli eru svo von að fá allt matreitt ofan í sig í myndum að þau eiga í mesta basli með að sjá atburðarásina fyrir sér þegar sögur eru lesnar fyrir þau úr bókum.

aðist við þetta óþarfliga neikvæður sam-  
anburður hjá notendum. Grasið er alltaf  
aðeins grænna hinum megin og þegar ungt  
og ómótað fólk er með þetta „græna gras“  
fyrir augunum allan daginn, alla daga, getur  
samanburðurinn farið úr böndunum.

Dæmi um absurd fyrirmyndir hafa t.d.  
verið hin síbrúna puntudúkka Paris Hilton  
og Kardashian-fólkið sem varð heims-  
frægt fyrir rúmum áratug án þess að virð-  
ast hafa lagt neitt sérstakt af mörkum. Þau  
líta jafnframt óaðfínanlega út án þess að  
hafa unnið sérstakan vinning í genalottó-  
inu og svo eiga þau sand af seðlum án þess  
að virðast þurfa að mæta til vinnu. Ekkert  
af þessu eru raunhæf viðmið fyrir venjuleg  
millistéttarungmenn á Vesturlöndum en  
samt sem áður hafa þessir, og fleiri, furðu-  
fuglar frá Hollywood smám saman skapað  
langsóttu staðla sem venjulegir millistét-  
arkrakkar miða sig við (þótt innst inni viti  
þeir flestir að það er álíka skynsamlegt og  
að bera sig saman við Mikka Mús, þótt lík-  
lega sé hann minna fótósjoþaður en  
Kardashian-systur).

**DÓPAMÍN, LÆK OG VIÐURKENN-  
INGARFÍKLAR SEM ÞRÁ NÁIN  
SAMBÖND**

Ekki nóg með að ytri sjálfsmynd þeirra  
og viðmið hafi að mörgu leyti mótast af  
yfirborðskennndum og óraunhæfum glans-  
myndum á netinu. Y-kynslóðin hefur einnig  
kvartað yfir því að vina- og ástarsambönd  
þeirra séu of grunn og innihaldslaus og að  
raunverulega vini sé erfitt að finna. Að sögn  
Simonar Sinek er þetta aðeins ein af ótal  
neikvæðum félagslegum breytingum sem  
hafa sprottið upp í kjölfar snjallsímavæð-  
ingarinnar. Hann vill meina að þessi áratúa  
okkar til að leita stöðugt í símann þegar  
við ættum að eiga í beinum samskiptum  
og horfast í augu við annað  
fólk dragi úr hæfileikanum  
til að mynda djúp og einlæg  
tilfinningatengsl hvert við  
annað. Þetta smellpassar við  
niðurstöður úr nýrri breskri  
rannsókn sem sýnir meðal  
annars að 65 prósent ung-  
menna á aldrinum 18 til 35  
ára myndu frekar kjósa að  
kynnast nýjum kærasta eða  
kærustu í gegnum Tinder í  
stað þess að hitta viðkom-  
andi fyrst í eigin persónu.

Undanfarið hafa sífellt  
fleiri félags- og sálfræði-  
rannsóknir sýnt fram á að  
Y-kynslóðin, og næsta kyn-  
slóð á eftir henni, eru illa  
haldnar af snjallsíma, tölvu- og samfé-  
lagsmiðlafíkn. Einkenni fíknarinnar og af-  
leiðingar birtast bæði í starfi, einkalífi og  
andlegri og líkamlegri heilsu en fíknin sem  
slík gengur út á ánetjun í boðefnafram-  
leiðsluna (dóпамín) sem á sér stað þegar  
notandi samfélagsmiðils fær læk, athygli  
og/eða einhvers konar viðurkenningu/ já-  
kvæð viðbrögð á samfélagsmiðlum.

Ekki er ýkja langt síðan fyrrverandi yfir-  
maður Facebook, Sean Parker, steig fram og  
greindi frá því að arkitektar samfélagsmið-  
ilsins hefðu frá upphafi verið fullmeðvitaðir  
um þessa áhættu og ekki nóg með það – að  
gera notendurna háða væri akkúrat galdur-  
inn á bak Facebook. Til þess væri leikurinn  
einmitt gerður.

Ef maður veltir því fyrir sér þá er eflaust  
fátt sem fólk getur orðið háð jafn aðgengi-  
legt og samfélagsmiðlar og snjallsímar. Fólk  
þarf að hafa meira fyrir því að kveikja sér í  
sígarettu eða opna bjór en að tékka á Face-  
book og líkt og með allar aðrar fíknir leitar  
fólk í þessa mjög svo aðgengilegu fíkn þegar  
það verður stressað, þunglynt og svo ▶



**FRÁ TÝNDU KYNSLÓÐINNI TIL ALPHA**

Eftirfarandi uppsetning er gerð af Michael T. Robinson og gefur grófa mynd af skiptingu kynslóðanna. Kynslóð afmarkast á um 20 árum, eða þeim tíma sem það tekur manneskju að fullorðnast (og eignast eigin afkvæmi).

Nafn kynslóðar	F. ár hefst (u.þ.b.)	F. ár endar (u.þ.b.)	Yngst núna	Elst núna
Týnda (1914) kynslóðin	1890	1915	103	128
Interbellum-kynslóðin	1901	1913	105	117
Mikla (greatest) kynslóðin	1910	1924	94	108
Þögla (silent) kynslóðin	1925	1945	73	93
Baby Boomer-kynslóðin	1946	1964	54	72
X (Baby Bust)-kynslóðin	1965	1979	39	53
Milli (X-ennials)-kynslóðin	1975	1985	33	43
Y (Millennials)-kynslóðin	1980	1994	24	38
iGen- / Gen Z-kynslóðin	1995	2012	6	23
Alpha-kynslóðin	2013	2025	1	5

um. Það er að segja, þau hafa ekki þurft að  
vinna sér inn fyrir neinu og þau hafa aldrei  
þurft að bíða eftir neinu. Þau horfa á heilu  
sjónvarpsþáttaraðirnar í beit, leita annars  
hugar að ástinni í snjallsímaforriti á síman-  
um sínum og reikna svo með því að sama  
fljótafgreiðslan taki við þegar þau koma út  
á vinnumarkaðinn. Þar bíði bara klappandi  
yfirmenn sem sjái strax hverslags snillingur  
viðkomandi sé og geri svo að yfirmanni eftir

örfáar vikur. Þau skilja ekki að stundum þarf  
að leggja á sig mikið erfiði til að skara fram  
úr og komast á toppinn og að stundum get-  
ur leiðin verið bæði löng og ströng.  
Í viðtalinu sagði rithöfundurinn að  
vandamálið mætti aðallega rekja til mistaka  
foreldranna sem hvöttu Y-kynslóðina áfram  
og hömpuðu með því að hrósa henni í  
hástert fyrir bæði allt og ekkert. Foreldrarn-  
ir hafi komið þeirri hugmynd inn í höfuð

barnanna að þau væru alveg ofur sérstök,  
gætu gert og fengið hvað sem þau vildu en  
því miður gleymdist alveg að nefna hvern-  
ig þau ættu að fara að því. Þeim hafi verið  
hrósað fyrir allt frá því að hella seríosi á  
disk eða teikna strik á blað, sama hversu  
gott eða slakt það var, og þegar krakkarnir  
komu heim með lélegar einkunnir þá óðu  
foreldrarnir í kennarana í stað þess að brýna  
fyrir afkvæmunum að leggja harðar að sér  
við námið.

**MEÐ ÓRAUNHÆFAN SAMANBURÐ  
FYRIR AUGUNUM ALLA DAGA**

Margar formlegar og óformlegar rannsóknir  
hafa sýnt fram á að þrátt fyrir allt þetta hrós  
og pepp frá foreldrunum er aldamótakyn-  
slóðin með töluvert lélegri sjálfsmynd en  
X-kynslóðin. Þetta er talið stafa af sýndar-  
veruleikanum sem þau hafa haft fyrir aug-  
unum frá unglingsárum og upp úr. Þá sér í  
lagi seinna hollid sem er fætt eftir árið 1985.  
Á Facebook og Instagram virðist yfirborðið  
alltaf fullkomið þótt raunin sé auðvitað önn-  
ur á bak við tjöldin en engu að síður skap-



#### Skilnaðarbarn af X-kynslóð

Á Íslandi kölluðum við X-kynslóðina „lyklabörn“. Þau ólust mörg upp hjá útívinandi, einstæðum mæðrum og urðu fyrir vikið sjálfstæð heldur snemma. Gruggsöngvarinn Kurt Cobain er í hugum margra holdgervingur þessarar kynslóðar en foreldrar hans skildu þegar hann var níu ára.


**Fóstbræður** Þessir landsþekktu sprelligosar tilheyra X-kynslóðinni sem er úrræðagóð, aðlagar sig fljótt að breyttum aðstæðum en á það til að vera kaldhæðin og vantreysta stofnunum. Hún er oft og tíðum sjálfri sér nóg og setur áhersluna á einstaklinginn.

## Fegrúnaraðgerðir en ekki framhjáald

Eftirfarandi eru niðurstöður úr könnun sem tvö þúsund bresk ungmenni á aldrinum 18 til 35 ára tóku þátt í fyrir skemmstu en niðurstöðurnar voru fyrst birtar í breska blaðinu The Sun fyrir nokkrum vikum. Í greininni kemur síthvað fleira forvitnilegt fram. Til dæmis að þátttakendur drekka mikið sjaldnar áfengi en fyrri kynslóðir en á móti kemur að þau eru margfalt líklegri til að nota ólögleg fíkniefni. Þetta á einnig við hér á Íslandi en nýjustu tölur frá Ríkislögreglustjóra sýna að neysla ólöglegra vímogjafa hefur aldrei verið meiri í Íslandssögunni en á síðasta ári og hefur neysla á kókaini færest sérstaklega í aukana. Í rannsókninni kemur einnig fram að mikill meirihluti, eða 57 prósent, sér ekkert að því að snerta rassinn eða hnéd á manneskju á fyrsta stefnumóti og finnst flestum voða eðlilegt að senda næstum-því-nektarmyndir af sjálfu sér á einhvern sem þau eru skotin í þótt endalaust hafi verið varað við slíku, – enda hafa Kardashian-systur og félagar ekki beint verið þekkt fyrir dúða sig upp í háls.

#### Hvernig selfi-myndir þú senda á manneskjuna sem þú ert skotin í?

Ber að ofan 0%  
Rassamynd %0  
Undirfata 17%  
Enga 19%  
Nektar 24%  
Andlits 40%



#### Gætir þú hugsað þér að halda framhjá?

Nei 69%  
Já 31%

#### Hvað á vinnudagurinn að vera langur?

6 klukkutímar 43%  
8 klukkutímar 41%  
10 klukkutímar 10%

#### Gætir þú hugsað þér að fara í fegrúnaraðgerð?

Já 67%  
Nei 30%  
Búin að því 3%

#### Drekkurðu áfengi að staðaldri?

Nei 25%  
Já 75%

#### Hlutfall þeirra sem hafa nýtt ólöglegra vímogjafa

Kannabis 50%  
Kókain 21%  
Alsæla 13%  
Sveppir 10%  
LSD 4%  
Heróín 3%



**Maaattuuurrrrrrr!** Fólk sem fæddist fyrir árið 1975 lét sér ekki bregða þegar þetta var í kvöldmatinn.

## ÞEGAR KYNSLÓÐIR MÆTAST – AÐ STJÓRNA Y-KYNSLÓÐINNI

Erindi flutt í viðskiptadeild Háskóla Íslands í apríl 2011

Miklar breytingar hafa orðið á samfélagsgerð okkar síðustu áratugi og á vinnumarkaði eiga margar ólíkar kynslóðir samskipti sín á milli sem kalla á nýjar áherslur innan fyrirtækja og einnig nýja stjórnunarhátti. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvernig íslenskir stjórnendur mæta þörfum nýrrar kynslóðar, Y - kynslóð á vinnumarkaði. Þessi kynslóð er fædd á árunum 1980- 2000. Leitað er svara við spurningunni: Hvernig birtist viðhorf og sýn íslenskra stjórnenda til Kynslóðar - Y? Til að svara spurningunni voru tekin hálfopin viðtöl við tíu ólíka stjórnendur. Við greiningu á viðtölunum var beitt hefðbundnum eiginlegum greiningaraðferðum og leitað að þemum til að draga fram og lýsa hugmyndum viðmælenda. Niðurstöðurnar sýna að íslenskir stjórnendur eru allir sammála um að tilkoma Kynslóðar - Y á vinnumarkaðinn krefjist endurskoðunar fyrri starfs- og stjórnunarháttanna. Þeir telja að með Y - kynslóðinni muni koma fram ný gildi og nýtt vinnusíðferði. Íslenskir stjórnendur telja Kynslóð - Y ekki eins tryggja og holla fyrirtækjum og fyrri kynslóðir. Kynslóð - Y setur vinnuna ekki í forgang, heldur persónuleg málefni ólíkt eldri kynslóðum. Stjórnendurnir eru enn fremur sammála um að Kynslóð - Y býi yfir minni sveigjanleika en eldri kynslóðir. Kynslóð - Y leggur mikla áherslu á ýmis friðindi og sveigjanlegan vinnutíma. Helstu kostir Kynslóðar - Y er dugnaður, metnaður og löngun til þess að gera vel. Kynslóð - Y er að þeirra mati vel menntuð og býr yfir mikilli tæknikunnáttu en hefur haft fá tækifæri til að afla sér reynslu á vettvangi.

Guðrún Helga Magnúsdóttir, MS í mannauðsstjórnun, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson dósent, Háskóla Íslands

framvegis, – einmitt þegar það þarf á raunverulegri nánd að halda. Úr þessu myndast neikvæð keðjuverkun sem leiðir af sér enn meiri kvíða, streitu og þunglyndi, því þannig virkar jú fíknarhringurinn.

Aldamótakynslóðin hefur sem sagt vanið sig á ákveðna fjarlægð og yfirborðsmennsku í samskiptum sín á milli. Þau kjósa að senda skilaboð frekar en að tala saman í síma og þegar þau hittast í eigin persónu þá eru þau meira eða minna með nefið ofan í símanum og því alls staðar og hvergi á sama tíma. Andlega fjarverandi að amast yfir eigin kvíða, þunglyndi og yfirborðskennendum samböndum án þess að koma auga á orsökina, – svarta spegilinn, snjallsímamann, sem liggur einmitt í lófanum á þeim.

#### VÍÐSÝN, UMBURÐARLYND OG FORDÓMALAUSARI EN FYRRI KYNSLÓÐIR

Þótt margir sál- og félagsfræðingar hafi áhyggjur af þessu öllu saman er þó rétt að taka fram að Y-kynslóðin skákar X-kynslóðinni að mörgu leyti.

Til dæmis er Y-kynslóðin töluvert meðvitadri um eigin mörk og tilfinningar og á mikið léttara með að koma þeim í orð og sýna þær. Hún er jafnframt fordómalausari og opnari fyrir nýjungum og breytingum á lífnáðarháttum. Það eru fleiri dýra- og umhverfisvinir af þessari kynslóð en þeim sem á undan komu og á margan hátt gerir hún kröfu um umburðarlyndi gagnvart minnihlutahópum og

þeim sem minna mega sín. Nú gildir það líka einu hvort einhvern langi til að elska konu, karl eða hvorugkyn, kalla sig hún, hán eða hann og vera með húðflúr af hóstasafstísku á framhandleggnum – vertu bara þú sjálf/ur og farðu alla leið. Aldamótakynslóðin vill að allir fái að vera þeir sjálfir – nema þeir séu karlrembur og kynþáttahatarar auðvitað, þá geta þeir verið úti. Aldamótakynslóðin lítur ekki á níu fimm sem eðlilegan vinnutíma enda er hægt að vinna næstum hvar sem er svo lengi sem maður er með nettengingu. Svo eru þau mikið minna upptekin af aldursmun í para- og vinasamböndum en X-kynslóðin. Tíu, tuttugu ár skipta litlu svo lengi sem bæði hafa svipaðar lífskoðanir og smekk. Persónuleiki og lífsstíll er það sem tengir fólk en ekki aldur – og sveigjanleiki er lykilorðið.

#### MUN ÍMYNDUNARAFLIÐ Á ENDANUM HVERFA?

Þessari grein er ekki hægt að ljúka án þess að nefna X-ennials-kynslóðina, sem nær eiginlega ekki að vera kynslóð enda spannar sá hópur aðeins um tíu ár. Sumir hafa kallað þau brúna á milli X- og Y-kynslóðanna. Æska þeirra var að mestu eins og þeirra af X-kynslóð, þau þurftu að hringja í heimasíma og spyrja eftir vinum og fóru í útileiki og þrjúblíón en á unglingsárunum héngu þau á írkinu og MSN og rað-sendu rándýr SMS úr farsímnum. Mörg af þessari kynslóð hafa talað um að þeim finnst þau hvorki tilheyra X- né

aldamótakynslóðinni en blessunarlega geta þau nú huggað sig við þessa skemmtilegu skilgreiningu. Þið erullt sem sagt X-ennials.


iGen og Gen Z kallast svo kynslóð þeirra sem eru fædd á árabílinu 1995 til 2012 sem gerir þau yngstu af þeirri kynslóð 6 ára og þau elstu 23 ára. Að öllum líkindum er þetta kynslóðin sem mun vinna störf sem enn á eftir að finna upp og yngra hollíð á jafnvel aldrei eftir að setjast undir stýri á bensínknúnum bíl, ef þau sem því tilheyra þurfa þá yfirleitt að hafa fyrir því að taka bílpróf því þetta verður mögulega allt rafknúíð og fjarstýrt. Hvort þau muni tala svipaða íslensku og forfedurnir verður einnig stór spurning og svo er það þetta með ímyndunaraflíð sem eitthvað þarf að ræða

sérstaklega en greinarhöfundur skilst að í elstu deildum leikskóla landsins sé nú sérstakt átak í að ræsa það upp hjá börnunum. Þessi iPad- og snjallsímakríli eru svo vön að fá allt matreitt ofan í sig í myndum að þau eiga í mesta basli með að sjá atburðarásina fyrir sér þegar sögur eru lesnar fyrir þau úr bókum. Ef satt reynist þá held ég að áhyggjufullu kverúlantarnir sem ég nefndi í upphafi gætu mögulega þurft að skála í kampavíni frá Schadenfreude eftir tuttugu ár því hvað verður um manneskjuna ef hún hefur ekkert ímyndunarafl? Ímyndunaraflíð og sköpunargáfan eru einmitt það sem aðgreinir okkur frá öðrum skepnum og ef við hefðum hvorugt ... innsög: Já, ímyndum okkur það!



# GEBILAR

## TOURINGCARS



SUBARU Forester. Árgerð 2016, ekinn 90 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.290.000.** Rnr.203292.



TOYOTA Avensis \*dísel\*. Árgerð 2003, ekinn 391 þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 480.000.** **100% LÁNAMÖGULEIKI**



JAGUAR F-pace \*prestige\*. Árgerð 2017, ekinn 8 þ.KM, dísel, SSK 8 gírar. **Verð 8.980.000.** Rnr.761630.



LAND ROVER Range rover EVOQUE hse. Árgerð 2016, ekinn 29 þ.KM, dísel, SSK 9 gírar. **TILBOÐ Verð 8.290.000.**



BMW 5 520d xdrive. Árgerð 2014, ekinn 59 þ.KM, dísel, SSK. **Verð 4.980.000.** Rnr.761627.



BMW X1 xdrive 18d. Árgerð 2016, ekinn 66 þ.KM, dísel, SSK 8 gírar. **Verð 4.280.000.** Rnr.761624.



NISSAN Qashqai tekna. Árgerð 2017, ekinn 16 þ.KM, dísel, SSK. **Verð 4.190.000.** Rnr.203386.



NISSAN X-trail acenta 4x4. Árgerð 2016, ekinn 40 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 4.090.000.** Rnr.203250.



NISSAN Qashqai tekna. Árgerð 2016, ekinn 15 þ.KM, dísel, SSK. **Verð 3.990.000.** Rnr.761579.



RENAULT Kadjar zen 4wd. Árgerð 2017, ekinn 30 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.890.000.** Rnr.203229.



RENAULT Talisman. Árgerð 2017, ekinn 31 þ.KM, dísel, SSK 6 gírar. **Verð 3.590.000.** Rnr.203414.



NISSAN Qashqai. Árgerð 2016, ekinn 71 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.390.000.** Rnr.761601.



RENAULT Kadjar \*zen 4wd\*. Árgerð 2016, ekinn 65 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.380.000.** Rnr.761623.



SUBARU Forester premium. Árgerð 2016, ekinn 86 þ.KM, dísel, SSK. **TILBOÐ Verð 3.290.000.**



RENAULT Talisman zen sport tourer. Árgerð 2017, ekinn 33 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.280.000.** Rnr.203243.



RENAULT Megane zen. Árgerð 2017, ekinn 29 þ.KM, dísel, SSK 6 gírar. **Verð 2.790.000.** Rnr.203201.



Bókaðu sól í næstu viku

# TENERIFE

## 2 FYRIR 1

Frá kr.  
**67.935**



**2 FYRIR**  
á flugsæti  
m/gistingu

**FLUGSÆTI**  
ÁÐUR KR.  
79.900  
NÚ KR.  
39.950

**BÓKAÐU SÓL**  
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,  
taska og handfarangur  
innifalið.



2 FYRIR

Suites at Hollywood Mirage

**Frá kr. 75.530 m/ekkert fæði innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 75.530 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 119.430 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.  
**14. mars í 10 nætur.**



2 FYRIR

Suites at the Beverly Heights

**Frá kr. 76.880 m/ekkert fæði innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 76.880 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 112.730 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.  
**14. mars í 10 nætur.**



2 FYRIR

Hotel Paradise Park

**Frá kr. 88.705 m/morgunmat innif.**  
Netverð á mann frá kr. 88.705 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 106.330 m.v. 2 fullorðna í herb.  
**14. mars í 10 nætur.**



2 FYRIR

H10 Conquistador

**Frá kr. 151.900 m/morgunmat innif.**  
Netverð á mann frá kr. 151.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 176.630 m.v. 2 fullorðna í herb.  
**14. mars í 10 nætur.**



2 FYRIR

Playa Real Resort

**Frá kr. 99.885 m/allt innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 99.885 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 124.335 m.v. 2 fullorðna í herb.  
**15. mars í 9 nætur.**



2 FYRIR

Suites at Hollywood Mirage

**Frá kr. 67.935 m/ekkert fæði innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 67.935 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 109.535 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.  
**15. mars í 9 nætur.**



2 FYRIR

Hotel Bahia Principe

**Frá kr. 121.635 m/allt innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 121.635 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 139.135 m.v. 2 fullorðna í herb.  
**15. mars í 9 nætur.**



2 FYRIR

H10 Las Palmeras

**Frá kr. 138.570 m/hálft innifalið**  
Netverð á mann frá kr. 138.570 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 161.035 m.v. 2 fullorðna í herb.  
**15. mars í 9 nætur.**

Þitt með fyrirvara um pænbollur. Heimsferðir áskilja sér rétt til breytinga á síku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEHM / SA - 1406983

# Eypór veit innst inni að hann er útvalinn af Guði

**G**uðmundur Örn Ragnarsson, prestur og þáttastjórnandi á Omega, hefur enn fulla trú á Eypóri Arnalds þrátt fyrir að Sjálfstæðismaðurinn hafi hálfpartinn hrist af sér bæði Guðmund og Guð í útvarpsþættinum Harmageddon. Áður hafði Eypór dásamað frelsarann og sagt Guð hafa gefið honum styrk til að fara í framboð. Bendir Guðmundur á í samtali við DV að Símon Pétur hafi í þrjú árin síðar hafi í þrjú árin síðar lagt grunn að kristni í heiminum. Það vakti gríðarlega athygli þegar myndbrot af Eypóri í viðtali á Omega var dreift á samfélags-

miðlum. Guðmundur Örn var viss um að Eypór væri útvalinn af Guði og telur að hann verði borgarstjóri, landsfaðir og forsætisráðherra og Guð má vita hvað! Orðrétt sagði Eypór Arnalds um framboð sitt: „Ég vonaði að einhver annar myndi gefa kost á sér, sem ég myndi treysta fyrir því. Og ég vissi að þetta væri mikið verk, þannig að ég bað Guð að gefa mér styrk að segja nei, því margir voru að biðja mig um að fara í þetta, en á endanum, þá fór það öðruvísi, og sagt er nú að vegir Guðs séu órannsaklegir, og hann, í rauninni kannski, vildi að þetta færi á

hinn veginn. Minn vilji fékk ekki að ráða. Og nú er ég hér.“ Segja má að Eypór hafi fengið fyrir ferðina á samfélagsmiðlum eftir viðtalið. Mætti hann síðar í Harmageddon og þegar hann var spurður hvort Guð hefði sagt honum að fara í framboð svaraði hann: „Nei, hann sagði það ekki. [...] Á sunnudegi vaknaði ég hugsaði með mér: „Guð minn góður, ég get ekki skuldað þessu fólki eitthvað. Ég ætla ekki að fara í pólitík og eiga undir svona fólki og var að tala við mig“. Það var það bænin, hún var ekki flóknari en þetta.“ Þegar þessar tvær útgáfur odd-

vitans sitja hlið við hlið mætta ætla að sitt hvor maðurinn sé að tala. En Guðmundur heldur tryggð við sinn mann og segir: „Þótt Eypór Arnalds svari stjórnendum Harmageddon á þann veg að í raun hafi það verið menn, en ekki Guð, sem komu honum í framboðið, þá trúir ég því, að hann viti innst inni að hann er útvalinn af Guði í þetta hlutverk. Hann talaði við Guð um þetta í bæn. Símon Pétur postuli var valinn af Jesú Kristi til að leiða kirkjuna, en samt afneitaði hann Jesú í þrjú árin síðar. Það var það bænin, hún var ekki flóknari en þetta.“ Þegar þessar tvær útgáfur odd-



vík og landinu öllu til mikillar blessunar. Í Rómverjabréfinu, 11. kafla og 29. versu stendur: „Guð iðrar ekki náðargjafa sinna og köllunar.“ ■



## Edrú í 23 ár

Tónlistarmaðurinn Pálmi Gunnarsson fagnaði því í vikunni að tuttugu og þrjú ár væru liðin frá því að hann sagði skilið við áfengi og vímuefni.

„Áratuga nær stöðug neysla áfengis og vímuefna með fylgjandi stjórnleysi var þá búin að naga vel af mér og lítið annað eftir en að moka yfir mig. Ég var lúsheppinn held ég, toppaði á hárréttum tíma eins og stundum er sagt, fékk annað tækifæri og fyrir það er ég afar þakklátur. Í dag lyfti ég bolla af svartbrenndu kaffi frá Eldu vinkonu minni á Hahíti og skála fyrir lífinu,“ sagði Pálmi á Facebook.



## Bókin á náttborði Ara

„Ég er að lesa bókina Red Rising sem er eftir Pierce Brown. Bókin er „sci-fi“ og fjallar um ungan mann sem er að berjast á móti óréttlátu framtíðarsamfélagi. 4,5 af 5 stjörnum“



BókAri!

Loki

### TILBOÐ Broil King

Gem 320  
8,8kW gasgrill.

**37.495**

50657519  
Almennt verð: 49.995

**25% afsláttur**  
til 14. mars



### weber



Q1200  
2,64kW gasgrill.

**33.985**

50650007

### TILBOÐ

GrillPro  
7,3kW gasgrill.

**22.495**

50657522  
Almennt verð: 29.995

**25% afsláttur**  
til 14. mars



Q2200  
3,51kW gasgrill á fótum.

**47.985**

50650003



Birt með fyrirvara um prentvillur og/öðru myndabrengi.

**Bás C42**

**Komdu í heimsókn á básinn okkar**

**Verk og vit 2018**

**8.-11. mars**  
Nýju Laugardalshöllinni

**20% afsláttur**  
til 19. mars

**TILBOÐ**

**Hjólsög**  
PKS 55, 1200W

**13.595**

74862054  
Almennt verð: 16.995

**BOSCH**

**20% afsláttur**  
til 19. mars

**TILBOÐ**

**Rafhlöðuborvél**  
PSR 14,4V Li, 2x2,5Ah.

**20.795**

74864116  
Almennt verð: 25.995

**Fræ, mold og saðbakkar**

**20% afsláttur**  
til 14. mars

**Mold**

Flúða Sáðmold

**ÖLL LJÓS 25% afsláttur**  
til 19. mars

**JKE**  
NORDIC KITCHEN DESIGN

**25% kynningar-afsláttur**  
til 31. mars

Auðvelt að versla á byko.is

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN